


Störf bankamanna fyrr og nú

# Mikilvæg undirstaða þjóðfélagsins



80

1935

2015

AFMÆLISRIT



## RITSTJÓRNARUPPLÝSINGAR

### EDITORIAL INFO

**ÚTGEFANDI:** SAMTÖK STARFSMANNA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA – SSF

**ÁBYRGÐARMAÐUR:** FRIDBERT TRAUSTASON, FORMAÐUR STJÓRNAR SSF.

**RITSTJÓRN:** ANDRÉS ERLINGSSON, 2. VARAFORMAÐUR STJÓRNAR SSF,  
GUÐNÝ S. MAGNÚSDÓTTIR, MEÐSTJÓRNANDI STJÓRNAR SSF, HILMAR VILBERG  
GYLFASON, FJÁRMÁLASTJÓRI SSF.

**RITSTJÓRI:** RAGNAR SIGURÐSSON.

**UMBROT:** BRYNJAR PÁLSSON.

**PRENTUN:** ODDI.

**UPPLAG:** 6.000 EINTÖK

**SKRIFSTOFA SSF:** NETHYL 2E, 2. HÆÐ, 110 REYKJAVÍK.

**Sími:** 540 6100 • **VEFUR:** WWW.SSF.IS • **NETFANG:** SSF@SSF.IS





## VERÐUR KJARASAMNINGUM SAGT UPP Í FEBRÚAR 2016?

FRIÐBERT TRAUSTASON, FORMAÐUR SSF, FJALLAR UM SAMNINGSFORSENDUR NÝGERÐS KJARASAMNINGS Í LEIÐARA BLAÐSINS.

- bls. 4 -




## SAGA SSF Í 80 ÁR

- bls. 5-19 -

### „BARÁTTUNNI ER HVERGI LOKIÐ“

FRIÐBERT TRAUSTASON, FORMAÐUR SSF, SEGIR AÐ ENN SÉ Á BRATTANN AÐ SÆKJA Í HEIMI SAMEININGAR OG HAGRÆÐINGAR OG AÐ ÝMIS KUNNUGLEG SJÓNARMÍÐ SKJÓTIST NÚ UPP Á YFIRBORÐIÐ ÞEGAR SÖLU BANKANNA OG AUKNA SAMEININGU BERI Á GÓMA. FRIÐBERT ER Í ÍTARLEGU VIÐTALI Í BLAÐINU ÞAR SEM FARIÐ ER YFIR FORMANNSTÍÐ HANS, PERSÓNUNA, FRAMTÍÐ SSF OG FYRIRÆTLAN HANS Á NÆSTA ÞINGI SSF, SEM HALDIÐ VERÐUR Í MARS Á NÆSTA ÁRI.

- bls. 17-19 -



### „ÆTLAR KERLINGIN EKKERT AÐ FARA AÐ KOMA SÉR HÉÐAN ÚT“

VIÐTAL VIÐ LOVÍSU SÍMÓNARDÓTTUR, FYRRVERANDI STARFSMANN BYGGÐASTOFNUNAR, UM BYGGÐASTOFNUN, STARFSLOKIN, EFTIRLAUNAÁRIN OG SSF.

- bls. 20 - 21 -



### HÆTTUR EFTIR 47 ÁRA STARF Í BANKAÞJÓNUSTU

VIÐTAL VIÐ JÓHANN JÓHANNSSON, FYRRVERANDI STARFSMANN ÍSLANDBANKA Á AKUREYRI, SEM LÉT NÝVERIÐ AF STÖRFUM VEGNA ALDURS EFTIR UM 47 ÁRA STARFSFERIL Í BANKAGEIRANUM.

- bls. 26 - 27 -

### KAPPHLAUP UM SNJALLSÍMAGREIÐSLUR

„AÐEINS EITT AF 1000 FYRIRTÆKJUM SEM ÞJÓÐA UPPÁ GREIÐSLULAUSNIR FYRIR SNJALLTÆKI MUN NÁ ÁRANGRI. SNJALLSÍMAGREIÐSLUR VERÐA EKKI VERULEGUR HLUTI GREIÐSLNA FYRR EN KOMIÐ VERÐUR Á SAMEIGINLEGU KERFI FYRIR SNJALLGREIÐSLUR ÓHÁÐ ÞVÍ HVAÐA BANKI Á Í HLUT, HVAÐA SNJALLTÆKI ER NOTAST VIÐ OG Á HVAÐA TÆKNILEGU LAUSN ER BYGGT“, SEGIR TOM SCHARNING, FRAMKVÆMDASTJÓRI UPPLÝSINGATÆKNIÞJÓNUSTUDEILDAR HJÁ GREIÐSLUMIÐLUNARFYRIRTÆKINU NETS Í NÖREGI.

- bls. 38 - 39 -

### EITT MERKASTA ÚTIBÚ LANDSINS

SSF HEIMSÓTTI ÚTIBÚ SPARISJÓÐS STRANDAMANNA Í NORÐURFIRÐI FYRR Á ÁRINU. ÚTIBÚIÐ Á SÉR AFAR MERKILEGA SÖGU, ÞAÐ TELST TIL AFSKEKKTUSTU ÚTIBÚA LANDSMANNA, OG REKSTUR OG STARFSEMI ÞESS HEFUR VERIÐ INNAN SÖMU FJÓLSKYLDUNNAR LENGSTAN TÍMA SÖGU ÞESS. VIÐ HEIMSÓTTUM ÞÓRÓLF GUÐFINNSSON, EINA STARFSMANN ÚTIBÚSINS, OG MÓÐUR HANS ÁGÚSTU SVEINSBJÖRNSDÓTTUR EN HÚN VAR ELSTI FÉLAGSMAÐUR SSF ÞAR TIL FYRIR UM ÁRI SÍÐAN ER HÚN HÆTTI AÐ LEYSA AF SEM GJALDKERI ÚTIBÚSINS EFTIR LANGAN OG MERKAN STARFSALDUR.

- bls. 42 - 43 -

## Um SSF

SAMTÖK STARFSMANNA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA — SKAMMSTAFIÐ SSF ER STÉTTARFÉLAG STARFSMANNA Í BÖNKUM, SPARISJÓÐUM OG FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJUM. MEGINÁHERSLUR SAMTAKANNA Hafa frá upphafi verið á kjör og starfsumhverfi félagsmanna og hefur SSF verið í framvarðarsveit íslenskra stéttarféлага við að ná fram ýmsum réttindum fyrir félagsmenn sína. Þótt margt hafi áunnist í kjaramálum félagsmanna eru enn fjölmörg viðfangsefni framundan.

**STÖNDUM SAMAN, HÖLDUM ÁFRAM Á SÖMU BRAUT OG TÖKUM VIRKAN ÞÁTT Í AÐ MÓTA FRAMTÍÐ OKKAR.**



# VERÐUR KJARASAMNINGUM SAGT UPP Í FEBRÚAR 2016?

TILRAUNIN SEM GERÐ VAR MEÐ UNDIRRITUN KJARASAMNINGA Á ALMENNUM VINNUMARKAÐI GEKK EKKI UPP. Ríki og sveitarfélög eru ekki þátttakendur í tilrauninni, ásamt því að Gerðardómur og Kjaradómur hækkuðu laun allra launahópa, sem þeir úrskurðu um, um 9-10% á fyrsta samningsárinu, en meðallaun á almennum vinnumarkaði hækkuðu um 5,5 – 6,0%. Þannig hafa ríki og sveitarfélög samið um (eða verið dæmd til) að hækka laun opinberra starfsmanna um c.a. 3,5% umfram hækkun almenna markaðarins.

## Í samningsforsendum kjarasamninga félaga innan ASÍ, sem SSF byggir einnig á segir:

„Kjarasamningur þessi byggir á þremur meginforsendum sem eru að kaupmáttur launa aukist á samningstímanum, að launastefna hans verði stefnumótandi fyrir aðra kjarasamningagerð og að fullar efnidir verði á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við samninginn.“ Nánar segir um lið 2: „Í febrúar 2016 skal nefndin meta hvort sú launastefna og þær launahækkningar sem í samningnum felast hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði. Nefndin skal tilkynna fyrir lok febrúar 2016 hvort sú forsenda hafi staðist.“

Það er öllum ljóst að þessi forsenda heldur ekki og útilokað annað en að fyrirtæki á almennum markaði, þ.m.t. fjármálafyrirtækin, hækki laun umfram ákvæði kjarasamninga eða semji um einhverja aðra kjarabót, t.d. hærra framlag í lífeyrissjóði.

Þegar kjarasamningarnir á almenna markaðnum voru gerðir var öllum ljóst að læknar og kennarar höfðu þá þegar fengið meiri launahækkningar en tókst að semja um á almenna markaðinum. Samningsaðilar vissu hins vegar ekki af þeim vilja ríkis og bæjarfélaga



að hækka alla starfsmenn hins opinbera um sömu prósentu og lægst launaði hópur á almenna markaðnum fékk í maí 2015.

**Í kjarasamningi SSF segir um forsendur kjarasamnings:** „Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningum skal samþæfleg breyting gilda um þennan samning. Komi til þess að kjarasamningum á almennum vinnumarkaði verði almennt sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Fellur samningurinn þá úr gildi frá lokum apríl 2016 m.v. tilkynningu fyrir kl. 16:00 þann 28. febrúar 2016.“

Það kemur því í ljós í lok febrúar 2016 hvort samningarnir falla úr gildi.

Að lokum vil ég þakka öllum félagsmönnum SSF fyrir samstarfið á árinu sem er senn að líða, allan þann stuðning og áhuga sem okkur í stjórn og á skrifstofu hefur verið sýndur. Ég vona að þið njótið þessa afmælisblaðs sem og adventunnar og þess tíma sem nú er að ganga í garð. Yfir hátíðirnar er mikilvægt að muna að það er tími samverunnar með fjölskyldu, vinum og kunningjum. Jafnframt er þetta tími samhugar og kærleiks og í öllu amstrinu má ekki gleyma því hve gjöfult og gott það er að hlúa að þeim sem minna mega sín í þjóðfélaginu.

Hátíðar- og afmælisveðjur  
Friðbert Traustason

## VIÐ ERUM Á FACEBOOK

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja eru á Facebook. Við höfum stofnað Facebook síðu þar sem að við munum flytja fréttir af starfi samtakanna, birta myndir úr starfinu og segja frá því sem er í deiglu. Sláðu í hóp með okkur á Facebook og fylgstu með því sem er að gerast. Það sem þú þarft að gera er að slá Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja í leitarstreng Facebook og „læka“ við síðuna.



## MÍNAR SÍÐUR OG NÝTT TÖLVUKERFI SSF

FYRIR UM ÁRI SÍÐAN VORU „MÍNAR SÍÐUR“ TEKNAR Í GAGNIÐ HJÁ SSF. „Mínar síður“ er rafræn gátt fyrir félagsmenn þar sem sótt er um styrki og hægt að fylgjast með framvindu umsókna. Með tilkomu síðunnar urðu umsóknir aðgengilegri fyrir félagsmenn og úthlutunin auðveldari. Félagsmenn SSF hafa nýtt sér þennan þjónustuvælmöguleika vel og fer nú megnið af umsóknum þar í gegn.

Hægt er að nálgast „Mínar síður“ ásamt leiðbeiningum um notkun þeirra á vefslóðinni <http://minarsidur.ssf.is/login.php>

og/eða <http://www.ssf.is/styrktarsjodur-2/592-2/>. Samhliða því að farið var í að hanna og setja upp Mínar síður hefur verið unnið að gagngerum breytingum á tölvukerfi SSF sem hefur falið í sér uppsetningu og innleiðingu á nýju tölvukerfi sem heldur utan um öll fjármál samtakanna, bókhald, laun, úthlutun styrkja, fundargerðir o.fl.

Nýja tölvukerfið hefur haft í för með sér verulega vinnuhagræðingu sem og aukin þægindi fyrir félagsmenn.



# ÚR FRJÓUM JARÐVEGI

– 1935-1945 –

FJÓRÐI ÁRATUGURINN VAR MIKIÐ VAKNINGARTÍMABIL Í ÍSLENSKU ÞJÓDLÍFI. Gróska ríkti á menningarsviðinu og efnahagur landsins tók að reisa við í kjölfar heimskreppunnar. Samfara aukinni velmegun bast launafólk fastari böndum og sótti fram til aukinna réttinda. Íslenskir bankamenn voru þar engin undantekning.

Það var í þessum frjóa jarðvegi sem Samband íslenskra bankamanna skaut rótum í ársbyrjun 1935. Stofnunin átti sér nokkurn aðdraganda því forráðamenn starfsmannafélags Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands komu saman til tveggja funda haustið 1934. Sjálfur stofnfundurinn var svo haldinn 30. janúar 1935. Forseti var kjörinn Haraldur Johannessen og með honum í stjórn þeir Franz E. Andersen, Baldur Sveinsson, Einvarður Hallvarðsson og Elís Halldórsson. Stofnfélagar voru 75 starfsmenn Landsbankans og 53 starfsmenn Útvegsbankans.

## HAFIST HANDA

Rúmlega viku eftir stofnfundinn kom nýkjörin stjórn saman til síns fyrsta fundar. Þar var nánari verkaskipting ákveðin og markmið sett. Var m.a. fastmælum bundið að birta frétt um stofnun sambandsins í útvarpinu og að fara þess á leit við starfsmannafélögin að þau greiði eina krónu af hverjum félagsmanni upp í starfskostnað SÍB. Einnig hófust menn handa um undirbúning árhátíðar er haldin skyldi um vorið og hugað að stofnun blaðs bankamanna. Bankablaðið sá dagsins ljós í júlí 1935. Í ávarpi sambandsstjórnar á forsíðu segir m.a.:

„Þetta fyrsta blað, sem gefið er út til reynslu, verður ekki selt heldur sent öllum sambandsfélögum ókeypis. Um það, hvort blaðið kemur út eftirleidis eða hve oft, er ekki hægt að segja að svo stöddu. Það fer eftir undirtekningum og áhuga sambandsfélaga. En stjórn sambandsins væntir þess, að allir, sem hlut eiga að máli, bregðist þannig við að hægt verði að halda útgáfunni áfram. Til þess að svo megi verða, þarf hver og einn að leggja fram sinn skerf.“

Í þessu fyrsta tölublaði kemur einnig fram að nafnið Bankablaðið hafi einungis verið valið til bráðabirgða og þess farið á leit við bankamenn að þeir sendi inn tillögur að framtíðarnafni. Ekki verður séð hvort bankamenn hafi almennt svarað því kalli en hitt vitum við að þetta nafn festist við blaðið til langframa.

## BAKARI EÐA BANKAMAÐUR?

Strax á fyrsta sumri hins nýstofnaða sambands bankamanna kom til kasta þess þegar bakari nokkur á Ísafirði var ráðinn í starf gjaldkera Útvegsbankans þar, en gengið framhjá öðrum umsækjanda, Adolfi

Björnssyni, manni sem hafði góða menntun og reynslu af bankastörfum. Þess má geta að bakarinn var framámaður í stjórnmalaflokki einum, bæjarfulltrúi með meiru. Um sömu mundir var stöðu útibússtjóra Útvegsbankans á Akureyri ráðstafað gegn vilja starfsmannafélags bankans sem mælti eindregið með Svanbirni Frímanssyni, sem þá var gjaldkeri bankans á Akureyri.

Af þessu tilefni birtist grein í Bankablaðinu undir dulnefninu ACBA. Þar segir m.a.:

„...barst Félagi starfsmanna Útvegsbanka Íslands h.f. einnig nokkurs konar gjöf frá Útvegsbankanum eða réttara sagt „ofanígjöf“ þar sem



um veitingu gjaldkerastöðunnar á Ísafirði er að ræða. Bankastjórar þessa banka, eða að minnsta kosti tveir þeirra, hafa tvímælalaust staðfest, að ekki sé nokkurs virði að menn séu að eyða tíma og fé til að þroska og þjálfa sig til bankastarfs. Slíkt sé tóm endileysa. Þeir menn séu miklu færari, sem t.d. stæli puttana við prentverk, þjálfi andann við brauðhnoð eða skerpi „útsjónuna á skipsfjölni eða því um líkt.“

## RÍGUR MILLI BANKAMANNA

Strax á fyrstu árunum varð vart nokkurs konar togstreitu milli sambandsmannafélaga Útvegsbankans og Landsbankans. Hamlaði þetta nokkuð starfsemi SÍB því öll meiri háttar mál þess náðu ekki fram að ganga nema fundir starfsmannafélaga bankanna samþykktu þau. Gilti þetta t.d. um eftirlaunasjóðsmál og hugmyndir um stofnun sjúkratrygginga bankamanna, en hvort tveggja vafðist nokkuð fyrir mönnum.

Á fyrsta reglulega aðalfundi SÍB sem haldinn var 17. febrúar 1936 kom til ágreinings um kjör meðstjórnenda. Forseti, Haraldur Johannessen, hafði einróma verið endurkjörinn en hann hafði gefið kost á sér með því skilyrði að fyrri stjórn sæti áfram. Þegar kom að kosningu meðstjórnenda komu fram tveir listar. Lýsti Haraldur því þá yfir að hann tæki ekki kjöri. Var fundi slitið við svo búið en framboðsfundur boðaðir viku síðar. Þar var Einvarður Hallvarðsson kosinn forseti og með honum í stjórn þeir F.A. Andersen, Elías Halldórsson, Haukur Þorleifsson og Björn Björnsson. Á þessum sama fundi var Starfsmannafélag Búnaðarbanka Íslands boðið velkommið í SÍB.



Forsíða 4. tbl. fyrsta árgangs bankablaðsins.



Fyrsti formaður samtakanna; Haraldur Johannessen.





## NORRÆN SAMVINNA

Fulltrúar SÍB fóru í fyrsta sinn á mót norrænna bankamanna vorið 1937. Var það haldið í Stokkhólmi í boði Sænska bankamannasambandsins sem þá hélt jafnframt upp á 50 ára afmæli sitt. Frá Íslandi fóru þeir Haukur Helgason og Þorgeir Ingvarsson. Fyrsti fundurinn hér á landi í þessi samstarfi Norðurlandanna var haldinn í Reykjavík árið 1949.

Fram að þessu höfðu hinir norrænu fundir verið skipaðir fulltrúum einstakra landssambanda en árið 1952 kom fram tillaga þess efnis að skipulaginu yrði breytt þannig að í stað fulltrúafundanna yrði stofnað norrænt samband bankamanna. Gekk það eftir og Norræna bankamannasambandið, NBU, var stofnað 24. ágúst 1953. Hefur það starfað æ síðan og einkum unnið að kjaramálum bankamanna, fræðslu- og kynningarmálum og á vegum þess starfa ýmsar fastanefndir. Frá 1964 hefur SÍB átt fastafulltrúa í stjórn NBU.



## JAKKAR OG SVUNTUR

Í 1. tbl. Bankablaðsins árið 1938 er þessa klausu að finna:

„Fyrir nokkrum árum mun það hafa verið ákveðið að Landsbankinn léti starfsmönnum sínum í té vinnujakka og svuntur, eftir því sem við ætti í hverju tilfelli. Kvenfólkið er fyrir óratíma búið að fá sínar svuntur, en ekki bólar á jökkum handa karlmönnum. „Damerne først“ var svo sem sjálfsagt en það réttlætir ekki tómlætið í garð karlmanna. Vonandi verður þó bætt úr þessu bráðlega.

Einnig virðist engin meining í því, að gera upp á milli dyravarða Landsbankans og láta aðeins einn þeirra hafa einkennisföt. Þessir dróttsetar banks þurfa á einhvern hátt að skera sig út úr, til þæginda fyrir viðskiptavinum banksins. Sama er og með sendla og sendimenn banksins. Mál þetta hefur verið látið afskiptalaust alltof lengi og vil ég því skora á þá, sem hlut eiga að máli, að sjá um skjótar framkvæmdir. – Einn á skyrtunni.“

## KAUPFÉLAGSSTJÓRARNIR KOMA



Hannes Jónsson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri Vestur – Húsvetninga og alþingismaður. Hann starfaði jafnframt við endurskoðun hjá Landsbankanum.

kaupfélagsstjóra nokkrum, en sá hafi verið nógu hreinskilinn til að segjast ekki álíta sig færan til þess að taka við stöðunni og neitað því algjörlega. – Skyldi finnast annar í staðinn!“

## HUGMYND UM BANKAMANNASKÓLA

Menntunarmál bankamanna voru ofarlega á baugi í umræðunni á fyrstu árum SÍB. Sveinn Þórðarson skrifaði grein í Bankablaðið í

október 1938 en þá mun hugmynd að stofnun bankamannaskóla fyrst hafa verið hreyft þar. Allnokkrar greinar voru skrifaðar um málið á næstu árum og um það fjallað á þingum SÍB. Skóli bankamanna varð þó ekki að veruleika fyrr en í lok sjötta áratugarins.

## HUGAÐ AÐ BYGGINGARMÁLUM

Húsnæðisekla var mikil á fjórða áratugnum og raunar mun lengur en það. Innan SÍB komu strax fram raddir um stofnun byggingarfélags bankamanna og að því kom í janúar 1942 að sambandið fékk svar frá borgaryfirvöldum í Reykjavík varðandi umsókn um lóðir á Melunum, vestan Suðurgötu. Synjaði bæjarráð erindinu að svo stöddu á þeim forsendum að ekki væri búið að skipuleggja svæðið. Styrjöldin og dýrtíð sem henni fylgdi svæfði byggingarmálið um sinn. Byggingarfélag bankamanna var svo stofnað 6. október 1944 og var Jón Grímsson kjörinn fyrsti formaður þess. Hafði það m.a. forgöngu um innflutning hinna svokölluðu sænsku húsa í Vogahverfinu í Reykjavík að lokinni styrjöldinni.

Þrátt fyrir dýrtíðina mátti sjá að styrjöldinni fylgdu veltiár og mikill uppgangur sem sést m.a. á því að auglýsingasiður 1. tbl. Bankablaðsins árið 1942 voru 54 talsins en efnissíður aðeins 32!



## SNÚIST TIL VARNAR

Menntunar- og menningarmál bankamanna voru helstu viðfangsefni SÍB fyrsta áratuginn. Haldin voru fræðslukvöld, keppt í skák, efnt til árhátíða og knattspyrnukeppni þar sem barist var um „Silfurvíxilin“, glæsilegan silfurskjöld sem Bankablaðið gaf út árið 1937.

Eiginleg kjaramál komust fyrst á dagskrá þegar sambandið mótmælti harðlega dýrtíðarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar vorið 1943. Þar segir m.a.:

„Stríðsgróðinn hefir nær allur fallið í hlut annarra stétta og þá fyrst og fremst atvinnurekenda í útgerð og verslun, án þess að hægt sé að færa fram nein rök fyrir því, að þeir hafi frekar til þess unnið en launþegar og aðrar afskiptar stéttir þjóðfélagsins.“



Hér kveður við nokkuð annan og hvassari tón en áður. Krafan um samræmd kjör á milli bankanna komust og á dagskrá en á þessum árum ákváðu bankaráðin einhliða kjör starfsmanna. Það leið ríflega áratugur áður en SÍB kom beint að undirbúningi reglugerðar um störf og launakjör allra bankamanna sem gefin var út árið 1956. Fleiri slíkar fylgdu í kjölfarið og reyndust þær vera undanfari kjarasamninga á milli aðila upp úr miðjum áttunda áratugnum.



# VELTIÁR AÐ LOKNU STRÍÐI

– 1945-1955 –

**HAUSTIÐ 1945 ÁTTI LANDSBANKI ÍSLANDS 60 ÁRA AFMÆLI OG ER ÞESS AÐ NOKKRU GETIÐ Í BANKABLAÐINU ÞAÐ ÁR.** Í grein eftir Klemens Tryggvason kemur m.a. fram að mjög lítil fjölgun hafi orðið í starfslíði bankans áratuginn á undan þrátt fyrir stóraukin umsvif. Starfsmenn Landsbankans árið 1945 voru aðeins 87 talsins en þá hafði útibúum fjölgað og gjaldeyriseftirlitsdeild og hagfræðideild verið settar á stofn. Í tilefni af afmælinu ákvað bankaráðið að gefa 50.000 kr. í námssjóð starfsmanna er hafði verið stofnaður áratug áður. Þá var einnig ákveðið að innrétta efsta loft bankahússins sem samkomusal fyrir starfsmenn. Af ýmsum ástæðum varð þó ekki úr framkvæmdum fyrr en sumarið 1950.



Myndatexti: Landsbankinn studdi vel við bakið á sínu fólki og m.a. var innréttaður salur á efsta lofti aðalbankans í Reykjavík.

## SKILNINGUR – RÉTTLÆTI – VÍÐSÝNI

Með vísan í þessi hugtök þakkar frú Sigríður Brynjólfsdóttir yfirmönnum Landsbankans aukna upphefð kvenna í bankanum og öra þróun í átt til jafnræðis í launamálum á við karlana. Hún ræðir kröfur Landsbankakvenna um sömu laun fyrir sömu vinnu og segir í grein í Bankablaðinu árið 1947:

„Höfum við nú fengið þessar óskir okkar uppfylltar þannig, að laun flestra okkar eldri hafa verið færð til samræmis við laun karlmanna og vonum við að hér verði ekki staðar numið. Einnig hefur ein okkar verið skipuð fulltrúi...“

„ÉG SÉ ÞIG...“

Halldór Stefánsson, sá ágæti rithöfundur og starfsmaður Landsbankans, slær á léttari strengi og birtir í þessu sama hefti ljóðið Skrifstofustúlka. Síðasta erindið er á þessa leið:

Ég sé inn um gluggann þinn, á hvíta fagra fingur þú fengið hefur blekklessu, ég veit það ergir þig. Ég vorkenni þér innilega og vil þig láta kyssa, því kannski varstu þá að skrifa reikninginn á mig.

## FULLTRÚARÁÐ TEKUR VIÐ

Fljótlega eftir stofnun SÍB fóru að koma fram annmarkar á því fyrirkomulagi að sambandið skyldi vera sameiginlegt starfsmannafélagi þeirra tveggja banka sem í upphafi áttu hlut að máli. Þegar kom fram á eftirstrísársárin hafði þeim svo fjölgað í ellefu og því óhægt um vik að halda svo fjölmenna fundi. Varð því að ráði að SÍB var breytt í fulltrúaráð starfsmannafélaganna á aðalfundi haustið 1948 og jafnframt að félögin kysu einn fulltrúa fyrir hverja tíu félagsmenn.

„EINS OG KÝR Í FJÓSI“

Höfuðborgin þandist mjög út á stríðsárunum og hélt sú þróun áfram eftir að kom fram á síðari hluta fimmta áratugarins. Ein afleiðingin varð sú að frá stjórnarráðinu bárust þau tilmæli að bankarnir tækju upp rekstur mötuneytis þar sem starfsmenn hefðu ekki tíma til að ganga til síns heima í hádeginu. Um þetta voru að vonum skiptar skoðanir og Guðmundur R. Ólafsson skrifar í 1. tbl. Bankablaðsins 1948:

„Ég tel það vafalaust í verkahring landlæknis ef honum er skýrt frá þessu máli, að vara við því að byrgja starfsfólkið inni í vinnustofunum allan daginn, eins og kýr í fjósi, án nauðsynlegrar útigöngu um miðjan daginn. Væri fróðlegt að leita álits landlæknis og læknadeildar Háskólans á áhrifum þess að heilsu starfsmanna.“

Þrátt fyrir andmæli Guðmundar og eflaust margra fleiri bankamanna varð þróunin sem kunnugt er sú að mötuneytin spruttu upp í bönkunum – og starfsmenn urðu af hressingargöngu í hádeginu.

## SÆNSKU HÚSIN RÍSA

Eftir að Byggingarsamvinnufélag bankamanna í Reykjavík hóf starfsemi risu hin svokölluðu „sænsku hús“ af grunni eftir að ófriðnum lauk. Um var að ræða tilsniðin hús frá Svíþjóð og því byggingartíminn stuttur. Bankarnir reyndu að hlaupa undir bagga með byggjendum og m.a. veitti Búnaðarbankinn starfsmönnum sínum hagstæð lán til 35 ára á 5,7% vöxtum. Síðar opnuðust frekari möguleikar til fjármögnunar húsa bankamanna því að eftirlaunasjóðir hófu að veita lán til íbúðabygginga. Mestur þróttur var í Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna Landsbankans er var stofnað 1949 og byggði allmargar íbúðir á næstu árum.



Mikill húsnæðisskortur var í Reykjavík fyrir styrjöldina. Hér leggja starfsmenn hitaveitulagnir árið 1945. Mynd: Orkuveita Reykjavíkur. www.or.is





## DÝRTÍÐIN EINS OG ÓFRESKJA

Verðbólga magnaðist mjög þegar líða tók að lokum fimmta áratugarins og kaupmáttur launa minnkaði ár frá ári. Bjarni G. Magnússon, ritstjóri Bankablaðsins skrifar grein í lokahefti ársins 1948:

„Þeir sem stjórna verða að gera sér ljóst, að ekki er hægt að una til lengdar, að kjör almennings séu skert, en alls konar óhóf og eyðsla skipar öndvegi hjá hinu opinbera. Það fyrirheit, sem gefið var á sínum tíma, þegar vísitalan var bundin, um að verðlag færi ekki hækkandi og kaupmáttur launanna yrði aukinn, hefur því miður ekki enn orðið að veruleika.“



## BANKATÚR ÚTVEGSBANKANS

Starfsmenn Útvegsbankans gerðu sér glaðan dag 25. júní 1949 en þá var farin hópfor þeirra um Krísvíkurveg og m.a. áð í Herdísarvík þar sem menn snæddu kost sinn „í bílunum eða úti undir berum himni“ eins og segir í stuttri klausu. Í lok hennar segir á þessa leið:

„Veður er ekki sem best, en þrátt fyrir það var glatt á hjalla og fólkið skemmti sér konunglega. Jók það á ánægju manna að bankastjórar voru allir með í förinni.“

## LEIKARAR Í BANKAMANNASTÉTT

Þjóðleikhúsið var vígt árið 1950 og af því tilefni var rifjað upp í Bankablaðinu hversu margir leikarar væru í stétt bankamanna. Í ljós kemur að margir af helstu leikurum þjóðarinnar reyndust vera í hópnum og eru m.a. nefndir til sögunnar þeir Jens B. Waage og sonur hans Indriði Waage, Þorsteinn Jónsson, Einar Viðar, Jakob Möller, Ragnar E. Kvaran, Brynjólfur Jóhannesson, Valur Gíslason, Pétur Pétursson, Steindór Hjörleifsson, Sigfús Halldórsson og Indriði Einarsson.

## BÖNKUNUM FJÖLGAR

Sunnudaginn 26. október 1952 var stofnfundur fjórða viðskiptabankans, Iðnaðarbankans, haldinn í Oddfellowhúsinu í Reykjavík en áður voru starfandi Landsbankinn, Útvegsbankinn



Frá starfstíð Iðnaðarbankans; Styrkafhending frá starfsmönnum Iðnaðarbankans.

og Búnaðarbankinn auk Framkvæmdabankans. Á fundinum var kosið fimm manna bankaráð en formlega hóf bankinn starfsemi að Lækjargötu 2 hinn 25. júní árið eftir.

Í tengslum við stofnfundinn var rætt um að sameina hinn nýja

banka Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Þau áform urðu sem kunnugt er ekki að veruleika og róid á önnur mið í þeim efnum.

Fleiri bankar fylgdu svo í kjölfarið: Starfsemi Seðlabankans var aðskilin frá Landsbankanum 1961, Verslunarbankinn var stofnaður 1961, Samvinnubankinn 1963 og Alþýðubankinn 1970, auk sparisjóðanna er fjölgaði ár frá ári.

## FJÖRUGT ÍÞRÓTTALÍF



Bankamenn hafa ávallt iðkað íþróttir mikið og gildir það jafnt um listina að keppa til sigurs á andlegu sviði jafnt sem líkamlegu. Starfsmannafélög bankanna mynduðu snemma með sér knattspyrnufélög, skáklúbba og ferðafélög sem skipulögðu bankatúrana víðfrægu.

Ekki er hægt að telja upp öll nöfn afreksmanna á íþróttasviðinu hér en þó má nefna nöfn Ara Guðmundssonar, Helga Eiríkssonar, Björns Tryggvasonar,

Guðmundar Gíslasonar, Svavars Markússonar, Þórðar B. Sigurðssonar, Jóhanns Arnar Sigurjónssonar og Margeirs Péturssonar.



## ÚR BANKA Í FORSETASTÓL


Ásgeir Ásgeirsson var sem kunnugt er kjörinn forseti Íslands árið 1952 en hann hafði þá um þrettán ára skeið gegnt starfi bankastjóra Útvegsbanka Íslands. Skömmu áður en hann tók við hinu nýja embætti var honum haldið veglegt kveðjusamsæti í bankanum og við það tækifæri sagði Adolf Björnsson, formaður starfsmannafélagsins m.a. þetta:

„Ásgeir Ásgeirsson kom hingað flestum persónulega ókunnugur, en í ljós kom brátt hvern mann hann hafði að geyma, góðan og göfugan dreng, sem frá upphafi veru sinnar hér í bankanum hefir verið vaxandi í hugum okkar.“



Ásgeir Ásgeirsson, forseti, undirritar eiddaf við innsetningu árið 1960. [www.forseti.is](http://www.forseti.is).





# DRAUMARNIR RÆTAST

– 1955-1965 –

ÁRIÐ 1955 VAR TÍMAMÓTAÁR Í ÍSLENSKRI BANKASÖGU ÞVÍ ÞÁ VARD BANKABLAÐIÐ OG SÍB 20 ÁRA, LANDSBANKI ÍSLANDS 70 ÁRA, ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS 25 ÁRA OG BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS 25 ÁRA.

Útgáfa Bankablaðsins þessi tuttugu fyrstu ár þess reyndist brösótt á köflum en það kom þó að jafnaði út tvisvar til fjórum sinnum á ári. Ritnefnd stýrði blaðinu framan af en að því kom að Þorsteinn Jónsson úr Landsbankanum var ráðinn fyrsti ritstjóri Bankablaðsins. Bjarni G. Magnússon, sem var ritstjóri blaðsins í 28 ár, segir í grein í afmælisblaðinu 1955:

„Bankablaðið er og verður sá vettvangur, sem líklegastur er að verði okkur drýgstur í baráttunni. Í gegnum það eigum við að kynna sjónarmið okkar, gera grein fyrir málefnum hverju sinni. Með hógværd og rökvisi. Samfara ákveðnum og réttmætum kröfum til betra og lífvænlegra lífs – betri starfsskilyrða – og aukinnar menntunar bankamanna – mun blaðið í framtíðinni sem hingað til verða bestur málsvari íslenskra bankamanna.“

I TRABANT

HVERT SEM LEIÐIN LIGGUR

TRABANT 601

TRABANT er þægilegur í akstri og öruggur.

## MEIRI ÍTÖK VIÐ SAMNINGSERÐ

Þegar Samband íslenskra bankamanna hélt upp á 20 ára afmælið árið 1955 voru félagar þess 300 talsins en höfðu verið 128 árið 1935.

Einvarður Hallvarðsson ræddi m.a. launamál í afmælishófinu og taldi eðlilegt að SÍB færi ekki með þann þátt heldur einstök starfsmannafélag bankanna, „enda virðist það eðlilegt, þegar þess er gætt, að hver banki hefur sínar sérreglur um þessi mál, sem framkvæmdar eru af stjórn hvers banka fyrir sig.“



Þetta viðhorf átti þó eftir að breytast innan SÍB því nú fóru í hönd tímar þar sem sambandið þróaðist hraðfluga í átt til þess að verða raunverulegt stéttarfélag bankamanna í landinu. Síðla árs 1956 settu bankarnir sameiginlega reglugerð um störf og launakjör bankamanna í kjölfar nýrra laga um laun starfsmanna ríkisins. Og þótt ekki sé tekið fram í reglugerðinni að hún sé afrakstur viðræðna við samtök bankamanna, litu þau svo á að SÍB hafi í raun verið viðurkennt sem samningsaðili að nokkru leyti.

## „ELEKTRONIC“ KEMUR TIL SÖGU

Í Bankablaðinu árið 1957 er viðtal við Ottó A. Michelsen og skýrir hann lesendum þar frá helstu nýjungum sem þá eru að ryðja sér til rúms í skrifstofutækni. Honum farast svo orð:

„Ég get ekki skilið svo við þetta, að ég minnst ekki á þá gleðilegu frétt, að nú er farið að nota „Electronic“ í rafrítvélar. Er það IBM sem ríður á vaðið og hefur sjálflesandi auga í sambandi við dálkafærslur. Þetta er að vísu nýlega komið á markaðinn en einmitt „Electronic“ á eftir að minnka vélarnar, gera þær hljóðari, fljótari og öruggari, en það er næsti áfanginn í skrifstofuvélatækinni.“



Óhætt er að segja að Ottó hafi þarna reynst sannspár þótt nokkur ár hafi átt eftir að líða uns tölvur urðu ómissandi í bönkum.

## AÐ BISA VIÐ BANKASTÖRFIN

Sverrir Thoroddsen, sem lengi starfaði í Útvegsbankanum, orti ljóðabálk um stúlkurnar í bankanum árið 1939 en birti í 25 ára afmælisriti ÚÍ árið 1958. Þar segir í fyrsta erindi:

„Í bankanum okkar búa sprund, sem bisa við að reikna út pund; þola hungur, þreyta sund, þenja sig á alla lund; aðrir sofa í morgunmund, matast á við smalahund; og allt er þetta af einni grund: Ekki eru pundin sterling. Þau eru frekar þeirra und. Þið getið spurt hann Erling!“



## SKÓLI BANKANNA SETTUR Á LAGGINAR

Eins og áður hefur komið fram höfðu forystumenn SÍB lengi haft áhuga á að koma á fót skóla fyrir íslenska bankamenn. Málinu var hreyft margsinnis en verulegur skriður komst ekki á málið fyrr en eftir að Jóhannesi Nordal, þá starfsmanni Landsbankans, var falið á félagsfundi í SÍB í september 1958, að semja álitserð og tillögur



um stofnun skóla fyrir bankamenn.

Í framhaldi af tillögum Jóhannesar komst skriður á málið og var skólinn stofnaður 13. apríl 1959. Töldust stofnaðilar vera SÍB, Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn.



Hlutafélagsbankarnir og Sparisjóðirnir gerðust aðilar að skólanum síðar, svo og Seðlabankinn, eftir að hann varð sjálfstæð stofnun.

Fyrstu árin var ávallt talað um Bankaskólann en að fáum árum liðnum festist heitið Bankamannaskólinn við stofnunina. Fyrsti skólastjóri Bankamannaskólans var ráðinn Gunnar H. Blöndal, fulltrúi í Búnaðarbanka.

### KJARASAMNINGAR Í FASTARA FORM

Kaflaskil urðu í sögu SÍB með undirritun nýrrar launareglugerðar í kjölfar viðræðna á milli bankanna og sambandsins í september árið 1963 en þar náðust verulegar kjarabætur fyrir bankamenn.

SÍB hafði vaxið fiskur um hrygg í lok sjötta áratugarins því á aðalfundi fulltrúaráðs í október 1959 var staðfest innganga starfsfólks Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og starfsmannafélaga Verslunarsparisjóðsins, Samvinnusparisjóðsins og Sparisjóðs Hafnarfjarðar.

Árið 1966 skipuðu bankarnir fasta samvinnunefnd af sinni hálfu til að sjá um kjarasamninga við sambandsstjórnina. Nokkur ár áttu þó eftir að líða þar til eiginlegir kjarasamningar voru teknir upp á milli aðila.



Austurstræti 1950 - 1960

### VERKFAÐI Í ÚTVEGSBANKA!

Mánudaginn 2. nóvember 1964 gerðust þau tíðindi að starfsmenn Útvegsbanka Íslands mættu ekki til vinnu í mótmælaskyni við þá ákvörðun bankaráðsins að ráða utanbankamann í stöðu útibússtjóra við bankann á Akureyri. Bankablaðið skýrir svo frá að þessar aðgerðir hafi ekki verið skipulagðar af félagsmálaforystu bankamanna heldur hafi hver og einn starfsmaður tekið þetta upp hjá sjálfum sér.

SÍB efndi þegar í stað til aukapings um málið en þrátt fyrir eindreginn stuðning frá öðru bankastarfsfólki við þessar aðstæður mætti bankastjórn Útvegsbankans aðgerðum starfsmanna sinna af fullri hörku. Var vinnustöðvunin kærð og dómur kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur 10. febrúar 1965 þar sem forystumenn starfsmanna voru sýknaðir. Ákærvaldið áfrýjaði málinu til

Hæstaréttar og þar var dóminum hnekk og stjórn Starfsmannafélags Útvegsbankans sektuð um 200 kr. á grundvelli laga um verkfall opinberra starfsmanna frá 1915.

### FIMM DAGA VINNUVIKU KRAFIST!

Bankamenn þurftu, eins og ýmsir aðrir íslenskir launamenn, lengi vel að setta sig við sex daga vinnuviku. Mörg ár liðu þar til bankamenn náðu fram ákvæðum um fimm daga vinnuviku.

Þessu máli er fyrst hreyft í Bankablaðinu árið 1964 af Tryggva Árnasyni er skrifar m.a. á þessa leið:

„Eitt mál mætti bera fram til umræðu og umsagnar í blaði okkar og síðan leggja það fullreifað fyrir samstarfsnefndina og það er framkvæmd fimm daga vinnuviku. Nú má búast við að ýmsir brosi góðlátlega og hugsi sem svo, að þetta þýði ekki að ræða. Því er til að svara að það er kominn tími til þess að bankamenn hætti að taka örökstutt nei sem svar.“

Talsverður skriður komst á þetta mál upp úr þessu og að því kom að laugardagsfrí var tekið upp sumarið 1965. Fyrst var um að ræða skiptivinnu í ýmsum deildum bankanna þannig að fólk fékk frí fjóra laugardaga á því sumri. Smám saman þróaðist málið og 1. mars 1970 gekk í gildi laugardagslokun í íslenskum bönkum allt árið.

Íþróttamenn í öllum löndum  
hressa sig á COCA-COLA

Þessi vinsælasti  
svaladrykkur veraldar  
gefur þægilega hressingu,  
sem eykur ánægjuna  
og gerir skapið  
léttara.

### LANGÞRÁÐUR DRAUMUR RÆTIST

Húsnæðisekla hafði háð störfum SÍB allt frá upphafi. Fundir voru ýmist haldnir í heimahúsum eða í einhverjum salarkynnum bankanna þegar fjölmenni var. Með vaxandi starfsemi og auknu hlutverki SÍB jókst þörf fyrir eigið húsnæði. Á aðalfundi fulltrúaráðsins í október 1961 var stjórn félagsins falið að útvega nú þegar húsnæði fyrir skrifstofu og blaðstjórn Bankablaðsins. Jafnframt kom fram sá vilji að félagið eignaðist eigið húsnæði og að sambandsfélögin leggðu fram sérstök framlög í húsbýggingarsjóð.

Í apríl 1965 var samið um kaup á efstu hæð hússins að Laugarvegi 103, en hún var 200 fermetrar að flatarmáli. Þetta glæsilega húsnæði var svo vígt 3. október 1966 en starfsemi SÍB þar hófst svo 1. nóvember árið eftir og var Sigurður Guttormsson ráðinn starfsmaður í hlutastarfi. Þá leigði Bankamannaskólinn hluta af húsnæði SÍB og fór vel um þessa aðila undir sama þaki.





# FRÆÐSLUMÁL Í FYRIRRÚMI

– 1965-1975 –

**ÁRIÐ 1966 HÓFU LANDSBANKAMENN AÐ REISA SUMARHÚS VIÐ SELVÍK VIÐ ÁLFTAVATN Í GRÍMSNESI EN FSLÍ HAFÐI KEYPT LANDIÐ ÁRIÐ 1962 FYRIR FORGÖNGU ÞÁVERANDI FORMANNS ÞESS, VILHJÁLMS LÚÐVÍKSSONAR.**

Um var að ræða tíu innflutt hús frá Finnlandi sem voru tilbúin til notkunar strax árið 1966 og nutu 290 starfsmenn Landsbankans ánægulegrar dvalar með fjölskyldum sínum þá um sumarið. Árið



Selvík hefur reynt sannkallaður salureitur. Mynd: Mats Wibe Lund.

1970 var keypt viðbótarland og risu fjölmörg innlend hús á landinu í tímans rás. Má því segja að nokkur byggðakjarni FSLÍ hafi myndast við Selvíkina. Önnur starfsmannafélög SÍB hafa einnig unnið ötullega að því að reist hafa verið sumarhús víða um land.

## FRÆÐSLUMÓT OG RÁÐSTEFNUR

Eins og áður sagði hóf Bankamannaskólinn starfsemi sína haustið 1959. Þrátt fyrir þá ágætu stofnun töldu bankamenn sjálfsagt og eðlilegt að treysta böndin sín í milli og miðla upplýsingum á svökölluðum fræðslumótum, en hið fyrsta var haldið á Akureyri 1967. Um var að ræða helgarráðstefnu og fylgdu fleiri í kjölfarið á næstu fimm árum. Fleiri mót voru haldin, m.a. vornámskeið á Akureyri 1973 og að Bifröst 1974. Þá efndu bankamenn til kjararáðstefnu í Reykjavík 1970 og sama ár var haldið sérstakt mót með ungu bankafólki í höfuðstaðnum.

Þá má geta þess að allt frá því þrír ungir bankamenn héldu í sumarskóla á vegum Institute of Bankers í London árið 1939, hafa fjölmargir íslenskir bankamenn haldið til útlanda í leit að fróðleik um bankastarfið.

## SVONA KJÖR ÞYRFTUM VIÐ!


Bankablaðið birtir grein árið 1968 þar sem firnagóð starfskjör bankastarfsmanna í Mexíkó eru rífuð upp. Þar eru rakin réttindi bankagjaldkera sem hefur starfað í tvö og hálf ár. M.a. kemur fram að ekki er hægt að segja honum upp, hann fær hlutdeild í ágóða bankans og eftirvinna er greidd með 100% álagi. Hann fær jólagjöf sem nemur einum mánaðarlaunum, sumarleyfið er 30 virkir dagar, læknskostnaður hans og fjölskyldunnar er greiddur af bankanum, eftirlaun eru miðuð við 53 ára aldur og þau geta verið jafnhá launum í lok starfstímans allt þar til dauði starfsmannsins líknar sig yfir viðkomandi banka!

## ALDREI HJÖR ÚR HENDI FALLA...

Strax á fyrsta sumri nýstofnaðs Sambands íslenskra bankamanna árið 1935 kom til kasta þess þegar upphófust hörð mótmæli gegn pólitískum embættaveitingum innan bankakerfisins. Allar götur síðan hefur stjórn SÍB brugðist einarðlega við þegar gengið hefur verið framhjá bankamönnum við ráðningar í stöður bankastjóra

eða annarra yfirmanna – en með of litlum árangri að flestra mati.

Leiðari 1. tbl Bankablaðsins árið 1970 er ritaður af Adolphi Björnssyni



Adolf Björnsson reit ágæta hugvekju í Bankablaðinu árið 1970. Hann gegndi formennsku SÍB á árunum 1951 – 1953 og 1957- 1959.

og tilefnið er umdeild ráðning í starf forstjóra Fiskveiðasjóðs. Fordæmir Bankablaðið ráðninguna og bendir á að í hópi umsækjenda um stöðuna hafi verið þrír bankamenn með langa starfsreynslu. Adolf segir í lok leiðarans:

„Hlutur bankamanna hefur enn á ný verið borinn fyrir borð, þegar um auglýstar betri stöður í bankanum er að ræða. Mega bankamenn nú huga að betri samstöðu. Samtökin eiga að vera völd okkar stéttar, sverð og skjöldur. – Látum aldrei hjör úr hendi falla.“

## SAMNINGSRÉTTUR Í AUGSÝN

Með launareglugerðinni árið 1963 tókst bankamönnum í raun að knýja bankana að kjaraborðinu. Ekki var þó mjög sýslað við það borð næstu árin en þó var ný reglugerð samin árið 1966 og nokkrar leiðréttingar gerðar. Jafnframt því að krefjast hækkunar á launum óx þeirri skoðun fiskur um hrygg að SÍB bæri fullgildur samningsréttur á við önnur launþegasamtök í landinu.

Með flóknum samningum um nýja launareglugerð í ársbyrjun 1971 náðu bankamenn fram ýmsum réttindum á við opinbera starfsmenn. Fyrir utan beinar kauphækkanir er umsóknarfrestur um stöður lengdur verulega, laugardagslokun er staðfest og samningurinn skal gilda til ákveðins tíma, en þar var um nýmæli að ræða.

Bankamenn töldu að með ákvæðinu um gagnkvæman uppsagnarfrest og fyrirfram ákveðinn gildistíma, væri nánast búið að staðfesta samningsréttinn, en í reynd var það ekki gert með lögum fyrr en nokkrum árum síðar.

## ÍNDVERSK SPEKI OG KVENNABARÁTTAN

Kröfur um jafna stöðu kvenna og karla í þjóðfélaginu gerast æ háværar þegar fram kemur á áttunda áratuginn – líka í bönkunum. Í Bankablaðinu birtast af og til greinar um jafnréttismálin og undan því kvartað að bankakonur hafi mun lægri laun en bankakarlar í sambærilegum störfum. Sveinbjörg Guðmundsdóttir skrifar harðorða grein í blaðið 1971 og kemst þar að þeirri niðurstöðu að hjónabandið geri ekkert annað en að halda í staðnaðar hugmyndir og standi í vegi fyrir eðlilegum framförum. Segir Sveinbjörg þessi orð indverska



Landsbankinn jók við húskynni aðalbankans á 85 ára afmælinu árið 1971.





skáldsins Tagore vera táknræn fyrir afstöðu þorra almennings til kvenna:



„Það mætti líkja manningum við tré, það þarf að hafa nóg rými, loft, regn og allt mögulegt annað. Séu rætur þess rifnar burt, visnar það. Svo er með manningum. Séu rætur hans rifnar hlýtur það að valda honum þjáningum. Konan er aftur á móti

eins og vafningsviður, sem getur nærst af því einu að hringa sig utan um tréð.“

## GEFIÐ Í LANDHELGISJÓÐ

Landhelgi Íslands var færð í 50 mílur árið 1972 og af því tilefni ákvað stjórn SÍB að gefa 50.000 kr. í Landhelgisjóð. Þakkarbréf barst frá forsætisráðuneytinu um hæl, undirritað af Ólafi Jóhannessyni. Þar segir m.a.:

„Jafnframt því að þakka þessa myndarlegu gjöf minnst ráðuneytið þess, að Samband íslenskra bankamanna varð fyrst íslenskra séttarsamtaka til þess að heita fjárframlagi til Landhelgisjóðs og sýndi með því lofsvert fordæmi.“



*Bankamenn sýndu hug sinn til landhelgisbaráttunnar í verki.*

## ÖTULL OG ÓSÉRHLÍFINN RITSTJÓRI

Í byrjun árs 1972 var tekin upp sú nýbreytni að fela skrifstofu SÍB umsjón með útgáfu Bankablaðsins og var það í samræmi við ákvörðun sambandsþings árið áður. Tók starfsmaður Sambandsins, Sigurður Guttormsson við ritstjórn en áður hafði Bjarni G. Magnússon haft það verk með höndum allar götur frá árinu 1944. Mun hann aldrei hafa þegið greiðslur fyrir störf sín í þágu bankamanna en lituð á þau sem hugsjónastarf. Bjarni sá ekki aðeins um skrif og efnisútvegum heldur og um auglýsingasöfnun og fjárreiður allar – allt í sjálfbodavinnu í 28 ár!

## REIKNISTOFA MEÐ 148 KI

Reiknistofa bankanna hóf starfsemi haustið 1973 og var Einar Pálsson ráðinn forstjóri. Strax var gerður leigusamningur við IBM um tækjakaup og var aðaltölva stofnunarinnar með 148 kílóbæta minni. Fimm árum síðar var tölvukosturinn kominn upp í 246 kílóbæt en það þætti ekki öflug einmenningstölva nú.

Þess má geta að í dag er tölvukostur Reiknistofunnar mældur í hundruðum gígabæta.



## SAMIÐ FYRIR SPARISJÓÐAFÓLK

Samband íslenskra sparisjóða var stofnað 27. apríl 1967. Eftir að SÍB hafði öðlast samningsrétt með lögum frá árinu 1977 fór þetta samband sparisjóðanna með samningsumboð fyrir hönd einstakra sjóða gagnvart starfsfólki þeirra. Eftir að lögum þess var breytt hinn 13. nóvember 1982 hefur það farið með samningsumboð gagnvart öllu starfsfólki sjóðanna og átt aðild að samninganefndum bankanna.


Þess má geta að Lánastofnun sparisjóðanna var stofnuð árið 1986 og hóf hún starfsemi í febrúar árið eftir. Henni var ætlað það hlutverk að vera viðskiptabanki sparisjóðanna og bakjarl þeirra hvað varðar lánaþingreiðslu, gjaldeyrismál o.fl. Þessi stofnun breyttist í Sparisjóðabanka Íslands hf. 1. janúar 1994. Þar með varð fjórði viðskiptabankinn í landinu til – en þó án beinna samskipta við viðskiptamennina, sem eins og áður, skipta við sinn sparisjóð í héraði.

## „VONANDI EKKI HRAÐAÐ AÐ NEINU“

Árið 1974 kom fram frumvarp á Alþingi um sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans. Bankamenn brugðust ókvæða við og töldu rök sameingarsinna haldlítill. Er bent á það í Bankablaðinu að eftir áratuga útpenslu íslensk bankakerfisins sé skyndilega lagt til að sveigt skuli af þeirri braut án nokkurs fyrirvara. Í ómerktri grein í 1.-2. tbl. 1974 eru lokaorðin þessi:

„Hér er því margt að gæta og vonandi verður ekki hrapað að neinu.“


Má segja að þessi orð hafi reynst spádómsorð því langur tími átti eftir að líða þar til verulegur skriður komst á sameingarmál bankanna.



## MINNUM Á HEIMASÍÐUNA

Hægt er að nálgast ýmsar upplýsingar á heimasíðunni s.s. um orlofsmál, upplýsingar um sjóði, launareiknivél, niðurstöður kannana félagsins, hægt er að skoða útgáfumál félagsins, upplýsingar um trúnaðarmenn og margt fleira.

Allar ábendingar og athugasemdir um það sem betur má fara á síðunni eru vel þegnar á [ssf@ssf.is](mailto:ssf@ssf.is).







# SAMNINGS- OG VERKFALLSRÉTTUR

– 1975-1985 –

**BANKAMENN VORU MJÖG Í SÓKN ÞEGAR HÉR ER KOMIÐ SÖGU.** Rauð strík nýgerðra kjarasamninga reyndust haldlítill í óðaverðbólgu og stuðluðu frekar að vixlverkun kaupgjalds og verðlags. Kjarasamningar voru gerðir til stutts tíma og ávinningar af kjarabaráttu hurfu jafnharðan.

Á þingi SÍB árið 1975 var samþykkt „að við gerð nýrra kjarasamninga yrði það ófrávikjanleg krafa SÍB og aðildarféлага þess að samningarnir hljóti ótvíræða viðurkenningu sem tvíhliða kjarasamningar“.

Efndi SÍB til allmargra funda um land allt þetta haust til að stappa stáli í liðsmenn sína og undirbúa sókn til betri kjara.

Vorið 1976 lagði SÍB fram kröfu um fullan samnings- og verkfallsrétt. Náðu bankamenn þessum aðalkröfum sínum fram og í kjölfarið voru sett lög á Alþingi nr. 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.

## GÍFURLEG FJÖLGUN Í STÉTTINNI

Á 30. þingi SÍB árið 1977 var staðfest innganga nýs félags í SÍB, Starfsmannafélags Reiknistofu bankanna. Þegar hér er komið sögu eru félög sambandsins orðin þrettán talsins og skráðir meðlimir 1.811 talsins.

Félagsmenn SÍB um þessar mundir skiptust þannig: 749 úr Landsbanka, 289 úr Útvegsbanka, 239 úr Búnaðarbanka, 124 frá Seðlabanka, 108 frá Samvinnubanka, 83 frá Iðnaðarbanka, 76 úr Verslunarbanka, 26 frá Reiknistofu bankanna, 25 úr Alþýðubanka, 25 úr Sparisjóði Hafnarfjarðar, 19 úr Sparisjóðnum í Keflavík, 13 úr Sparisjóði Kópavogs og 12 úr Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Stakir meðlimir voru 23 talsins.

## VERKFAHÓTUN DUGÐI TIL

Samningum, er höfðu verið gerðir til tveggja ára sumarið 1976, var sagt upp 31. mars 1977 og tók uppsögnin gildi 1. júlí. Þrátt fyrir bætta stöðu SÍB með formlegum samningsrétti gekk hvorki né rak til að fá fulltrúa bankanna að samningaborðinu. Að því kom á fundi stjórnar SÍB og formanna starfsmannafélaganna hinn 3. október



Sólón R. Sigurðsson, formaður SÍB, 1975 – 1979.

þetta sama ár, að samþykkt var að boða til verkfalls frá og með 26. október.

Í leiðara 2. tbl. Bankablaðsins 1977 segir Sólón R. Sigurðsson, formaður SÍB á þessa leið:

„Það virðist sem viðsemjendur okkar hafi enn ekki áttað sig á þeim breyttu aðstæðum, sem fullur lögverndaður samningsréttur bankamanna hefur í för með sér. Því miður virðist það ennþá vera stefna bankanna að bankamenn eigi að

bíða eftir því að samningar takist í öllum öðrum vinnudeilum í landinu og síðan verði okkur boðið það sama. Ef til vill átta þeir sig ekki fyrir en verkfall skellur á.“



Félagsfundur vegna verkfallsáðgerða árið 1980.

Það virðist ljóst að verkfallshótunin hafði sitt að segja því hún dugði til að knýja fram samningaviðræður er leiddu til nýs samnings er undirritaður var 1. nóvember.

Hinu nýja vopni hafði ekki verð beitt – en dugði þó.

## RÉTTARSTAÐA TRÚNAÐARMANNA

Hinn 8. september 1977 var undirritaður sérstakur samningur um trúnaðarmenn SÍB og aðildarféлага þess milli samninganefndar bankanna og sambandsins. Þar var hnykkt á almennum ákvæðum um réttarstöðu trúnaðarmanna og hlutverk þeirra í bönkunum skilgreint. Jafnframt þessu jók skrifstofa SÍB mjög allt upplýsingastreymi og þjónustu við trúnaðarmenn, efndi til námskeiða fyrir þá og gaf út ýmis konar fræðsluefni um réttindi og skyldur starfsmanna. Segja má að uppbygging trúnaðarmannakerfis SÍB hafi verið veigamikill þáttur í hinu breytta eðli sambandsins sem stéttarfélags í kjölfar samningsréttarins.

Á aukáþingi SÍB 19. apríl 1978 var breytingin loks innsigluð með samþykkt nýrra laga fyrir sambandið þar sem öll tvímæli eru tekin af um það að SÍB var orðið stéttarfélag bankamanna.

## ÞÁTTASKIL Í SKÓLAGÖNGU

Árið 1977 markar þáttaskil í sögu menntunar bankamanna en þá var gerður nýr samningur um starf og skipulag Bankamannaskólans er þá hafði starfað í tæpa tvo áratugi.



Fyrstu árin var starfsemi skólans einkum fölginn í byrjendanámskeiðum ásamt endurþjálfun og vísi að framhaldsnámskeiði í formi námskeiðahalds. Gunnar H. Blöndal var í upphafi ráðinn skólalastjóri og starfaði hann að uppbyggingu skólans í hlutastarfi allt fram til ársins 1978. Starfsemin gekk mjög vel, sérstaklega eftir að skólinn fékk inni í húsnæði SÍB árið 1966.

Með samningunum 1977 var skólinn verulega eflur með fjölgun kennslustunda og kennsla fór fram í vinnutíma í stað kvöldkennslu

eftir vinnu. Þá fjölgaði mjög kennslugreinum og framhaldsnám var tekið upp. Skólastjóri var ráðinn Þorsteinn Magnússon, viðskiptafræðingur.

## NBU ÞING Á ÍSLANDI

Norræna bankamannasambandið, NBU hélt þing sitt í fyrsta sinn á Íslandi sumarið 1978. Þingfulltrúar voru ríflega sjötíu frá öllum Norðurlöndunum en félagsmenn í öllum samböndum voru þá 116.338 talsins.

Aftur var NBU þing haldið í Reykjavík 9.-11. september 1992 og sóttu það tæplega 90 erlendir þingfulltrúar auk hinna íslensku. Áður hafði verið haldin fræðsluráðstefna á vegum NBU í Reykjavík dagana 24.-26. ágúst 1988 undir einkunnarorðunum „Góð starfsmenntun – besta atvinnuöryggið.“

## TÍMANS TÆKNIUNDIR

Á ráðstefnu SÍB um tækniþróun í desember 1978 var m.a. rakin þróun í Landsbankanum frá tímum pennastanga og bleks í upphafi og



kom fram að bankinn hefði tekið ritvélar í notkun 1905, NCR bókhaldsvélar árið 1934 og margföldunarvélar árið eftir. NCR gjaldkeravélar komu í Landsbankann árið 1958, veðdeildin tók skýrslugerðarvélar af IBM gerð í notkun 1961 og Kinzle bókhaldsvélar með vaxtaútreikningi komu í bankann árið 1962.

Rafreiknideild Landsbankans tók til starfa árið 1966 og ári síðar fær bankinn IBM tölvu af gerðinni 360/20. Fleiri kostagripir áttu eftir að halda innreið sína í íslenska banka og í Reiknistofu bankanna eftir að hún var sett á laggirnar árið 1972 – allt tímans tækniundur.

## SAMSTAÐA OG BARÁTTUANDI

Fyrsta allsherjarverkfall bankamanna skall á 8. desember 1980 og stóð til 12. desember. Reyndu átökin mjög á samstöðu bankamanna og skipulag samtakanna.

Aðdragandi verkfallsins var sá að kjarasamningur, er var undirritaður 3. október þá um haustið, var felldur í almennri atkvæðagreiðslu með 60% greiddra atkvæða. Á fundi stjórnar SÍB, samninganefndar og formanna starfsmannafélaganna, 17. nóvember, var ákveðið að boða til verkfalls 3. desember en ríkissáttasemjari lagði fram sáttatillögu á fundi samningsaðila og frestaði verkfallinu til 8.



Bankamenn hvöttu samningamenn sína til dáða í verkfallinu í desember árið 1980. Hér kemur Björgvin Vilmundarson, formaður samninganefndar bankanna, af samningafundi. Björgvin reyndist félagsmönnum SÍB afskaplega vel í allri kjara- og hagsmunabaráttu.

desember. Sáttatillagan var felld í atkvæðagreiðslu og verkfall skall á.

Að loknum miklum fundahöldum hjá ríkissáttasemjara tókust loks samningar og bankamenn komu til vinnu 12. desember, reynslunni ríkari. Árangurinn var m.a. umtalsverð kjarabót í krónum og aurum auk ýmissa félagslegra réttinda.

Ávinningurinn var þó mest fólgin í lærdómi samstöðu og baráttuanda, sem einkenndi þetta fyrsta verkfall SÍB.



## ÞRJÁTÍU OG EINN LÁ FYRIR KORTSNOJ!

Vorið 1981 kom stórmeistarinn heimskunni, Viktor Kortsnoj og tefldi fjöltefli við bankastarfsmenn í samkomusal Búnaðarbankans við Austurstræti.

Alls tefldi Kortsnoj við þrjátíu og fimm bankamenn og fóru leikar svo að hann sigraði þrjátíu og einn en gerði fjögur jafntefli. Þeir sem þeim árangri náðu voru Björgvin Á. Ólafsson, Útvegsbanka, Hilmar S. Karlsson, Búnaðarbanka og Landsbankamennirnir Vilhjálmur Þór Pálsson og Jóhann Örn Sigurjónsson.

## Í FÆÐINGARSTAÐ FORSETANS

Vorið 1982 flutti SÍB skrifstofur sínar frá Laugavegi 103 að Tjarnargötu 14, en þar hafði sambandið keypt húsnæði af Félagi íslenskra stórkaupmanna. Flutningnum fylgdi bylting í félagsstarfi og skapaðist gott rými til hvers kyns fundahalda.

Húsnæðið var á tveim hæðum, ris og kjallari, um 95 fermetrar að grunnfleti. Húsið var nýuppgergt þegar SÍB festi á því kaup.

Í boði, sem forseti Íslands gekkst fyrir að Bessastöðum í tilefni af stjórnarfundum NBU hér á landi, kom frú Vigdís Finnbogadóttir viðstöddum á óvart með því að tilkynna að hún hefði fæðst og búið um skeið í Tjarnargötu 14, húsinu þar sem SÍB hafði nýlega flutt starfsemi sína. Færði hún sambandinu nokkur póstkort og bréf er hún hafði fengið send er hún dvaldi þar í foreldrahúsum. Hefur þeim gögnum verið komið fyrir á viðeigandi hátt á skrifstofu SÍB.

## SÍB Í HÁLFA ÖLD

Þegar Samband íslenskra bankamanna hélt upp á hálfar aldar afmæli sitt í ársbyrjun 1985 voru félagsmenn orðnir 3.200 talsins og aðildarfélögin 17. Sveinn Sveinsson, þáverandi formaður SÍB, segir í leiðara Bankablaðsins skömmu fyrir afmælið á þessa leið:

„Síðustu 15 árin í starfsemi SÍB hafa mjög einkenst af baráttu fyrir bættum kjörum til handa bankamönnum. Langþráður áfangi náðist með tilkomu samnings- og verkfallsréttarins árið 1977, sem mikla vinnu var búið að leggja í til að ná fram. Við það lagðist niður einhliða réttur bankaráðanna til að ákvarða kaup og kjör bankastarfsmanna. Á móti hefur vinna við kjarasamningsgerð margfaldast, sérstaklega á tímum þegar stutt er á milli samninga.“





# BYLTING Í BANKAKERFINU

– 1985-1995 –

ÞEGAR LEIÐ AÐ LOKUM KVENNAÁRATUGAR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Í ÁRSLOK 1985 FANNST ÝMSUM AÐ HLUTUR KVENNA Í ÍSLENSKA BANKAKERFINU HEFÐI EKKI BREYST MJÖG TIL BATNAÐAR ÞRÁTT FYRIR ÖTULT STARF Á VEGUM SÍB Í ÞEIM EFNUM.

Árið 1977 hófst kerfisbundin söfnun upplýsinga á vegum SÍB um röðun fólks í launaflokka eftir kynjum. Þá voru konur 64% af starfsmönnum bankanna en voru orðnar 70% í árslok 1985. Og því miður kom á daginn að þá reyndust meðallaun kvenna vera 21.4% lægri en karlanna.



Þótt flestum þætti hægt ganga til jafnstöðu karla og kvenna innan bankakerfisins fór konum smám saman að fjölga í stöðum yfirmanna, m.a. útibússtjórástöðum. Kristín Steinsen í Útvegsbankanum varð fyrsta konan til að setjast í stöðu aðstoðarbankastjóra árið 1988.

## BEINLÍNAN VELDUR BYLTINGU

Í september 1985 voru fyrstu beinlínutækin tengd í stóru ríkisbönkunum en áður hafði svipuð tækni verið tekin upp í Iðnaðarbanka 1979 og Verslunarbanka skömmu síðar. Þar með leysti rafeindatæknin endanlega af hólmi tól og tæki eins og gjaldkeravélar, innfærsluvélar og gagnaskráninguvélar, svo dæmi séu nefnd. Þar með sköpuðust möguleikar á bættri þjónustu við viðskiptamenn bankanna.

Beinlínan hafði allveruleg áhrif á störf bankamanna, einkum gjaldkeranna og í kjölfarið fluttust margir þeirra á milli starfa. Bankamannaskólinn efndi til fjölmargra námskeiða um hina nýju tækni.

## ÓVÆRA Á ÞJÓÐINNI

Talsverð umræða hafði átt sér stað allan áttunda áratuginn um útþenslu bankakerfisins og nauðsyn þess að koma þar á meiri hagræðingu. Ekkert varð úr áformum um sameiningu Útvegsbanka og Búnaðarbanka árið 1974. Hins vegar urðu mikil útlánatöþ fyrirnefnda

bankans og fjölmiðlafár í kjölfarið í tengslum við Hafskipamála til þess að innviðir hans voru stokkaðir upp vorið 1987, skipt um alla yfirstjórn og Útvegsbankanum breytt í hlutafélag. Starfsmenn bankans stóðu saman sem einn maður í þessum þrengingum en vissu vart hvað framtíðin bæri í skauti sér, því jafnhliða stofnun hlutafélagsins var jafnan rætt um að það ætti síðar að renna saman við einhverjar aðrar bankastofnanir.

## „VIÐ EIGUM SAMLEIÐ“

Um mitt ár 1989 var kunngert að Iðnaðarbanki, Alþýðubanki og Verslunarbanki hefðu keypt hlut ríkisins í Útvegsbanka Íslands hf. og að á grunni þessara fjögurra banka yrði stofnað til Íslandsbanka hf. frá og með áramótum 1990. Jafnframt varð að ráði að Landsbanki Íslands keypti hlut Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubankanum.



Gengið frá samkomulagi um kaup á hlut ríkisins í Útvegsbanka Íslands hf.

Á skömmum tíma hafði það gerst er mönnum hafði orðið títrætt um í allmörg ár: Íslenka bankakerfið var stokkað upp og markmið sett um enn frekari einföldun þess. Starfsmenn voru að vonum uggandi um störf sín en SÍB lagði mikla áherslu á að haft yrði fullt samráð um allar skipulagsbreytingar er varðaði starfsmenn. Og þrátt fyrir þá staðreynd að fækkun banka úr sjö í þrjá hlaut að hafa í för með sér verulega fækkun starfa í greininni, tóku starfsmenn bankanna fjögurra þátt í hófi undir heitinu „Við eigum samleidd.“

## AÐEINS TVÆR KONUR...

Þrátt fyrir mikla fjölgun kvenna í stétt bankanna á síðustu áratugum, hafa karlar nær alfarið verið í forystu fyrir samtökum þeirra. Engin kona átti sæti í stjórn SÍB þar til Kristín M. Kristinsdóttir var kjörin formaður árið 1946. Hún var kjörin meðstjórnandi árin 1947 og 1949. Aðrar konur sátu ekki í stjórn SÍB fyrr en Helga Kristinsdóttir var valin árið 1963.



Anna G. Ívarsdóttir, formaður SÍB, 1991 – 1995.

Þá var því brotið blað á ný þegar Anna G. Ívarsdóttir var kosin formaður á 37. þingi SÍB í apríl árið 1991. Hún var áður kjörin í stjórn sambandsins árið 1987 og hafði gegnt varaformennsku frá árinu 1989.

## FJÖLDAUPPSÖGNUM MÓTMÆLT

Þótt ekki hafi verið gripið til beinna uppsagna við samruna bankanna fjögurra árið 1990 þrengdi sú ráðstöfun mjög að bankafólki með óbeinum hætti. Smám saman jukust kröfur um sparnað í ríkisbönkunum. Starfsöryggi bankastarfsmanna hefur farið minnkandi og nokkrir bankar hafa sagt upp starfsmönnum. Mestu fjöldauppsagnir urðu hjá Landsbankanum vorið 1993.

SÍB mótmælti uppsögnum í Landsbankanum sem ólögætum og siðlausum og aflaði sér jafnframt verkfallsheimildir. Þá var boðað til útífundar á Lækjartorgi 27. maí og komu þangað um tvö þúsund bankamenn og sýndu samstöðu í þrengingum.

38. þing SÍB var haldið á Selfossi þetta heita vor og var atvinnuleysið helsta umfjöllunarefni þingsins. Þar var m.a. sýnt fram á að útlánatöp síðustu ára væru meginástæður fyrir rekstrarvanda bankanna fremur en launakostnaður. Frá því uppstokkunin í bankakerfinu hófst í lok níunda áratugarins hefur bankamönnum fækkað um fimmtung.

## AÐILD AÐ ATVINNULEYSISTRÝGGINGASJÓÐI

Bankarnir höfðu sjálfir greitt bankamönnum bætur í atvinnuleysinu þar sem þeir áttu ekki aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði. Á því varð

**HVERS VEGNA  
AÐ SÆTTA SIG VIÐ  
17% VEXTI OG SÍÐAN EITTHVAÐ STIGHÆKKANDI  
ÞEGAR ÞÉR BJÓÐAST  
26,2% VEXTIR STRAX  
Í FYRSTA MÁNUÐI EFTIR INNLEGG  
OG FAST AÐ 28%  
ÁVÖXTUN Á 12 MÁNUÐUM?**

Einn ötra banka og sparisjóða býður Útvegsbankinn þér innlánsreikning með gæstni mánaðarlegri vaxtaáætlun. Hún er nú 9,2% og leggst á almenna sparisjóðsveiti. Vaxtaáætlun tryggir þér þannig fylgstu vexti, 26,2%, strax í fyrsta mánuði eftir stofnun reikningsins. Jafnframt getur hún skilað þér fast að 28% ávöxtun á 12 mánuðum. Þú getur tekið út af reikningnum hvegar sem er.

En þann mánuð sem tekur er út reiknast hins vegar engin vaxtaáætlun, heldur glíða þú sparisjóðsveitinni. Strax í næsta mánuði færðu vaxtaáætlun og nýttu fylgstu vaxta eftir. Athugaðu vel:

**ÚTTEKT HEFUR ENGIN  
ÁRIF A AUNNA VAXTAÁBÓT**

Þú hafa ekki allir bótlund eftir stighækkandi ávöxtun. Þess vegna bjóðum við fylgstu vexti strax. Er nokkur ástæða til að setta sig við mína?

**GERDU SAMANBURÐ**

Við hvetjum þig til að gera ræðilegan samanburð á öllum þeim innlánsreikningum sem nú eru í boði hjá bönkum og sparisjóðum. Athugaðu sérstaklega vaxtaáætlun reikninganna, og hvort þú glatr áunnum vöxtum takir þú út fyrir en þú ættir.

**ÁBÓT  
Á VEXTI  
BYÐST ÞÉR BETRA?**

**ÚTVEGSBANKINN  
EINN BANKI • ÖLL DJÓNISTA**

breyting þegar Samband viðskiptabanka ákvað að hætta greiðslu bóta 1. júlí 1993 í kjölfar nýrra laga er kváðu á um fulla aðild þess að sjóðnum. Því sótti SÍB um aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði og fékk jákvætt svar skömmu síðar. 1. október 1993 fengu 89 bankamenn greiðslur úr sjóðnum. Þessi tala fór yfir 100 á árinu 1994 og jafngildir það rösklega þremur af hundraði félagsmanna SÍB.

SÍB TEKUR VIÐ REKSTRI BANKAMANNASKÓLANS Í tengslum við nýjan kjarasamning í ársbyrjun 1994 var gert samkomulag um að SÍB tæki að sér rekstur Bankamannaskólans, fræðslumiðstöðvar bankamanna, sem sjálfstæðrar stofnunar. Jafnframt flutti SÍB skrifstofur sínar í rúmgótt húsnæði í sambýli við skólann að Snorrabraut 29 í Reykjavík.

Þegar hér er komið við sögu hafði Bankamannaskólinn nær lognast út af og engin hefðbundin fræðsla verið í skólanum veturinn 1993-1994. Segir í SÍB tíðindum í janúar 1994 á þessa leið:

„Ekki er gert ráð fyrir að við skólann starfi skólástjóri heldur að fræðslunefnd beri ábyrgð á skipulagi og framkvæmd fræðslunnar. SÍB yfirtekur reksturinn og ræður starfsmann til skólans. Samningurinn er til þriggja ára og verður þá endurskoðaður ef aðilar óska þess. Það er von samninganefndar að þessi tími nýtist til þess að hefja Bankamannaskólann aftur til vegs og virðingar.“

Á afmælisári SÍB árið 1995 hljóta allir bankamenn að geta tekið undir þessar vonir því oft var þörf en nú nauðsyn á að efla og styrkja menntun íslenskra bankamanna.

## SÍB 60 ÁRA – STERKARI SAMTÖK

Þessar stiklur úr fyrstu 60 árum úr sögu Sambands íslenskra bankamanna sýna, svo ekki verður um villst að sambandið þróaðist smám saman úr laustengdu bandalagi starfsmannafélaga tveggja ríkisbanka yfir í öflug stéttarsamtök allra íslenskra starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Aðildarfélög SÍB voru 19 talsins á afmælisárinu 1995. Félag starfsmanna Landsbanka Íslands og starfsmannafélög Búnaðarbankans, Bygðarstofnunar, Eyrasparisjóðs, Iðnlánasjóðs, Lánasýslu ríkisins, Íslandsbanka, Reiknistofu bankanna, Seðlabankans, VISA-Ísland og Þjóðhagsstofnunar auk starfsmannafélaga sparisjóða Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mýrarsýslu, Svarfdæla, Vestmannaeyja og Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Sparisjóðs vέλstjóra.

**Heimild:** Bankamenn í sextíu ár. Stiklur úr sögu Sambands íslenskra bankamanna. Valþór Hlöðversson – Athygli, tók saman. Prentun; Oddi. Samband íslenskra bankamanna, 1995.



**Mínar síður  
– þitt svæði**

Kynntu þér Mínar síður. Allt á einum stað.

Þær einfalda umsóknir og veita þér upplýsingar um stöðu styrktarumsóknna.





# „BARÁTTUNNI ER HVERGI LOKIÐ“

*SEGIR VESTFIRSKI FORMAÐURINN,  
FRÍÐBERT TRAUSTASON*

**FRÍÐBERT TRAUSTASON, FORMAÐUR SSF SEGIR AÐ ENN SÉ Á BRATTAN AÐ SÆKJA Í HEIMI SAMEININGAR OG HAGRÆÐINGAR OG AÐ ÝMIS KUNNUGLEG SJÓNARMÍÐ SKJÓTIST NÚ UPP Á YFIRBORÐIÐ ÞEGAR SÖLU BANKANNA OG AUKNA SAMEININGU BERI Á GÓMA.** Undanfarin sjö ár hafa Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) barist gegn frekari fækkun félagsmanna. Friðbert óttast að þeirri baráttu sé hvergi lokið. Hann hefur verið formaður SSF undanfarin tuttugu ár og við förum yfir þá sögu með honum.

## FRUMBYGGI GRAFARVOGS AÐ VESTAN

Friðbert er fæddur og uppalinn á Flateyri við Önundarfjörð en þar átti hann lögheimili til 22 ára aldurs. Hann var þó nánast fluttur að heiman um færingu en þá fór hann fyrst á sjó. Hann stundaði sjómennskuna á sumrin og nam í héraðsskóla, menntaskóla og háskóla að vetri til. Foreldrar Friðberts voru Ragnheiður Sigurðardóttir frá Reykjavík og Trausti Friðbertsson frá Suðureyri við Súgandafjörð.

Friðbert er giftur Sigrúnu Ósk Skúladóttur frá Ísafirði og áttu þau 41 árs brúðkaupsafmæli á þessu ári. Foreldrar Sigrúnar eru María Jóakimsdóttir frá Siglufirði og Skúli Þ. Skúlason frá Ísafirði.

Þau eiga tvö börn, Sunnu Ósk Friðbertsdóttur og Trausta Friðbertsson. Sunna Ósk og maðurinn hennar Kjartan Örn Óskarsson eiga tvö börn, Ragnheiði Ósk 6 ára og Elmar Hrafn 3 mánaða.

Friðbert hefur verið búsettur í Reykjavík frá því hann hóf nám í Háskóla Íslands 1974 og hefur búið í Breiðholti, Vogahverfi og við Kleppsveg en nú búa þau hjónin í Grafarvogi en þangað fluttu þau 1984 og eru því ein af frumbyggjum hverfisins. Alla sína tíð hefur hann verið virkur í ýmsum félagsstörfum og þá var hann einnig mjög virkur innan blakíþróttarinnar en Friðbert keppti í efstu deild í blaki og öldungablaki í áratugi, ásamt því að þjálfa fjögur blaklið á ferlinum.

## ÁRIN 1990 – 1995

### ÞJÓÐARSÁTTATÍMABILIÐ Í KJARASAMNINGSGERÐ

Friðbert hóf fyrst afskipti af starfi Sambandi íslenskra bankamanna (SÍB) árið 1983 en þá var hann starfandi hjá Reiknistofu bankanna. Á þingi SÍB árið 1989 tók Yngvi Örn Kristinsson við sem formaður SÍB og Friðbert var kosinn 1. varaformaður. „Okkar beið afar stórt verkefni eftir stofnun Íslandsbanka, en hann var afkrastur sameiningar Útvegsbankans, Iðnaðarbankans, Verslunarbankans og Alþýðubankans árið 1990. Í kjarasamningum á þessum tíma voru ákvæði um að

starfsmenn einkabanka og fyrirtækja með 8 starfsmenn eða fleiri ættu að njóta sambærilegs lífeyrisréttar og starfsmenn ríkisbankanna áttu rétt á. Stjórnendur Íslandsbanka töldu að 10% iðgjald til lífeyrissjóðs ætti að tryggja þessi sambærulegu réttindi, sem var að sjálfsögðu algjört vanmat á réttindum starfsmanna ríkisbankanna“. Ekki náðust samningar og því endaði málið fyrir Félagsdómi, sem fór á fullan skrið eftir mitt ár 1991. Á þingi SÍB árið 1991 var Anna G. Ívarsdóttir kosin formaður og Friðbert hélt áfram sem varaformaður. Deilan við Íslandsbanka hafði tekin mikinn tíma og kostaði félagið verulegt fjármagn, enda voru 3 lögmenn og tryggingafræðingur um nokkurn tíma í vinnu fyrir SÍB á þessum tíma. „Það var mikilvægur áfangi í kjarabaráttu SÍB og vörn um réttindi og kjör félagsmanna að vinna málið í Félagsdómi árið 1993. Með samningi við Íslandsbanka í kjölfar niðurstöðu Félagsdóms tókst að tryggja 7% framlag bankans í séreign hvers og eins til viðbótar við 10% iðgjaldið í hefðbundinn samtryggingarlífeyrissjóð.“

Friðbert segir margt annað hafa verið á dagskrá á þessum árum, m.a. yfirtaka Landsbankans á Samvinnubankanum og erfiðleikar í rekstri Landsbankans, sem leiddi á endanum til þess að ríkið lagði bankanum til um 4 milljarða til að styrkja eigið fé bankans. Því framlagi til bankans fylgdi krafa frá ríkisvaldinu um hagræðingu í rekstri og verulegar uppsagnir. Ríkisstjórnin setti fram kröfu um að allt að 10% starfsmanna yrði sagt upp, rúmlega 100 starfsmönnum. „Eftir marga samningafundi milli SÍB og stjórnenda bankans endaði sú tala í 65. Það var mikið högg á þessum tíma því almennt voru bankastörf talin örugg störf, ekki margar uppsagnir frekar en hjá ríkisstarfsmönnum.“

Allt þetta tímabil voru kjarasamningar undir formerkjum „þjóðarsáttar“, en hún gildi um alla kjarasamningagerð frá 1990 til 1995. „Launahækkningar voru af skornum skammti og öll orka lögð í að ná niður verðbólgu og endalausum gengisfellingum, sem höfðu rænt okkur öllum launahækkunum megnið af níunda áratugnum“ segir Friðbert.

Anna var formaður SÍB frá 1991 til 1995 en hafði ekki áhuga á að halda áfram, vildi heldur helga sig stjórnunarstarfi í sínu fagi í Búnaðarbankanum. „Forvígismenn aðildarfélaga SÍB, stjórn SÍB og fjölmargir félagsmenn aðrir lögðu strax hart að mér að bjóða mig fram til formanns á þingi SÍB 1995, sem ég og gerði, og var einróma kosinn formaður samtakanna á þingi SÍB það ár sem haldið var á Kirkjubæjarklaustri.“

## ÁRIN 1995-2000

### TÍMI HLUTAFÉLAGAVÆÐINGAR

Strax um haustið árið 1995 byrjaði hlutafélagavæðing (hf.- væðing) ríkisbankanna, Landsbanka og Búnaðarbanka, þegar nefnd um hf.- væðingu var kosin á Alþingi. Stjórn SÍB sendi nefndinni og viðskiptaráðherra strax ósk um að vera þátttakendur í öllu undirbúningsferlinu þar sem slík breyting á rekstri bankanna hefði veruleg áhrif á réttindi og stöðu starfsmanna. Friðbert segir að höfuðáherslan hafi verið á að tryggja öll réttindi sem þá þegar voru áunnin innan ríkisbankakerfisins, eins og lífeyrisréttindi, veikindarétt, orlof, tryggingar, vinnutíma og margt fleira. „Mikilvægast af öllu var að tryggja það að allir starfsmenn yrðu áfram í einu sameinuðu og sterku stéttarfélagi, en ekki sundraðir í mörg félög ýmist innan BHM eða félaga verslunar- og verkamanna. Með mikilli baráttu og vinnu með nefnd Alþingis tókst að tryggja þessa stöðu allra félagsmanna og átti formaður nefndar Alþingis, Geir Haarde, stóran þátt í að það tókst, þrátt fyrir mikla andstöðu ýmissa þingmanna innan eigin flokks, en þó sérstaklega andstöðu þingmanna í Framsókn.“

Strax árið 2000 var byrjað að selja hluti úr bönkunum tveimur, en loford ríkisstjórnar var að selja ekki fyrr en að 5 árum liðnum frá hf.- væðingunni.

Á sama tíma og unnið var að frumvarpi um hf. væðinguna á Alþingi var sett í gang nefnd innan Landsbankans sem hafði það hlutverk að breyta lífeyrisréttindum starfsmanna og afnema bakábyrgð bankans í gamla hlutfallsdeildarkerfi Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans. Friðbert segir að stjórn SÍB hafi ekki fengið að vita af þessari vinnu fyrr en í byrjun árs 1997, en bendir á að stéttarfélagið sé ekki beinn aðili að stjórn lífeyrissjóðsins, heldur eru það sjóðfélagar sjálfir sem kjósa fulltrúa sína í stjórn sjóðsins beinni kosningu á ársfundum. Árið 1997 voru mikil átök um þessar breytingar á lífeyrissjóðnum, sérstaklega vegna afnáms bakábyrgðar bankanna og annarra aðildarfyrirtækja að sjóðnum. Samningur um nýtt lífeyriskerfi þar sem 10% iðgjald færi til hefðbundins samtryggingarlífeyrissjóðs og 7% (eftir 3 ár) í séreignarsjóð að vali starfsmanna mæltist hins vegar vel fyrir hjá flestum sjóðfélögum. Gamla kerfinu var breytt, bakábyrgðinni aflétt af fyrirtækjunum en skuld þeirra fyrir liðinn tíma greidd inn og hærra iðgjald (18,4%) greitt inn í sjóðinn frá ársbyrjun 1998. Að baki iðgjaldinu og inngreiðslunni voru ákveðnar forsendur, reiknaðar af tryggingarstærðfræðingi og byggt á reynslu árána á undan breytingunni. „Strax árið 2004 var ljóst að þessar forsendur hefðu ekki staðist og hefur staðið yfir baráttu, og stendur enn, til að fá aukið framlag fyrirtækjanna til að standa undir raunverulegum forsendum þannig að unnt sé að reka sjóðinn og standa við réttindin sem hann lofaði sjóðfélögum 1997 og löngu fyrir þann tíma.“ Hann vonast til þess að sjóðfélagar og fyrirtækin nái samningum um lausn á þessu vandamáli.

Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbankans var einnig breytt á sama hátt 1997, en með ákvörðun um fjárfestingar sem teknar voru 2003 tókst þeim sjóði að bjarga sér algjörlega frá tapi eigna í efnahagshruninu 2008 og hann segir sjóðinn standa vel í dag.

### STYRKARSJÓÐUR SÍB

Í kjarasamningum SÍB 1997 var mikilvægu baráttumáli komið í höfn. Styrktarsjóður SÍB (sjúkrasjóður) var stofnaður og samþykkt að fjármálfyrirtækin greiddu inn 0,3% af föstum mánaðarlaunum inn í sjóðinn. „Það hamlaði nokkuð starfi SÍB að eiga ekki slíkan styrktarsjóð, sem getur aðstoðað félagsmenn vegna langvarandi veikinda og stuðlað að heilsueflingu og forvörnum ýmsum eins og rannsóknunum og sálfræðiaðstoð. Í dag fær sjóðurinn framlög frá bönkunum sem nemur 0,5% af launum og það hækkar árið 2017 í 0,7% af launum

og verður sjóðurinn þá sjálfbær, en undanfarin ár hefur félagsjóður SSF styrkt hann árlega með framlagi. Margir halda að þessi sjóður hafi alltaf verið til en hann greiddi í fyrsta skipti út styrki árið 2000“ segir Friðbert. Rúmlega 50% félagsmanna sækja styrki úr þessum sjóði á hverju ári í um 5000 umsóknum.

### MENNTUNARSJÓÐUR SÍB

Í kjarasamningum árið 1999 náði SÍB öðru markmiði, „þá var Menntunarsjóður stofnaður og byrjaði hann að greiða námsstyrki til félagsmanna árið 2001. Menntunarsjóður SSF er einn sá öflugasti á landinu og skipta styrkir til félagsmanna miklu máli þegar félagsmenn ákveða að efla sig og bæta við sig námi og þekkingu.“ Um 700 félagsmenn sækja um styrki á hverju ári.

## ÁRIN 2000-2006

### SAMEINING LANDSBANKANS OG BÚNAÐARBANKANS STÖÐVUÐ

Friðbert segir að árið 2000 hafi hafist með miklum látum í bankaheiminum. Ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks ákvað að sameina ríkisbankana tvo, Landsbankann og Búnaðarbankann, „þeir væru þá með mun seljanlegri vöru heldur en að selja bankana tvo í sitthvoru lagi. En sem betur fer stoppaði Samkeppnisráð, eins og það hét þá, þessa fyrirætlun ríkisstjórnar og lagði fram ítarlega skýrslu um að slík samþjöppun væri allt of mikil og hlutdeild sameinaðs banka langt umfram það sem samkeppnislög leyfa. Samkeppnisráð mat það svo að sameinaður banki yrði með 55-60% hlutdeild á öllum mörkuðum fjármála bæði í þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga. Slík samþjöppun leiddi til yfirburða stöðu á bankamarkaði sem enginn annar aðili gæti keppt við.“ Á þessum tíma voru einnig starfandi Íslandsbanki og 24 sparisjóðir um allt land.

### FÁSINNA AÐ SAMEINA LANDSBANKA OG ÍSLANDBANKA Í DAG

Friðbert telur að sömu sjónarmið og ríktu við sameiningarhugmyndir Landsbanka og Búnaðarbanka eigi ennþá við í dag. „Allt tal um sameiningu Landsbanka og Íslandsbanka er fásinna og tímaeyðsla. Slíkur sameinaður banki væri með um og yfir 75% markaðshlutdeild á öllum sviðum fjármálaþjónustu, hvort sem lituð er til viðskiptabankaþjónustu eða fjárfestingabankaþjónustu. Ef Samkeppniseftirlitið myndu leyfa slíkt þá er rökrétt niðurstaða að leggja þá stofnun alfarið niður á Íslandi því aðgangur að fjármagni og fjármálaþjónusta stýrir öllu öðru athafnalífi“.

### SALA LANDSBANKANS OG BÚNAÐARBANKANS

„Á árunum 2000-2002 var nokkur samdráttur í fjármálakerfinu vegna þess að tæknibólan (.com) sprakk, hlutabréf lækkuðu mikið í verði og bakslag varð á flestum sviðum fjármála (meðal annars tap hjá íslenskum lífeyrissjóðum). En markaðurinn var fljótur að ná sér og strax 2002 fer ríkið að leita eftir hugsanlegum kaupendum Landsbanka og Búnaðarbanka. Allir vita hvernig það endaði, flokkarnir skiptu bönkunum á milli sín og seldu tveimur hópum bankana tvo. Um áramótin 2003/2004 voru bankarnir því að fullu einkavæddir og síðar keypti Kaupþing (og aðilar þeim tengdir) Búnaðarbankann. Ég ætla ekki að fara yfir þá sögu, hún er margsögð og sitt sýnist hverjum, oftar en ekki í nokkru samræmi við stjórn málaaskoðanir hvers og eins“ segir Friðbert sem telur að það sé ástæða til þess að fara varlega í sölu bankanna nú og að jafnvel sé heppilegast að ríkið haldi Landsbankanum áfram í ríkiseigu.

### BARIST FYRIR TILVIST SÍB

Kjarasamningur SÍB byggðu á „lögum um kjarasamninga starfsmanna



banka í eigu ríkisins“, sem að einkabankar, sparisjóðir og aðrir aðilar kjarasamninga SÍB höfðu gerst aðilar að með sérstöku samkomulagi. „Stjórnendur nýju einkabankanna vildu losna undan þessum lögum og margir þeirra töldu algjöran óþarfa að allir starfsmenn yrðu áfram í einu sameinuðu stéttarfélagi. Þarna hófst því enn og aftur mikil barátta stjórnar SÍB að ná samkomulagi við öll fjármálafyrirtækin um að SÍB væri áfram samningsaðili og stéttarfélag allra starfsmanna og koma þannig í veg fyrir að félagsmönnum yrði tvístrað í 5-10 stéttarfélög sérstakra starfsstétta“ segir Friðbert. Aðspurður um hörkuna í þeirri baráttu segir hann það ekkert leyndarmál að þessi barátta hafi verið hörð, en sem betur fer átti SÍB stuðning meðal meirihluta eigenda fyrirtækjanna, sem tókst með aðstoð SÍB að koma mönnum í skilning um „hve mikilvægt það er fyrir báða aðila að hafa einungis einn samræmdan kjarasamning fyrir alla starfsmenn. Sem betur fer tókst að semja og var skrifað undir nýtt samkomulag um kjarasamninga bankamanna þann 14. október 2004. Þetta samkomulag gildir enn.“

## ÁRIN 2007- 2015

### SÍB VERÐUR SSF

Nafnabreytingin úr Sambandi íslenskra bankamanna (SÍB) yfir í Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) átti sér stað árið 2007 eftir að félagsmönnum í fjármálageiranum, utan bankanna, hafði fjölgað mjög og þótti nýtt nafn gefa betri mynd af eðli og hlutverki stéttarfélagsins.

### ÓVISSUSKEIÐ OG FJÁRMÁLAKREPPA

Strax árið 2007 voru blikur á lofti varðandi rekstur og framtíð bankanna, þó engan hafi óráð fyrir þeirri atburðarás sem hófst haustið 2008. „Um haustið árið 2007 vorum við formenn SSF boðuð til fundar í Íslandsbanka og tjáð að bankinn hefði áhuga á að aðlaga betur starfsmannafjölda að rekstri, en að það yrði gert að mestu án uppsagna. Vorið 2008 var engu að síður ljóst að bankinn ætlaði að segja upp um 100 starfsmönnum á öllum sviðum bankans. Sömu skilaboð komu frá öðrum bönkum og sparisjóðum, nauðsynlegt væri að draga saman starfsemi og fækka starfsmönnum. Að þessu var unnið um sumarið og fram eftir hausti 2008.“

Í lok september árið 2008 lá fyrir yfirtaka ríkisins á Íslandsbanka og í byrjun október féllu einnig Landsbanki og Kaupþing. „Krafa ríkisins var skýr við stofnun nýju bankanna þriggja í október 2008. Þeim var uppálagt að fækka starfsmönnum um 30-40%, eða um 1500 störf, sem átti að leggja niður strax í október. Í upphafi snérist öll vinna stjórnar SSF og stjórnar starfsmannafélaga bankanna að því að tryggja sem flestum áframhaldandi starf, að fækka uppsögnum eins og unnt væri. Þar mættum við kjörnir fulltrúar félaganna, lögfræðingum á vegum FME ásamt stjórnendum fyrirtækjanna á löngum og ströngum fundum. Með mikilli baráttu tókst að koma fyrirhuguðum uppsögnum úr 40% niður í rúm 20% þetta fyrsta ár, en síðar bættust því miður við fjöldi uppsagna“ segir Friðbert. Samhliða þessari baráttu var unnið að því að tryggja öllum starfsmönnum greiddan uppsagnarfrest, en ætlun ríkisvaldsins var að senda þá starfsmenn sem misstu starfið á Tryggingarsjóð launagreiðenda, sem aðeins hefði greitt hluta af kjarasamningsbundnum uppsagnarfresti. Hann segir að þessi barátta hafi sem betur fer skilað sér því allir fengu sinn uppsagnarfrest greiddan án vinnuframlags.

### AÐSTOÐ Í ÁFALLINU

„SSF vann mikið og öflugt starf víða við að draga sem mest úr áfalli þeirra sem misstu vinnuna með ýmis konar aðstoð“ segir Friðbert sem segir þennan tíma og til dagsins í dag hafa verið annasaman. Hann segir að þetta tímabil hafi að mörgu leyti runnið í eitt skeið þar sem

afleiðingar kreppunnar væru enn að koma fram.

SSF útvegaði lögmennt þar sem ágreiningur var, greiddi fyrir sálfræðiaðstoð og aðstoð ráðningastofa (Capacent og Hagvang) vegna undirbúnings fyrir launaviðtöl og gerð ferilskráa og ótal margt fleira. „Hundruðir félagsmanna fóru á námskeið, m.a. hjá „Nýttu kraftinn“ til að undirbúa sig fyrir atvinnu hjá nýjum vinnuveitanda og á tímabili var starfandi nokkurs konar neyðarmóttaka hjá Rauða krossinum á vegum SSF“ segir Friðbert en margir félagsmenn urðu fyrir miklu áfalli á þessum tíma. „Afleiðingar efnahagskreppunnar komu fram á ýmsa vegu og mikill tími og orka fór í það að takast á við það verkefni sem var meira eða minna í gangi fram á árið 2013 þar sem í kjölfar hruns bankanna þriggja lentu önnur fjármálafyrirtæki einnig í hruni og lokun. Allir sem hafa tjáð sig við okkur forsvarsmenn og starfsmenn telja að SSF hafi staðið sig afar vel í þessu „björgunarstarfi“ og að við hefðum veitt alla þá aðstoð sem mögulegt var að veita félagsmönnum við þessar erfiðu aðstæður.“

### BARÁTTUNNI ER EKKI LOKIÐ

Í dag eru félagsmenn SSF um 4000 talsins en voru um 6000 þegar mest var. Þrátt fyrir þessa miklu fækkun félagsmanna og starfsmanna í fjármálageiranum er „enn skýr krafa yfirvalda og ýmissa álitsgjafa í þjóðfélaginu um að enn þurfi að „hagræða“ og fækka starfsmönnum íslenskra fjármálafyrirtækja. Undir þessa kröfu um hagræðingu taka stjórnendur banka og sparisjóða einnig í öllum viðtölum.

### FRAMTÍÐIN

Friðbert telur að enn sé mikil barátta framundan við að tryggja atvinnu og tryggja réttindi og kjör félagsmanna SSF. Krafan um hagræðingu heldur áfram og einnig er að renna í garð mikill umbreytingatími í íslensku fjármálalífi og því telur Friðbert að það sé mikilvægt að innan SSF sé „reynslumikið baráttufólk til að stýra þeirri réttindabaráttu á vegum SSF nú sem áður.“

Að því sögðu liggur beinast við að spyrja hvort hann hyggist gefa áfram kost á sér til formennsku SSF á næsta þingi sem haldið verður í mars á næsta ári. „Ég hef starfað að félagsmálum allt frá því ég gekk í skátahreyfinguna á Flateyri þegar ég var 10 ára. Ég hef setið í stjórnnum skólafélaga, ípróttafélaga, starfsmannafélaga, húsfélaga, stéttarfélaga bæði á Íslandi og erlendis, lífeyrissjóða og samtaka lífeyrissjóða og þannig má lengi telja. Ég tel mig vera á besta aldri, rétt sextugur og með mikla starfsorku. Síðastliðin 15 ár hef ég unnið á skrifstofu SSF sem formaður og framkvæmdastjóri. Allan þann tíma hef ég fengið gífurlegan stuðning frá félagsmönnum SSF, sem ítrekað tjá okkur starfsmönnum SSF ánægju sína með þjónustu og frábært starf stéttarfélagsins. Ég er því ákveðinn í að bjóða mig áfram til starfa fyrir okkar frábæra stéttarfélag á þingi samtakanna í mars 2016“ segir Friðbert.

Hann segist eiga nóg inni þrátt fyrir að hafa verið formaður SSF í þennan tíma. „Ég hef þannig aflað mér mikillar reynslu á öllum þessum sviðum undanfarna áratugi. Ég er menntaður hagfræðingur frá Háskóla Íslands sem hefur hjálpað mér mikið í öllum þeim samningamálum sem ég hef sinnt fyrir hönd félagsmanna SSF.“ Á þeim tíma sem Friðbert hefur gegnt formennsku hefur SSF gert níu kjarasamninga og að hans mati þá er enginn vafi á því að „í flest öllum tilfellum hefur SSF gert betri kjarasamning, eða í það minnsta sambærilegan við önnur stéttarfélög á íslenskum vinnumarkaði. Þegar rauntölur launahækkana (Hagstofan) eru skoðaðar undanfarnin ár er ljóst að til viðbótar umsömdum launahækkunum hafa margir félagsmenn SSF einnig fengið það launaskrið sem viðvarandi var flest árin. Kjarasamningur SSF þykir einn sá albesti á markaðnum hvað varðar starfstengd réttindi og kjör, og þannig viljum við hafa hann áfram um alla framtíð“ segir Friðbert að lokum.

# „ÆTLAR KERLINGIN EKKERT AÐ FARA AÐ KOMA SÉR HÉÐAN ÚT“



LOVÍSA SÍMONARDÓTTIR, ER FÆDD Á SUÐURNESJUM, ÓLST ÞAR UPP Í SVEIT OG GEKK ÞAR Í BARNASKÓLA. HÚN GEKK SVO Í GAGNFRÆÐISKÓLANN Í KEFLAVÍK OG KLÁRAÐI ÞAR GAGNFRÆÐIPRÓF OG LANDSPRÓF. LOVÍSA VANN Í REYKJAVÍK LENGI VEL VIÐ ALMENN SKRIFSTOFUSTÖRF OG Á HREPPSKRIFSTOFU VATNSLEYSUSTRANDAHREPPS SEM ÞÁ HÉT, ÁÐUR EN HÚN FLUTTI SVO NORÐUR Á SAUÐÁRKRÓK MEÐ MANNINUM SÍNUM, ORMARI JÓNSSYNI, ÁRIÐ 1976. ÞAR STARFAÐI HÚN FYRST HJÁ KAUPFÉLAGI SKAGAFJARÐAR Í TVÖ ÁR OG EFTIR ÞAÐ Í APÓTEKINU ÞAR SEM HÚN VANN NÆSTU 13 ÁRIN. SÍÐAN ÞÁ HEFUR HÚN UNNIÐ FYRIR BYGGÐASTOFNUN, FYRST AÐ HLUTA TIL SEM STARFSMAÐUR STJÓRNSÝSLUHÚSSINS Á SAUÐÁRKRÓKI EN SÍÐAN ÁRIÐ 2001 HEFUR HÚN VERIÐ ÞAR Í FULLU STARFI ÞAR TIL UM SÍÐUSTU ÁRAMÓT EN ÞÁ HÆTTI HÚN SÖKUM ALDURS.

VIÐ SETTUMST NIÐUR MEÐ LOVÍSU SÍÐASTA SUMAR OG RÆDDUM VIÐ HANA UM BYGGÐASTOFNUN, STARFSLOKIN OG LÍFIÐ OG TILVERUNA. LOVÍSA ER HRESS OG SKEMMTILEG OG MÆTIR LÍFINU OG NÝJUM VERKEFNUM MEÐ EFTIRVÆNTINGU.

## „AÐFLUTTUR KRÓKSARI“

Þrátt fyrir að hafa búið fyrir norðan frá því árið 1976 segist hún ekki enn kalla sig Skagfirðing og hefur ennþá „stimpilinn“ aðfluttur Króksari. „Mér hefur nú verið sagt það að maður verði ekki Skagfirðingur fyrr en maður eigi tvær ömmur í kirkjugarðinum“ segir Lovísa og hlær. „Einu sinni var það nú í umræðunni að fjölga Skagfirðingum og kom þá einn innan Byggðastofnunar með þá bráðskemmtilegu hugmynd að flytja þá látnu í kirkjugarðinn á Sauðárkróki til að fjölga Skagfirðingunum“ segir Lovísa sem kann afskaplega vel sig á Sauðárkróki og nýtur lífsins í Skagafirðinum.

Eftir að hafa unnið í apótekinu á Sauðárkróki í 13 ár varð hún ritari í stjórnsýsluhúsinu sem þá var nýtt en það var sett á fót árið 1993 til að sameina stjórnsýslustofnanir í Skagafirði á einn stað, t.a.m. Byggðastofnun, sveitarstjórnarskrifstofuna, félagsþjónustuna, Héraðsdóm, Vinnueftirlitið, Ungmennasambandið og verkálýðsfélagið. „Það var alveg nýtt starf og byrjuðum við alveg frá grunni sem mér þykir ákaflega gaman að gera, við unnum fyrir allar þessar stofnanir og félög sem voru í húsinu. Með því að sinna þeim öllum fengum við mjög víðtæka þekkingu og góða reynslu. Í þessu húsi var Byggðastofnun með útibú og þar kynnist ég Byggðastofnun“ segir Lovísa.

## BYGGÐASTOFNUN FLYTUR NORÐUR

Þróunarsvið Byggðastofnunar flytur svo á Sauðárkrók 1998 og í Stjórnsýsluhúsið svokallaða. Enginn starfsmaður fylgdi þróunarsviðinu norður að sunnan. Guðmundur Guðmundsson, sem þá var starfandi á Akureyri starfaði áfram og kom yfir á Sauðárkrók. Byggðastofnun flytur svo í heild sinni norður á Sauðárkrók árið 2001. Fram að þeim tíma hafði Byggðastofnun verið með útibú á Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði og höfuðstöðvarnar voru svo í Reykjavík. Einungis tveir starfsmenn Byggðastofnunar fylgdu henni norður og því þurfti að auglýsa allar aðrar stöður að nýju og hefja nánast starfið á nýjum stað frá grunni. Það var eðlilega mikill hiti vegna þessara breytinga. Sérstaklega hjá því starfsfólki sem varð eftir fyrir sunnan og var ekki tilbúið að fara í búferlaflutninga. „Mig minnir nú að því fólki hafi verið boðin önnur störf og flestir ef ekki allir hafi þegið slíkt. En auðvitað voru ekki allir sáttir, mikill kurr og óánægja“ segir Lovísa. Hún segir að unnið hafi verið að þessu í nokkur ár áður en hún flutti alfarið og flutningurinn hafi verið í umræðunni í talsverðan tíma og því kom hann engum í opna skjöldu. Rökin fyrir flutningnum voru þau að eðli málsins samkvæmt ætti Byggðastofnun að vera úti á landi. „Þetta var pólitísk ákvörðun sem snéri að eðli starfseminnar“ segir Lovísa.

Á þessum tíma vann Lovísa sem starfsmaður Stjórnsýsluhússins og vann þ.a.l. sem starfsmaður þróunarsviðsins sem og annarra stofnana og félaga sem í húsinu voru. Lovísa þótti þessi umbreytingatími í starfsemi Byggðastofnunar spennandi og sótti um starf sem ritari og fékk það. Byggðastofnun flutti þá í nýtt skrifstofuhúsnæði á





Sauðárkróki. „Starfsumhverfið var skemmtilegt og krefjandi. Þetta var tiltölulega nýtt fyrir mér, þarna ríkti mikil óvissa í rauninni og rennt mjög blint í sjóinn, þar sem takmörkuð þekking flutti með stofnuninni. Hver dagur var ævintýri út af fyrir sig. Við byrjuðum á því að taka upp úr kössum sem aðrir höfði pakkað ofan í og reyndum að koma skipulagi á hlutina. Við fengum sem betur fer smá aðstoð í upphafi frá fráfarandi starfsfólki sem kom norður og leiðbeindi okkur, það var auðvitað nauðsynlegt. Þetta var mjög erfiður tími fyrst um sinn, við unnum frá morgni til kvölds við að standsetja og hvert skref var mikilvægt. Þegar ég lít til baka þá tókst okkur ótrúlega vel að byggja upp stofnunina á nýjum stað með nýju fólki. Það tók um tvö ár að koma þessu í rétt horf, læra og tileinka sér ný vinnubrögð og koma öllu skipulagi og öllum verkferlum á réttan stað.

## BYGGÐASTOFNUN

Lovísa starfaði hjá Bygðastofnun frá árinu 2001 og fram til síðustu áramóta, 2014/2015. Á þeim tímapunkti var hún eini starfsmaðurinn sem hafði unnið hjá Bygðastofnun fyrir sameiningu stofnunarinnar. „Bygðastofnun hefur breyst gríðarlega á þessum tíma“ segir Lovísa. „Ekki síst á undanförunum árum, eftir að stofnunin varð sjálfstæðari. Ég hafði um tíma á tilfinningunni að stofnunin væri háð, að vissu leyti, pólitískum gæluverkefnum. En í dag er það mitt mat að hún er orðin sjálfstæðari, gagnsæ og mjög fagleg í vinnubrögðum, verkefnum og ákvarðanatökum. Auðvitað breyttist stofnunin alltaf að eithverju leyti með nýjum stjórnarformönnum.“

Hún segir að tímabilið hjá Bygðastofnun hafi verið frábær tími. „Þetta er mjög góður vinnustaður og ég er gríðarlega stolt af stofnuninni og þeim breytingum sem hún hefur tekið. Þetta er gríðarlega þéttur hópur starfsfólks og hópurinn hefur haldist mjög vel, nánast engin starfsmannavelta sem auðveldar alla teymisvinnu sem er þónokkur. Þetta eru svo fjölbreytt verkefni sem stofnunin vinnur að og allt mjög spennandi verkefni. Það gerir vinnustaðinn svo heillandi.“

## ÁKVEÐIN Í AÐ HÆTTA

„Ég hef alltaf verið ákveðin í að hætta 67 ára“ segir Lovísa. „Ég sé ekki eftir því að hafa hætt á þessum aldri, ég hef nóg fyrir stafni og ég kveið aldrei því að hætta að vinna. Maður á ekki að vera að hanga á eithverjum vinnustað þangað til maður verður fyrir. Það er ekki mjög spennandi þegar fólk fer að hugsa, ætlar kerlingin ekkert að fara að koma sér héðan út“ segir Lovísa hlæjandi og bætir því við að hún voni að það hafi ekki verið tilfellið hjá sér, „ég varð allavega ekki vör við það, nema þá að allir hafi verið svona hógværir“.

„Svo eru allir að spyrja, og hvað ertu svo að gera, hvað gerir þú á daginn og þar fram eftir götunum. Nú, ég sé auðvitað, að ég sé að hvíla mig, loksins, eftir ævistarfið, njóta lífsins og nú geri ég það sem mig langar til að gera þegar mig langar til að gera það. Ég er ekkert að eltast við nein áhugamál, ég sækist

sko ekkert í hluti þar sem ég þarf að vera eittversstaðar á ákveðnum tímamarki. Ég er frjálst og geri það sem ég vil þegar ég vil“. Lovísa segist þó vera orðin föst á Króknum þrátt fyrir að vera aðflutt og sér fyrir sér að vera þar áfram, þrátt fyrir að synir hennar, sem eru orðnir fullorðnir, séu fyrir sunnan.

Hún segir að fólk á sínum aldri sé óþarflega kvíðið því að hætta að vinna. „Það eru alltaf einhverjir sem eru kvíðnir fyrir öllum breytingum en lífið er kaflaskipt og það er ekki til neins að vera kvíðinn breytingum í lífinu. Það á ekki að vera að mikla fyrir sér breytingar eins og mér finnst fólk almennt gera of mikið. Þetta er ekkert til þess að kvíða fyrir, það er svo margt sem lífið hefur upp á að bjóða fyrir fólk á öllum aldri.“

## SSF

Aðspurð um stéttarfélagið sitt segist hún ánægð með alla þá þjónustu sem hún hefur fengið í gegnum tíðina hjá SSF. Að hennar mati hefur á undanförunum árum „verið erfitt að vera fjármálastarfsmaður, einkum eftir fjármálakreppuna, erfiðara, eflaust, fyrir starfsfólk bankanna og erfiðara en fólk gerir sér almennt grein fyrir. Ég þekki margt fólk sem hefur hætt á undanförunum árum og það hefur talað um það að það gerði sér ekki almennilega grein fyrir því hversu erfitt þetta var fyrr en það var komið annað, vegna áreitisins, innan og utan vinnu og ég óttast að það sé ekki búíð ennþá“ segir Lovísa.

Hún telur að stytting vinnuvikunnar og aukin vetrarfrí ættu að vera helstu baráttumál SSF á næstu árum. Hún segir að innan fjármálageirans sé mikið af ungu fjölskyldufólki sem þarf á vetrarfríum að halda vegna uppeldisins og aukinnar áherslu á samverustundir fjölskyldunnar. Starfsdagar grunn- og leikskóla leggja einnig aukinn þunga á þetta baráttumál að mínu mati.

Hún telur að SSF ætti að vera leiðandi í umræðum um vinnumarkaðinn, styttingu vinnuvikunnar, starfsumhverfi, fjölskylduvænni vinnustaði o.s.frv. „Með því er ég ekki að gagnrýna SSF í dag, að mörgu leyti hefur SSF verið leiðandi í gegnum tíðina en við gætum verið sýnilegri“ segir Lovísa.





Kolbrún

*Erla B. Kristinsdóttir og Kolbrún Stella Indriðadóttir starfa báðar hjá Landsbankanum á Hvammstanga. Þær una sér vel þar fyrir norðan í starfi og daglegu lífi. Við tókum þær tali og förum yfir starfið, stéttarfélagið, kjarasamninginn og hvernig það er að vera bankastarfsmaður.*



Erla

- 0159 -

# HVAMMSTANGI

## STOLTAR LANDSBYGGÐAKONUR

Erla og Kolbrún eru báðar aldnar upp úti á landi og eiga það sameiginlegt að hafa búið á höfuðborgarsvæðinu um tíma en snúið aftur út á land. Þar líður þeim vel og vilja helst hvergi annarsstaðar vera en einmitt á Hvammstanga. Erla er uppallinn Reyðfirðingur og Húnavetningur en flutti til Reykjavíkur að loknum grunnskóla og bjó þar í 7 ár áður en hún flutti aftur norður á Hvammstanga. Hún er gift Sveini I. Bragasyni, bifvélavirkja, og saman eiga þau þrjú börn, Óðinn Ívar, Júlíu Jökulrós og Fróða.

Kolbrún, er Vestur- Húnavetningur og býr á jörðinni Lindarberg ásamt manninum sínum Ragnari Smára Helgasyni og eiga þau tvö börn, Raket Gígju og Indriða Rökkva.

## SAMTALS YFIR 31 ÁRS STARFSREYNSLA

Þær Erla og Kolbrún búa yfir fjölbreyttri og langri starfsreynslu innan bankageirans. Saman hafa þær unnið í banka í yfir 31 ár samtals og sú reynsla er fjölbreytt þar sem þær hafa gengið í gegnum mikinn umbreytingartíma í íslenskrum bankapjónustu. Kolbrún hefur unnið við bankapjónustu meira og minna síðan árið 1997. „Ég hef unnið lengi við bankapjónustu, byrjaði í sumarafleysingum hjá Sparisjóði Húnaþings og stranda með fjölbrautarskóla og svo háskóla. Eftir háskólanám starfaði ég um skeið hjá SPRON og flutti svo norður og hóf störf hjá Sparisjóði Húnaþings og stranda eftir rúmt ár hjá Fæðingarorlofsjóði á Hvammstanga. Sparisjóður Húnaþings og stranda breyttist svo í SpKef og svo í Landsbankann“ segir Kolbrún.

## SKEMMTILEGT AÐ STARFA VIÐ BANKAPJÓNUSTU

„Já, það er skemmtilegt að vinna í banka“ segir Erla aðspurð um það. „Það er krefjandi og gefandi og engir tveir dagar eins þrátt fyrir að vinnuumhverfið sé alltaf það sama, einu ókostirnir sem ég finn er kyrrsetan og inniveran, einnig hefur niðurskurðurinn í útibúum verið of mikill á stuttum tíma og því álagið mun meira“ segir Erla. Kolbrún tekur í sama streng. Henni finnst fjölbreytileikinn mikill og

starfið skemmtilegt. „Ég hef alltaf fundið mig best í bankageiranum af þeim störfum sem ég hef unnið um ævina. Helstu gallar við starfið núna er hvað álagið hefur aukist til muna þar sem færri starfsfólk er í útibúum en áður.“

## ALMENNINGUR LÆTUR ALLT FLAKKA

Aðspurðar um það hvort þær telji sig finna fyrir breyttu viðhorfi í garð bankastarfsmanna telja þær það svo sannarlega vera. „Viðhorf til bankastarfsmanna hafa breyst undanfarin ár, fólk leyfist meira að tala illa um stéttina og lætur allt flakka sérstaklega á samfélagsmiðlum, en við höfum samt ekki mikið fundið fyrir því hér, en þetta er nú að róast, held ég“ segir Erla. Kolbrún telur að starfsfólk á höfuðborgarsvæðinu finni meira fyrir þessu en auðvitað verða þær varar við breytt viðhorf. Kolbrún telur að það hafi einkum verið áberandi í kjölfar fjármálakreppunnar þar sem auðsýnilega var mikil reiði á meðal almennings gagnvart bönkunum sem bitnað hafi á starfsfólki.

## ÁNÆGÐAR MED SSF

Báðar segjast þær ánægðar með stéttarfélagið. „Það er gott að vita af félaginu og starfsfólki þess, ef eitthvað kemur upp á, SSF styður mjög vel við sitt fólk og gengur á eftir málnum sem koma inn á borð til þeirra“ segir Erla. Hún segir styrkina sem félagið veitir félagsmönnum sínum mjög sterka og veiti verulegan stuðning, t.d. menntunarsjóðurinn. „Ég hef það á tilfinningunni að félagsmenn séu ekki nægilega meðvitáðir um styrkina en þeir ættu að kynna sér þá valkosti vel því þar eru frábærir styrkir sem ég held að félagsmenn sé ekki að kynna sér nægilega vel“ segir Erla. Þær segjast báðar nokkuð sáttar við nýgerðan kjarasamning SSF þó svo að það sé nokkur atriði sem hefðu mátt fara þar inn, en taka það fram að það sé auðvitað alltaf eitthvað sem megi betur fara en þannig sé það alltaf. „T.a.m. hefði nú gamlársgangur alveg mátt verða fridagur eins og margoft hefur verið talað um“ segir Kolbrún að lokum.



# „GÖMUL KLISJA AÐ BANKAMENN SÉU HÁLAUNAFÓLK“

SEGIR ANNA MARÍA RAFNSDÓTTIR, GJALDKERI ARION BANKA Í STYKKISHÓLMI

## BANKINN VAR SAMKOMUSTAÐUR

Anna María hóf störf í bankaþjónustu þann 1. september árið 1976 og fagnar því sínu fertugasta starfsafmæli á næsta ári. Hún hóf störf hjá Búnaðarbankanum í sínum heimabæ, Stykkishólmi, og segir margt hafa breyst á þessum tíma og í raun ekkert líkt lengur með þeim vinnustað sem hún hóf störf á og vinnustaðnum eins og hann er í dag, þó svo að starfsheiti og þjónustan sé hin sama. Í dag starfar hún hjá Arion banka og hefur unnið þar frá því hann hét Búnaðarbankinn.

„Það er í raun ekki hægt að bera störfin saman í dag“ segir Anna. „Í þá tíð, svo ég tali nú eins og gömul kona“, bætir Anna við og hlær, „komu allir í bankann til að sinna sínum viðskiptum og oft margt um manninn og mikið fjör. Þá má í raun segja að þetta hafi verið einn af samkomustöðum bæjarins. Hingað komu íbúar og ræddu landsins gagn og nauðsynjar og auðvitað um það sem var að gerast í bæjarlífinu“ segir Anna sem er ekki frá því að hún sakni þess tímabils þegar að útibúið var svo stór þáttur mannlífsins. Í þá daga voru útreikningar á vöxtum á reikninga á sparisjóðsbókum og ávísunum gríðarlega umfangsmikill þáttur í daglegum störfum gjaldkerans. „Þá hófst t.d. undirbúningur fyrir áramótin með því að

við byrjuðum að reikna vexti á allar sparisjóðsbækur í nóvember og desember og handfærðum svo inn í bækurnar. Þá reiknuðum við vexti mánaðarlega til dæmis á ávísana- og hlaupareikninga“ segir Anna. Í dag er starf hennar með allt öðrum hætti. Þó svo að hún minnst „gömlu“ góðu daganna með vissri rómantík þá leiðist henni ekki í vinnunni í dag. „Fjölbreytileikinn er miklu meiri og starfið ekki eins einhæft sem er mikill kostur“ segir hún. Hún hefur mjög gaman af því sem hún er að gera og óhætt að segja að mikið líf sé í kringum hana og mikið stuð.

## VIÐHORF ALMENNINGS HEFUR BREYST

Anna segir að viðhorf almennings til bankastofnana og starfsmanna hafi breyst mjög mikið. Alla tíð hefur traustið verið mjög mikið en með fjármálakreppunni hvarf það á einum degi. „Fyrir það fyrsta eru viðskiptavinir á varðbergi gagnvart bönkunum almennt og við þurfum að vinna upp traust bankanna við viðskiptavinina að nýju. Við fengum nú ýmislegt að heyra á sínum tíma sem að var ekki í okkar valdi að svara fyrir, en flestir voru bara afskaplega kurteisir og æðrulausir“ segir Anna.

## VILL FREKARI KJARABÆTUR

Anna telur að í ljósi breyttra viðhorfa og ákveðins skilningsleysis á kjörum og störfum starfsfólks í fjármálaþjónustu hafi kjarabaráttan verið erfiðari. „Hvað launin varðar þá er það gömul klisja að bankamenn séu hálaunafólk, það eru kannski eitthverjir útvaldir en ekki hinn almenni bankastarfsmaður“ segir Anna. Hún telur ýmislegt þess valdandi að umræðan og ákveðið skilningsleysi sé með þessum hætti t.d. fjölmiðlaumfjöllun um heildarlaun bankamanna þar sem fámennur hópur skekki myndina og umræðan um bónusgreiðslur sem fjölmargir telji að starfsfólk fjármálastofnana fái. Anna bætir því einnig við að „því hafi alltaf verið haldið fram að starfsfólk í bönkum á höfuðborgarsvæðinu séu með hærri laun en starfsfólkið í landsbygðunum, og það er engin vitleysa. Fólk hefur flutt sig úr mínu útibúi til höfuðborgarinnar og fengið launahækkun. Það er mín skoðun að við eigum að ganga hart fram og fylgja eftir þeim kröfum sem um var rætt á haustfundi trúnaðarmanna og stjórnar á Selfossi í ár“ segir Anna.

## VERKFAHALLSVOPNIÐ EKKI ENDILEGA LAUSNIN

Aðspurð að því hvort hún telji að SSF hefði átt að beita verkfallsvopninu segist hún ekki viss um að það skili tilætluðum árangri. „Ég sjálf hef upplifað að fara í verkfall eftir að ég hóf störf í bankanum en ég man í raun ekki hvort að við náðum fram betri kjörum. En þetta var ótrúlega skemmtilegt, skrítið að segja svona, en það var mikil samkennd og stemmning. Fólk var að hittast og við stóðum verkfallsvaktir ef að þurfa þótti“ segir Anna. Hún bætir því við að hún sé efins um að almenningur hafi almennt skilning á kjarakröfum, „hinn almenni viðskiptavinur held ég að sé ekkert að spá í þá hluti. En það eru margir sem halda að bankastarfsmenn sé með miklu betri launakjör en raunin er“ bætir Anna við að lokum.



Anna María við höfnina í Stykkishólmi.

# FORMENN SAMTAKS FJÁRMÁLAFYRIR



**HARALDUR JOHANNESSEN**  
1935 - 1936, 1937 - 1938




**EINVARÐUR HALLVARÐSSON**  
1936 - 1938, 1955 - 1957




**HENRIK THORARENSEN**  
1938 - 1939, 1944 - 1945




**HAUKUR ÞORLEIFSSON**  
1939 - 1940, 1942 - 1943



**ÞORGILS INGVARSSON**  
1940 - 1941



**BJARNI SIGHVATSSON**  
1941 - 1942



**KLEMENS TRYGGVASON**  
1943 - 1945



**JÓN SIGURÐSSON**  
1945 - 1946




**KRISTÍN M.  
KRISTINSDÓTTIR**  
1946 - 1947




**GUNNLAUGUR G.  
BJÖRNSSON**  
1947 - 1948



# KA STARFSMANNA TÆKJA 1935-2015



**ADOLF BJÖRNSSON**  
1951 - 1953, 1957 - 1959



**ÞÓRHALLUR TRYGGVASON**  
1953 - 1955



**HANNES PÁLSSON**  
1959 - 1961, 1967 - 1975



**BJARNI G. MAGNÚSSON**  
1961 - 1963



**SIGURÐUR ÖRN  
EINARSSON**  
1963 - 1965



**SÓLÓN R. SIGURÐSSON**  
1975 - 1979



**ÁRNÍ SVEINSSON**  
1979 - 1981



**SVEINN SVEINSSON**  
1981 - 1985



**HINRIK GREIPSSON**  
1985 - 1989



**YNGVI ÖRN KRISTINSSON**  
1989 - 1991



**ANNA G. ÍVARSDÓTTIR**  
1991 - 1995



**FRIÐBERT TRAUSTASON**  
1995 -

# HÆTTUR EFTIR 47 ÁRA STARF Í BANKA- ÞJÓNUSTU

Jóhann Jóhannsson fyrir utan síðasta vinnustað sinn, Íslandsbanka, Skipagötu 14 á Akureyri. Mynd: Þórhallur Jónsson.

JÓHANN JÓHANNSSON, FYRRVERANDI STARFSMAÐUR ÍSLANDBANKA Á AKUREYRI, LÉT NÝVERIÐ AF STÖRFUM VEGNA ALDURS EFTIR UM 47 ÁRA STARFSFERIL Í BANKAGEIRANUM. Jóhann er fæddur 1949, kvæntur Steinunni Eggertsdóttur, hárgreiðslumeistara og eiga þau þrjú uppkomin börn og sex barnabörn. Jóhann hefur upplifað á sínum starfsferli miklar breytingar í bankageiranum hvort sem lítið er til rekstrarforms, þjónustu eða viðhorfs almennings. Í dag nýtur hann eftirlaunaáranna og hefur aldrei haft jafn mikið að gera, svo mikið að erfitt var að finna tíma fyrir viðtalið vegna anna við m.a. að gæta að barnabörnum, sjá um fjölskylduna, frístundaástandun og fjölmargt fleira.

## HÓF STÖRF HJÁ IÐNAÐARBANKANUM

Jóhann segir að upphafið að sínum bankaferli hafi borið brátt að. „Það var um miðjan maí árið 1968 að Jóhann Tómas Egilsson, skrifstofustjóri Iðnaðarbankans á Akureyri og síðar útibússtjóri, kom að máli við mig þar sem ég var við störf í einni af verslun KEA og spurði hvort ég væri til í að vinna í útibú bankans. Þetta kom mjög flatt upp á mig en ég var ekki lengi að hugsa mig um og nokkrum dögum síðar eða 20. maí var ég hættur í minni fyrri vinnu og tekinn til starfa hjá Iðnaðarbankanum við útibú bankans sem þá var staðsett á jarðhæð Sjallans á Akureyri, í Geislagötu 15.“

## SÓTTI SÉR FRÆÐSLU Í BANKAMANNASKÓLANUM

„Við fyrsta tækifæri var svo farið í bankamannaskólann“ segir Jóhann en sá skóli var stofnaður árið 1959 eftir miklar umræður innan raða forystumanna Sambands íslenskra bankamanna. Skólinn starfaði fram til ársins 1999 og útskrifaði um 800 bankamenn á þeim þrjátíu árum sem hann starfaði. Eftir að rekstri skólans var hætt tók Menntunarsjóður SSF við hlutverki hans. Jóhann segir að samhliða bankaskólanum hafi verið öflug fræðsludeild innan bankans þar sem

kerfisbundið var farið í gegnum alla þjónustu og verkferla. Síðar sótti Jóhann nám í leiðtoga- og mannauðsstjórnun í Háskólanum í Reykjavík sem Íslandsbanki stóð fyrir auk þess að taka sölu- og þjónustunámskeið sem haldin voru á vegum Dale Carnegie.

## IÐNAÐARBANKINN VERÐUR ÍSLANDBANKI

Jóhann starfaði fyrst um sinn í sparisjóðseild Iðnaðarbankans og var þar til ársloka 1968. „Þá var ég gjaldkeri næstu sex árin þar á eftir eða þar til ársins 1975 en þá var ég ráðinn sem aðalfehérðir útíbúsins. Þegar Iðnaðarbankinn fékk svo gjaldeyrisleyfi árið 1983 tók ég við forstöðu gjaldeyrisdeildar útíbúsins samhliða starfi aðalfehérðis þar til sameining varð með útibúum Iðnaðarbankans, Útvegsbankans, Alþýðubankans og Verslunarbankans í kjarnaútibú Íslandsbanka hf. að Skipagötu 14 á Akureyri þann 25. september árið 1990.“ Í kjölfar sameiningar starfaði Jóhann sem fulltrúi í fyrirtækjadeild Íslandsbanka og sá þar um erlend viðskipti auk almennrar þjónustu fyrirtækja.

Í desember 1990 sótti Jóhann um stöðu þjónustustjóra einstaklinga hjá Íslandsbanka á Akureyri og Jóhann man það vel að þann 16. janúar 1991 barst honum bréf undirritað af Vali Valssyni, bankastjóra, þess efnis að hann hefði verið ráðinn úr hópi umsækjenda sem þjónustustjóri/viðskiptastjóri einstaklinga við útibú á Akureyri. Því starfi gegndi Jóhann til ársins 2011 er Íslandsbanki kaupir BYR hf. „en þá tók ég við stöðu lánastjóra einstaklinga og gegndi því til starfsloka þann 30. apríl 2015 og þar með lauk 47 ára starfsferli“ segir Jóhann.

## ÁNÆGJULEGUR EN BYLTINGARKENNDUR STARFSFERILL

„Á þessum langa og ánægjulega starfsferli mínum hafa orðið ótrúlegar breytingar á vöruframboði og þjónustu við viðskiptavininn en í fyrstu var einungis um út- og innlánaviðskipti að ræða sem breyst



hefur og þróast í flókna ráðgjöf og fjármálaþjónustu á alþjóðavísu. Tæknibyltingin sem varð á áttunda áratugnum er ógleymanleg en þá hóf tölvuvæðingin innreið sína í bankakerfið og nú er svo komið að stór hluti banka- og fjármálaþjónustu fer fram á netinu í gegnum tölvu eða síma. Samhliða þessu hefur sérstökum afgreiðsluvélum (innskot: hraðbönkum) verið komið fyrir í anddyrum útibúa og þjónustukjörnum þar sem viðskiptavinir eiga kost á öllum almennum bankaviðskiptum“ segir Jóhann og bætir því við að allar þessar breytingar hafi verið mjög umfangsmiklar og boðað gjörbreytingu á því þjónustufyrirkomulagi sem var þegar hann hóf fyrst störf.

### VIÐHORFIÐ BREYTTIST Á EINNI NÓTTU

Jóhann segir að viðhorf almennings til bankamanna hafi breyst á mjög skömmum tíma í kjölfar efnahagshrunsins. „Mín upplifun er sú að framan af var viðhorf til bankamanna og fjármálastofnana mjög gott, viðskiptavinir báru mikið traust til þessara stofnana en því er ekki að leyna að við hrunið og fjármálakreppuna sem fylgdi í kjölfarið hvarf það eins og döggi fyrir sólu og þetta tímabil var það allra erfiðasta sem ég hef upplifað sem viðskiptastjóri einstaklinga. Það kom eðlilega iðulega í minn hlut að taka á móti mjög ósáttum viðskiptavinum sem urðu fyrir fjárhagslegu tjóni sem var óumflýjanlegur fylgifiskur hrunsins þó svo að leiðréttingar útlána í formi endurútreiknings bankanna og aðgerðir ríkistjórnar hafi átt sér stað, eru ekki allir sáttir“ segir Jóhann. Þetta tímabil var því mjög erfitt fyrir hann eins og aðra bankastarfsmenn sem margir hverjir voru jafnframt að glíma við skert starfsöryggi.

Þjónustu- og viðhorfskannanir sem gerðar hafa verið sl. tvö ár sýna að traust og trúnaður á fjármálastofnanir er að koma til baka að einhverju leyti en það er klárlega töluvert langt í land ennþá að mati Jóhanns. Hann er þess þó fullviss að fjármálastofnanir muni ná sínum fyrri styrk á ný hvað traust almennings varðar.

### ALDREI HAFT ÞAÐ EINS ANNASAMT

Er líf eftir bankann? „Já, svo sannarlega“ segir Jóhann. Hann viðurkennir að hann hafi oft sérstaklega síðustu mánuðina áður en að hann hætti hjá bankanum hugsað um það hvernig það yrði að hætta eftir 47 ára starf. „Sérstaklega hvað varðar félagslega þáttinn, það að yfirgefa 30 samstarfsmenn útibúsins og tugi annara tengiliða í höfuðstöðvunum og öðrum útibúum að ógleymdum þeim stóra hópi viðskiptavina sem maður hefur kynnst á löngum ferli“ segir Jóhann.

Nú fjórum mánuðum eftir starfslok segist Jóhann aftur á móti aldrei hafa haft meira að gera eftir, „það hrúgast að mér verkefni sem hafa verið á bið árum saman auk þess sem mikið hefur verið að gera í fasteignamálum innan fjölskyldunnar. Ég tel það mjög nauðsynlegt að halda rúttínu, vakna á morgnana, vera í góðum tengslum við börnin og barnabörnin, rækta venskapinn við félagana, rækta sjálfan mig og til þess nýt ég þess að vera virkur í að sinna áhugamálanum sem eru fjölmörg“ segir Jóhann en hann stundar reglulega sund, golf, hjólreiðar, skotveiðar og skíði að vetrarlagi og því óhætt að segja að það væsi ekki um hann.







# MÓRALLINN SKIPTIR ÖLLU MÁLI

*Bryndís Björnsdóttir og Guðríður Ólafsdóttir koma út frá Bjarna og Hrafnhildi á Völlum í Svarfaðardal í einni af óvissuferðum vinnustaðarins.*

Í MAÍ SÍÐASTLIÐNUM HEIMSÓTTUM VIÐ VINNUSTAÐI FÉLAGSMANNA UM LAND ALLT. Á MEÐAL ÞEIRRA VINNUSTAÐA VAR HRESS OG SKEMMTILEGUR HÓPUR STARFSMANNA SPARISJÓÐS NORÐURLANDS Á DALVÍK. ÞEGAR SSF BAR ÞAR AÐ GARÐI HAFÐI SPARISJÓÐURINN EKKI SAMEINAST LANDSBANKANUM EINS OG NÚ ER ORÐIN RAUNIN. VIÐ SETTUMST NIÐUR OG RÆDDUM VIÐ STARFSFÓLKID BÆÐI FYRIR OG EFTIR SAMEININGU.

## ÞÉTTUR HÓPUR

Þegar SSF kom í heimsókn í maí sl. voru engin sameiningateikn á lofti. Afslappað og gott andrúmsloft einkenndi vinnustaðinn og auðsýnilegt að mikið var lagt upp með góðan mórál, gott starfsumhverfi og samheldni starfsmanna. Aðspurður hver lykkillinn að þessu væri sagði Jónas Pétursson, útibússtjóri, að hann teldi þetta eflaust rétt mat varðandi starfsandann, „Þessi hópur er samheldinn og búinn að starfa saman í mörg ár bæði í blíðu og stríðu, þannig að við þekkjum orðið hvert annað nokkuð vel og vitum hvernig við eigum að akta gagnvart hverjum og einum.“ Hann sagðist þó ekki gera sér grein fyrir því hver lykkillinn að þessu væri en eflaust væri skýringuna að finna í góðu starfsliði.

Í útibúinu starfa sjö starfsmenn, þau Auður Arna Eiríksdóttir, Bryndís Björnsdóttir, Guðný R. Sverrisdóttir, Guðrún M. Haraldsdóttir, Guðríður Ólafsdóttir, Jónas Pétursson og Kolbrún Gunnarsdóttir. Þegar starfsaldur þeirra er lagður saman myndar hann um 110 – 120 ár sem gefur ákveðna mynd af því hve góður vinnustaðurinn er.

## SAMVERA UTAN VINNU

Við ræddum við þær Guðrúnu Maríu og Kolbrúnu varðandi vinnustaðinn og hvað það væri sem gerði þennan vinnustað svona einstakan. „Markmið okkar á hverjum degi er að viðskiptavinir okkar fari brosandir og ánægðir heim. Svo að sjálfsgöðu reynum við að styðja við bakið hvert á öðru enda þekkjum við hvert annað mjög vel“ sögðu þær og tóku fram að lykilsendingan að því að senda viðskiptavinum brosandir heim væri fólgin í því að það væri brosandir starfsfólk sem tæki á móti þeim. „Við reynum að gera eitthvað saman í hverjum mánuði t.d. að fara á kaffihús bæjarins, í bíó, leikhús eða borða saman“ sögðu vinkonurnar.

Vinnustaðurinn hefur unnið til verðlauna í atakinu „Hjólað í vinnuna“. Þá hafa þau tekið þátt í og sett svip sinn á Bandýmót sem haldin hafa verið í Ólafsfirði og unnu þar m.a. til verðlauna fyrir glæsilegasta markið.

Reglulega gerir vinnustaðurinn eitthvað saman utan vinnu. „Við höfum farið í óvissuferðir og heimsótt kollega okkar, t.d. á Grenivík sem tóku afsþyrnuvel á móti okkur. Í lok ágúst sl. skipulögðum við



svo mikla óvissuferð með mökum, sem að sjálfsgöðu var boðið með, þar sem byrjað var á því að fá sér snittur, væta kverkarnar, raða í líð og útteila alls kyns skemmtilegum verkefnum. Síðan lá leiðin um Svarfaðardalinn með viðkomu á hinum ýmsu stöðum, t.d. var Fuglasafnið skoðað, bændur heimsóttir og við færðum þeim smá gjafir, fórum í leiki og enduðum svo á að borða saman. Þetta var ótrúlega vel heppnuð skemmtun og það þarf ekki að leita langt yfir skammt“ segja þær Guðrún og Kolbrún.

Á vinnustaðnum er bakkelsi vinsælt á kaffistofunni og vekur á starfsmaður mikla gleði sem kemur með heimabakað í vinnuna, sem gerist ósaldan. Þær segja að á vinnustaðnum ríki léttur andi og „sprellið sjaldan langt undan“. Þær bæta því við að „á góðum degi brestum við í söng, en kunnum samt enga texta, og steppum þá af lífi og sál. Eitt sinn er við komum saman eftir langa og stranga vinnuviku (þegar gullárareikningarnir voru nýkomnir) þá snöruðum við nýjum texta á lag sem sungið er í sunnudagaskólanum og heitir Biblía.

## GULLÁRA

ER BÓKIN BÓKANNA,

GÓÐA VEXTI HÚN GEFUR OSS,

GULLÁRA“

Það er bersýnlega gaman á þessum vinnustað og alls kyns uppátæki aldrei langt undan.

### SAMEINUÐ LANDSBANKANUM

Í sumar lá fyrir að samningar um samruna Sparisjóðs Norðurlands og Landsbankans stæðu yfir og varð sá samruni formlega að veruleika þann 4. september sl. Við þann samruna rann Sparisjóður Norðurlands, sem hafði útibú í Dalvík, Bolungarvík, Suðureyri, Þórshöfn, Raufarhöfn og á Kópaskeri, að fullu inn í Landsbankann. Samrunanum varð svo að fullu lokið með tilkynningu frá Landsbankanum þann 12. nóvember sl. og tilkynnt að afgreiðslurnar á Dalvík, Þórshöfn, Kópaskeri og Raufarhöfn myndu starfa nánast í óbreyttri mynd undir merkjum Landsbankans. Útibúin í

Bolungarvík og á Suðureyri voru sameinuð og veitir Landsbankinn nú bankapjónustu í nýrri þjónustumiðstöð sem hefur tekið til starfa í Ráðhúsi Bolungarvíkur.

### VEL UNDIRBÚIN UNDIR SAMEININGU

SSF var í góðu sambandi við sína félagsmenn þegar samruninn átti sér stað eins og alltaf þegar slíkt gengur yfir. Við ræddum aftur við þær Kolbrúnu og Guðrúnu í kjölfarið og fengum viðbrögð þeirra eftir að ljóst var að af samrunanum yrði. „Við vissum það svo sem að þetta stæði til og við vorum búin að undirbúa okkur svolítið. Auðvitað slær sparisjóðshjartað ótt og títt eftir öll þessi ár þar“ sögðu þær. Í fyrstu var vissst óöryggi vegna samrunans þar sem vitað var að það yrðu einhverjar breytingar en enginn gat átt sig á því hverjar þær yrðu. Þegar ljóst var að af þessu yrði veltu margir fyrir sér framtíð sparisjóðskerfisins en almennt voru viðbrögð íbúa „lítil en góð“ sögðu þær og viss skilningur fyrir samrunanum. Þær vonast þó til þess að sparisjóðskerfið muni áfram lifa og vegna vel þó svo þær séu komnar annað.

### EFTIR SAMRUNA

Eðlilega tekur samruni sem þessi ákveðinn tíma og það getur verið strembið að tileinka sér ný kerfi og fylgja á eftir innleiðingu. Við ræddum við þær Kolbrúnu og Guðrúnu í byrjun nóvember, skömmu eftir að samruninn hafði að fullu átt sér stað. „Við erum núna farnar að vinna í kerfunum og við verðum að viðurkenna það að síðustu dagar hafa vægast sagt verið nokkuð strembnir. Við reynum þó að vera jákvæð og höfum haft með okkur frábært fólk til þjálfunar. Okkur er ákaflega vel tekið í Landsbankanum og allir eru boðnir og búnir að aðstoða okkur, en við erum að sjálfsgöðu mjög týnd í nýjum kerfum ennþá og finnst ákaflega margt nýtt að læra“ sögðu þær. Í heildina litið voru þær á því að samruninn í heild sinni hefði gengið vel en þó hefði upplýsingaflæðið mátt vera betra að þeirra mati og eins hefðu þær viljað eiga kost á því að fara á námskeið í nýjum kerfum. Þær eiga þó von á því að geta farið á námskeið í janúar.

Þær segja að samruninn hafi ekki verið sársaukalaus því þær hafi þurft að kveðja frábæran samstarfsmann en voru annars vongóðar um að engar frekari breytingar yrðu.

Sparisjóður Norðurlands

Við hjá Sparisjóðnum erum líka stolt af því að vera hluti af þessu góða samfélagi.

Frá því fyrir sameiningu þegar Sparisjóður Norðurlands var enn til. Fr. Guðný R. Sverrisdóttir, Guðrún M. Haraldsdóttir, Auður Arna Eiríksdóttir, Kolbrún Gunnarsdóttir, Bryndís Björnsdóttir, Jónas Pétursson og Guðrður Ólafsdóttir.

# ER NJÓSNAFORRIT Í SÍMANUM MÍNUM?

EF VINNUPÓSTHÓLFID ÞITT ER SETT UPP Í SÍMANUM ÞÍNUM ÞÁ ERU TALSVERÐAR LÍKUR Á ÞVÍ AD ÞAÐ SÉ EINNIG NJÓSNAFORRIT Í SÍMANUM. Tilgangur þessarar tegundar njósnaforríta er hinsvegar ekki að njósna um starfsmanninn heldur að verja þær viðkvæmu upplýsingar sem fyrirtækjatlövu-póstur er. Þessi forrit gegna því hlutverki nokkurs konar umsjónarkerfis sem gefur kerfisstjórum fyrirtækisins möguleika á að laga villur sem geta komið upp, tryggja gagnaöryggi og tryggja viðbrögð við því ef síminn týnist eða honum er stolið. Þannig getur kerfisstjórinn til að mynda brugðist við þjófnaði á símanum með því að eyða af honum öllum gögnum, jafnvel þó slökkt hafi verið á símanum.

Vandamálið við slík umsjónarkerfi er að snjallsíminn er svo miklu meira en bara sími. Raunar má ganga svo langt að segja að snjallsímar í dag séu hluti af persónunni sem notar þá. Facebook, Snapchat, Twitter, SMS, ljósmyndir, GPS staðsetningarferill og svo mætti lengi telja, eru allt upplýsingar sem síminn geymir. Og þá komum við að aðal vandamálinu. Umsjónarkerfin sem fyrirtæki nota til að tryggja gagnaöryggi á símanum gera ekki endilega greinarmun á tölvupóstforritinu og öðrum forritum í símanum og því má með réttu kalla slík forrit njósnaforrit. Með öðrum orðum, um leið og kerfisstjórinn virkjar umsjónarkerfið getur viðkomandi skostað öll þau gögn sem vistuð eru á símanum, til dæmis símtalaskrá, SMS, ljósmyndir og GPS staðsetningu, viðkomandi getur einnig virkjað forrit og raunar nánast notað símtækið á sama hátt og notandinn. Þegar hér er komið er rétt að taka skýrt fram að þó þessir möguleikar séu til staðar er ekki þar með sagt að kerfisstjórinn nýti þá, enda er það ekki tilgangurinn með því að setja kerfið upp á símann.



Tilgangurinn er að tryggja öryggi þeirra gagna sem vistuð eru á símanum og fyrirtækið á með réttu.

En er um að ræða brot á persónuvernd? Hér stangast á tvenn sjónarmið, annarsvegar réttur starfsmannsins til síns einkalífs og hinsvegar réttur fyrirtækisins til að tryggja viðkvæmar upplýsingar. Það er skodun undirritaðs að með einföldum hætti sé hægt að fara bil beggja og tryggja rétt allra sem að málinu koma. Það sé til að mynda gert með eftirfarandi hætti:

Ef slík umsjónarkerfi eru sett upp á snjallsíma starfsmanna sé viðkomandi með skýrum hætti, helst skriflega, gerð grein fyrir tilvist kerfisins og þeim eiginleikum sem það býr yfir.

Fyrirtæki sem gera kröfu um uppsetningu slíkra umsjónarkerfa á snjallsíma starfsmanna setji reglur um notkun forritanna og tryggi að öll notkun sé skráð með rekjanlegum hætti.

Tilgangurinn með þessum pistli er fyrst og fremst að vekja bæði starfsmenn og forsvarsmenn fyrirtækja til umhugsunar. Tæknin er á hraðferð og stundum þarf að staldra við og skoda hvort hagnýting tækninnar feli í sér að upp komi einhver fyrirsjáanleg vandamál, sem oft á tíðum má fyrirbyggja með einföldum hætti. Þá er rétt að taka fram að slík umsjónarkerfi sem lýst er í þessum pistli eru í stöðugri þróun og sum þeirra bjóða nú þegar upp á aðgangsstýringar sem takmarka aðgang kerfisstjóra að tilteknum gögnum og forritum. Þetta vandamál er þó aðeins einn angi af miklu stærra máli sem er að tæknin hefur valdið því að skilin milli einkalífs og vinnu eru orðin nokkuð óljós. Hvort sú þróun heldur áfram skal ósagt látið en einhver mörk þurfa að vera þarna á milli, eða er það ekki?

*Hilmar Vilberg Gylfason, fjármálastjóri SSF*

## TENGLAMYNDUN Í GEGNUM FÉLAGSSTARF, BEINN ÁVINNINGUR FYRIR FYRIRTÆKI

ÞAÐ AÐ Hafa ÖFLUGT STARFSMANNAFÉLAG FINNST MÉR VERA GÆDASTIMPILL FYRIR FYRIRTÆKI OG GERA FYRIRTÆKI EFTIRSÓKNARVERÐARI SEM VINNUSTAD. En til að geta rekið öflugt starfsmannafélag þarf skilning og vilja þeirra sem stjórna fyrirtækinu. Ég er svo lánssöm að vinna í Arion banka þar sem þessi skilningur er til staðar. Stjórnendur skilja mikilvægi öflugrar liðsheildar. En til að reka öflugt félagsstarf þarf fjármagn. Það að fyrirtæki styðji við starfsemi starfsmannafélaga er fjárfesting sem skilar sér beint í ánægðari starfsmanni.

Ég hef í mörg ár starfað í Ferðanefnd Skjalda. Ferðanefndin skipuleggur gönguferðir af öllum toga allt frá stuttum hellaferðum til krefjandi fjallanga og jöklaferða. Dagsferðir, trússaðar gönguferðir, stuttar ferðir í nágrenni höfuðborgarinnar, enn styttri ferðir innan borgarmarkanna og margt fleira. Við höfum leitast við að hafa verkefnið sem fjölbreyttast til að sem flestir geti notið og tekið þátt. Það þarf ekki að fjölyrða um hversu gott og heilsusamlegt það er að vera úti í náttúrunni, hvað það gefur manni mikla gleði og ánægju að takast á við landslag, veður, óvæntar aðstæður og svo mætti lengi telja. Við höfum líka tök á að taka maka okkar, börn eða vini með okkur í ferðirnar og kynnast þannig fjölskyldum samstarfsfélaganna.

Í öllum ferðum er megin áherslan lögð á það að við erum hópur sem höfum sett okkur markmið sem við ætlum að klára í sameiningu. Hvert svo sem markmiðið er þá styðjum við hvert annað ef á þarf að halda, þeir sem eru lofthræddir geta óhikað leitað aðstoðar hinna sem ekki kljást við það svo dæmi sé tekið. Við miðlum reynslu okkar og hjálpumst að.

Tengslamyndun er ótvíræð í ferðum sem þessum. Andrúmsloftið er



afslappað, þó er tilhlökkun í loftinu, allir hlakka til að takast á við verkefnið sem framundan er. Það er ótrúlega nærandi að vera saman úti í allt öðrum aðstæðum en við erum í dags daglega. Upplifa saman náttúruferðirna, skiptast á skodunum um hvað sé gott að hafa í nesti, deila vitneskju um örnefni, útbúnað og hvað eina sem við kemur ferðalaginu. Að góðu dagsverki loknu þegar t.d. komið er í skála, hefst mannskapurinn handa við að útbúa mat, halda kvöldvöku og rifja upp ferð dagsins og skipuleggja næsta dag. Það er einstakur andi sem skapast í hópnum, mikil samheldni, umhyggja, gleði, skodanaskipti og svo mætti lengi telja.

Allt sem að ofan er talið getum við heimfært upp á vinnuna okkar þó verkefnið séu ólík því sem við gerum dags daglega í vinnunni. Útgangspunkturinn er þó alltaf sá sami, að klára verkefnið saman sem hópur.

Beinn ávinningur fyrirtækis af góðu og öflugu starfsmannafélagi er sú tengslamyndun sem verður til í gegnum félagsstarfið. Við kynnumst fólki af öllum sviðum, þekkjum það með nafni og getum óhikað sett okkur í samband við það aftur með það í farartekinu að hafa upplifað saman ánægjulegar stundir úti í náttúrunni. Þessi sameiginlega upplifun og samvera sem starfsmenn eiga sín á milli skilar góðri vináttu og gleði sem síðan skilar sér beint í vinnunni og samskiptum á vinnustaðnum. Það að ganga á vit ævintýrana án áreitiss frá síma, tölvu og fjölmiðlum skilar orkumeiri og endurnærðum starfsmanni aftur til starfa.

*Þórhalla Sólveig Signarsdóttir  
Starfsmaður Arion banka*





# Bygðastofnunin í 30 ár

BYGGÐASTOFNUN ER STAÐSETT Á SAUÐÁRKROKI EN STOFNUNIN ER Í EIGU ÍSLENSKA RÍKISINS. Hjá Bygðastofnun starfa 24 starfsmenn með mjög víðtæka menntun og reynslu. Stofnunin skiptist upp í þrjú svið; þróunar-, rekstrar-, lögfræði- og fyrirtækjasvið. Fyrirtækjasviðið er lánastarfsemi stofnunarinnar og á því sviði starfa auk forstöðumanns, þrjú lánasérfræðingar og ritari. Undirrituð tók við starfi sem forstöðumaður sviðsins og staðgengill forstjóra haustið 2012 en hafði þá verið lánasérfræðingur hjá stofnuninni frá því í desember 2007. Bygðastofnun var sett á laggirnar með lögum árið 1985 og fagnar því 30 ára afmæli um þessar mundir. Þrátt fyrir háan aldur stofnunarinnar hefur kona aldrei fyrr gegnt yfirmannsstöðu hjá stofnuninni. Bent hefur verið á það í rannsóknum að byggðamál hafi í gegnum tíðina verið frekar karllægur málaflokkur en það er sem betur fer að breytast. Um starfsemi Bygðastofnunar gilda sér lög, þau sem í gildi eru nú eru frá 1999 með síðari breytingum. Að auki starfar stofnunin eftir ýmsum öðrum lögum, meðal annars lögum um fjármálafyrirtæki.

Hlutverk Bygðastofnunar eins og það er skilgreint í lögum er:

*„að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra“.*

Einn meginþátturinn í starfi Bygðastofnunar er að leitast við að tryggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum utan höfuðborgarsvæðisins aðgang að lánsfé á sambærilegum kjörum og fyrirtæki á þéttbýlli svæðum njóta. Lánastarfsemi á svæðum sem búa við neikvæðan hagsvöxt eða eru utan vaxtarsvæða er í eðli sínu áhættusöm og með því að ríkið komi inn á markaðinn á þennan hátt er komið í veg fyrir markaðsbresti sem óhjákvæmilega geta orðið á þessum svæðum. Færa má fyrir því sterk rök að lán á hagstæðum kjörum gegn veðum í fasteignum og atvinnutækjum sé skynsamlegri, sanngjarnari og ódýrari leið en beinir styrkir til eflingar atvinnulífs. Studningur ríkisins við slíka lánastarfsemi skilar sér margfalt til baka í öflugra atvinnulífi og skattgreiðslum fyrirtækja sem njóta lánafyrirgreiðslu stofnunarinnar, starfsmanna þeirra og afleiddrar starfsemi um land allt. Bygðastofnun er ekki í samkeppni við viðskiptabanka og sparisjóði heldur er það mjög algengt að stofnunin komi að því að fjármagna verkefni með öðrum og samstarfið hefur verið mjög gott í gegnum tíðina.

Um starfsemi Bygðastofnunar sem fjármálastofnunar gilda allar sömu reglur og um önnur fjármálafyrirtæki og þarf stofnunin að uppfylla sömu lámarks kröfur um eiginfjárhlutfall og skila sömu skýrslum til eftirlitsstofnana. Að auki erum við í góðu sambandi við ráðuneyti og aðrar opinberar stofnanir, atvinnuþróunarfélög í landsbyggðunum og viðskiptabanka og sparisjóði. Við fylgjumst með því sem er að gerast hjá systurstofnunum okkar í löndunum í kringum okkur, því sem er að gerast í byggðapróun og þar sem fyrirtækjasviðið er fámenn þurfa allir að vera vel að sér í öllum hlutum s.s. hvað er að gerast í landbúnaði, sjávarútvegi, fiskeldi, sveitarstjórnarmálum, íbúápróun og atvinnulífi almennt um allt land. Sérhæfing á einu sviði er ekki til en lánasérfræðingar skipta landinu á milli sín að einhverju leyti og þannig myndast



ákveðin sérfræðipækking á viðkomandi svæði. Að auki erum við töluvert á ferð um landið til að hitta viðskiptavinum, fylgjast með framgangi verkefna og sækja fundi og ráðstefnur sem snúa að því sem við erum að gera. Á síðasta ári var lögð mikil vinna í gerð áhættustefnu og áhættureglna fyrir stofnunina sem samþykkt var af stjórn stofnunarinnar í byrjun þessa árs. Vinna við mælingar samkvæmt stefnunni hófst á árinu ásamt gerð skýrslu um innra mat á eiginfjárbörf (ICAAP). Bygðastofnun hefur undanfarið þrjú ár verið að útvíkka þjónustu sína og prófa nýjar nálganir varðandi byggðastuðning eins og t.d. verkefnið „Brothættar byggðir“ sem snýr að byggðum með langvarandi fólksfækkun. Settar hafa verið fram nýjungar varðandi lánsfjármögnun s.s. vegna kynslóðaskipta í landbúnaði sem nú hefur verið útvíkkað í framkvæmdalán í landbúnaði og svo á þessu ári stuðningur við atvinnurekstur kvenna. Þessar nýjungar í þjónustu stofnunarinnar hafa mælst vel fyrir og verið mikið að gera á fyrirtækjasviðinu í greiningum lánsbeiðna undanfarið ár.

## Elín Gróa Karlsdóttir,

forstöðumaður fyrirtækjasviðs Bygðastofnunar

### Ágrip af CV:

- Starfsmaður Búnaðarbanka Íslands á árunum 1988 – 2002
- Starfsmaður á fjármálaskrifstofu Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og fjármálastjóri á Þjónustu- og rekstrarsviði borgarinnar á árunum 2003 – 2007.
- Viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík 2003
- Diplóma í Hagnýtum Jafnréttisfræðum frá Háskóla Íslands 2011
- Er að ljúka mastersnámi í Opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands.





Frá vinstri: Ingibjörg Birna Ólafsdóttir, Auður Ingólfssdóttir, Þórdís Björnsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Þórlaug Guðbjörnsdóttir, Rósa Hanna Gústafsdóttir, Dagný Kaldal Leifsdóttir, formaður Agora Club, Björg Lárusdóttir, Helga Einarsdóttir, Guðrún Elísdóttir, Inga Guðný Hauksdóttir, Svandís Óskarsdóttir, Ásdís Hannesdóttir, Friða Ágústsdóttir og Bára Guðmannsdóttir.

# GJAFMILDAR OG ATORKUSAMAR KONUR Í ÍSLANDBANKA

VIÐ GREINDUM FRÁ ÞVÍ HÉR Í BLAÐINU Í UPPHAFI ÁRS AÐ NOKKRAR GÓÐHJARTAÐAR KONUR ÚR ÍSLANDBANKA OG HANDAVINNUKLÚBBI STARFSMAFFÉLAGS ÍSLANDBANKA HEFÐU TEKIÐ SIG SAMAN OG PRJÓNAÐ UNGBARNAFÖT ÚR ULL FYRIR NÝFÆDD BÖRN Í SUÐUR-ÁFRÍKU. Verkefnið var unnið í samvinnu við Kvennasamtökin Agora Club á Íslandi en þau samtök eru systursamtök Ladies Circle Ísland. Bæði samtökin eru alþjóðleg samtök kvenna sem sinna góðgerðarverkefnum enda eru einkunnarorð Agora club „Hjálpssemi og umburðarlyndi“ og einkunnarorð Ladies Circle eru „Vinátta og hjálpssemi“.

Verkefnið gekk vonum framur og þann 16. apríl sl. var formanni alþjóðlegu kvennasamtakanna Agora Club á Íslandi, Dagnýju Kaldal Leifsdóttur, afhent 152 prjónadress úr ullargarni (vesti, hosur og húfa) ásamt 3 teppum og 33 aukahúfum. Fatnaðinum kom hún áleiðis í fæðingarstofur í Suður-Afríku með aðstoð erlendra kvenna úr samtökunum.

Ingibjörg Birna Ólafsdóttir, upphafsmaður verkefnisins, hafði samband við handavinnuklúbb bankans í byrjun ársins og óskaði eftir aðstoð við að prjóna barnaföt fyrir nýbura í Afríku eftir uppskriftum sem hún hafði undir höndum frá Dagnýju, formanni Agora Club. Erindinu var mjög vel tekið og fleiri konur í bankanum fréttu af þessu. Það myndast mikil prjónamenning og stemming, sérstaklega á starfsstöð Útibúþjónustu upp á Lynghálsi þar sem var prjónað í öllum matar- og kaffitímum og einnig var gripið í prjóna heima við. Einnig var samstarfsverkefni í gangi hjá Útibúþjónustu, Þjónustuveri, Seðlaveri, Skilvirkri starfssemi og stefnumótun og Lögfræðinnheimtu. Starfsmenn í VÍB, Viðskipaveri, útibúum og fleiri deildum ásamt starfsmönnum sem komnir eru á eftirlaun komu einnig sterkir inn. Margir keyptu og notuðu eigið garn en einnig fékkst styrkur frá starfsmannafélagi Íslandsbanka og bankanum til



Ingibjörg Birna, upphafsmaður prjónaverkefnisins í Íslandsbanka og Dagný Kaldal, formaður Agora Club.





garnkaupa og lá garn, þrjónar og uppskriftir frammi fyrir hvern sem vildi þrjóna á starfsstöð Útibúþjónustunnar að Lynghálsi.

Verkefnið hlaut mikið lof frá Suður- Afríku m.a. á Facebook-síðu alþjóðasamtaka Agora Club þar sem ljósmæður og starfsfólk fæðingardeilda í Suður Afríku þökkðu fyrir þessa nytsamlegu sendingu frá Íslandi.

#### VERKEFNIÐ VATT UPP Á SIG

Fljótlega eftir að þrjónaverkefnið fór af stað og fjallað var um það í upphafi árs í SSF- blaðinu óskuðu starfsmenn Borgunar eftir því að fá að leggja verkefninu lið. Það var að sjálfsgöðu auðsótt. Í byrjun október hófust svo að berast vettlingar, húfur og sokkar frá starfsfólki Borgunar. Nú er svo komið að sending nr. 2 af fatnaði og teppum fór frá Íslandi í byrjun október til Botswana, Suður- Afríku og Rúmeníu og því óhætt að segja að þetta gjafmilda góðverk hafi undið upp á sig.

Þess má geta að eftir að starfsfólk Borgunar fór af stað í þetta verkefni hefur þeim gengið mjög vel að fá fólk til að taka þátt enda mjög gefandi. Nú hefur starfsfólk Borgunar svarað ákalli hjálparbilsins í Reykjavík, en hann ekur um og aðstoðar fólk sem er utan húsaskjól, með því að þrjóna hlífðarfatnað fyrir þau.

Ingibjörg Birna segist hafa skynjað á þessari vegferð gríðarlegan samhug og samvinnu. Það var unnið að verkefninu af heilum hug þar sem þessar konur vissu að tilgangurinn með litlu þrjónaflikunum er að freista þess að halda lífi í litlu barni. Rannsóknir hafa sýnt að það að finna tilgang með því sem viðkomandi er að gera, finna samhug og samkennt eykur vellíða, gefur fólki orku og eflir það

á svo margan hátt. Tilfinning Ingibjargar var að þetta hafi bætt annars góðan vinnuanda umtalsvert hjá ákveðnum hópi, eða eins og ein góð kona sagði sem kom mikið að þessu verkefni: „Manni líður svo vel í hjartanu“.



# MOVEN MÆTIR TIL NORÐURLANDANNA

MOVEN ER OFT NEFNT SEM DÆMI UM EITT AF MEST SPENNANDI TÆKNIFYRIRTÆKJUNUM Í FJÁRMÁLABRANSANUM. LÍKT OG MARGIR AÐRIR GÆTA ÞEIR SÍN VEL Á ÞVÍ AÐ VERÐA EKKI BANKI. ÞAÐ ER MUN AUÐVELDARA AÐ FINNA SÉR SÆTI Á MILLI VIÐSKIPTAVINARINS OG FJÁRMÁLAFYRIRTÆKISINS. NÚ HYGGR FÉLAGIÐ Á LANDVINNINGA Á ALPJÓÐAMARKAÐI.



*Moven ætlar sér að vita meira um fjárhag viðskiptavinarins en hann sjálfur. Þannig getur Moven boðið góða ráðgjöf, segir Mohammed Khalil*



**ÞÚ ERT Á LEIÐ INNÁ BÍLASÖLU. ÞAR STANDA BÍLARNIR Í RÖÐUM, STÍFBÓNADIR OG GLANSANDI.** Þú finnur titring í vasanum. Skilaboð frá Moven appinu: „Ertu að hugsa um að kaupa bíl?“

Þú svarar já og færð ráðleggingar frá appinu um hvaða bíl væri sniðugast fyrir þig að kaupa. Appið sendir þér einnig yfirlit yfir mánaðarlegan kostnað við bílkaupin og hvaða áhrif þessi auknu útgjöld munu hafa á fjárhag þinn. Hversu mörgum kvöldverðum á veitingastöðum þarftu að fórna? Hvað með að sleppa Spánarferðinni og kíkja frekar til tengdamömmu á Patreksfirði og leggja fyrir 20.000 krónum minna á mánuði? Allt þetta til þess eins að njóta nýju bílalyktarinnar í nokkrar vikur. Ef þú ákveður engu að síður að kaupa bíl mun Moven finna besta bílálánið fyrir þig. Þetta er ekki raunhæft dæmi enn sem komið er en þetta er markmiðið og það er ekki svo langt undan. Margt af þessu býðst nú þegar.

## ÖLL ATHYGLIN Á VIÐSKIPTAVININN

Viðskiptavinurinn ætlatil til þess að vandamál hans séu leyst um leið og hann stendur frammi fyrir þeim og það á líka við um fjármálaþjónustu. Hefðbundin bankastarfsemi byggir á óvirkum neytendum, fólk fer til bankans til að fá ráð. „Við (Moven) erum virkir. Á hverjum degi hjálpum við viðskiptavininum að öðlast heilbrigðari fjárhag. Við veitum þeim svör við eftirfarandi spurningum; Hvernig á ég að spara meira? Hvað þarf ég að gera til að geta keypt mér íbúð? Hef ég efni á því að fara út að borða? Hvað á ég að kaupa o.s.frv.“ segir Mohammed Khalil, vöru- og markaðsstjóri Moven.

Við hittum Khalil á SPENN! ráðstefnunni, þar sem bankastarfsmenn víðsvegar að úr Noregi sátu þöglir og hlýddu á hann. Þessi frekar auðmjúki gaur í gallabuxum og hettupeysu er talsmaður nýrra tíma. Hann stendur bæði fyrir ógn og tækifæri. Nýja vinnið, sem kannski er örlítið súrt. Allir vita að fyrirtæki eins og Moven spretta upp sem illgresi á vori. Með því að einblína á þarfir viðskiptavinarins ætla þeir að taka sér stöðu á markaðinum.

„Upplifun viðskiptavinarins er lykillinn að því hvort þér tekst vel til eða ekki. Hagur viðskiptavinarins er okkar verkefni. Allt sem við gerum byggir á þörfum viðskiptavinarins, ekki á okkar þörf til að græða á einni vöru eða annarri,“ segir Khalil.

## STÖÐUGAR FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

Hvað er Moven? Við skulum byrja á því einfaldasta; Moven er ekki banki. Moven skilgreinir sig sem lífstíls-app sem er ætlað að bæta fjárhagslega heilsu viðskiptavinarins. Eins konar líkamsræktar-app fyrir peninga. Þegar notandinn skráir sig veitir hann Moven aðgang að öllum fjárhagsupplýsingum sínum og bankareikningum, sama í hvaða banka þá er að finna. Notandinn fær eigið greiðslukort, ásamt því að hægt er að greiða með appinu. Neysla, greiddir reikningar og önnur eyðsla er skráð í appið. Við hverja færslu breytist mat á fjárhagslegri heilsu þinni, en appið inniheldur eigin neyslumæli. Þessi mælir sýnir fjárhagslega heilsu og ef eytt er um of breytist staðan úr því að vera græn yfir í gula og þar á eftir yfir í rauða. Ef þér tekst alltaf að halda þig á grænu, þýðir það að þú ert að leggja fyrir 5% af tekjum þínum.

„Þú færð beinar upplýsingar um hversu heilbrigður fjárhagur þinn er. Þú getur einnig séð hvaða áhrif mismunandi valmöguleikar hafa á fjárhag þinn. Fyrir mörgum verður þetta að eins konar leik þar sem

þeir leitast við að halda sig á grænu og þannig verður fjárhagurinn sífellt betri,“ segir Khalil.

Grunnurinn liggur í greiningu á neysluvenjum almennra neytenda og þannig er hægt að spá fyrir um framtíðar neyslu. Jólainnkaup og ferðalög eru tekin með í reikninginn og því er það ekki bara núverandi staða á reikningnum sem ræður því hvort staðan er græn, gul eða rauð.

„En það er notandinn sem ræður hvað telst gott. Það er til dæmis allt í lagi að eyða miklum peningum í ferðalög einn mánuðinn ef tekjur og útgjöld aðra mánuði ársins gera það að verkum að maður er grænn þegar á heildina er litið.

Við tökum mið af sjónarhorni notandans og markmiðið er að eiga alltaf fé á reiðum höndum. Við viljum skapa jákvæða upplifun þannig að viðskiptavinurinn skynji að við erum á hans bandi,“ segir Khalil.

Notendur Moven nýta sér appið oft, eða allt að fjórum til sex sinnum á dag og það er auðvelt að taka í notkun. Skráningin tekur um tvær mínútur.

Takmarkið er að minnka þennan tíma um helming. Fyrirtækið eyðir engu í markaðssetningu en fjölgun viðskiptavina er fölgin í því að notendur appsins mæla með því. Það, ásamt því að fyrirtækið byggir eingöngu á upplýsingatækni, veldur því að kostnaður við rekstur þess er mjög lítill. Það kostar fyrirtækið milli 10 og 20 dollara að bæta við viðskiptavini, eða einn tíunda af því sem það kostar venjulega banka.

## 30 LÖND Á 3 ÁRUM

Fjármálaageirinn stendur nú frammi fyrir því að fjöldi fyrirtækja vill næla sér í sneið af kökunni. Maðurinn er vanadýr og vill helst halda sig við fáa og staðlaða hluti. Moven þarf að verða einn af þessum útvöldu hlutum til að enda ekki sem neðanmálgrein í sögunni.

„Þeir, þrír eða fjórir stærstu munu skara framúr og við ætlum okkur að vera einn af þeim. Til þess þurfum við að horfa út fyrir Bandaríkin. Við búum að því að geta brugðist hratt við og vera vel skipulögð auk þess að byggja á tækni sem auðvelt er að aðlaga breyttum aðstæðum. Við byggjum á vefþjónustu Amazon og gætum í raun tekið til starfa innan klukkustundar frá því að við höfum gert samning við erlenda banka“, segir Khalil.

Moven er háð samningum við önnur fjármála fyrirtæki til að þjónusta sína notendur. Fyrirtækið sýslar ekki með peninga sjálft en virkar sem notendavænn milliliður.

„Við vinnum með bönkunum að því að bjóða viðskiptavinum okkar bestu kjörin. Við erum í sambandi við okkar notendur daglega og þekkjum þarfir þeirra“, segir Khalil, sem vill gjarnan eiga í samstarfi við norræna banka.

„Endilega. Við erum að leita að samstarfsaðilum um alla Evrópu, þar á meðal á Norðurlöndunum. Markmiðið er að hefja starfsemi í 30 löndum á næstu þremur árum.“

Aðspurður að því hversu langan tíma það taki að hefja starfsemi svarar hann því að það velti allt á samstarfsaðilum þeirra. „Við getum gert hlutina mjög hratt. Það eru yfirleitt bankarnir sem þurfa lengri tíma“ bætir hann við.

Það á eftir að koma í ljós hvort norrænir bankar taki þessu boði Khalil, eða hvort þeir haldi áfram að betrubæta sín eigin heimabanka öpp.

# GRUNNURINN LIGGUR Í GREININGU Á NEYSLUVENJUM ALMENNRA NEYTENDA OG ÞANNIG ER HÆGT AÐ SPÁ FYRIR UM FRAMTÍÐAR NEYSLU



# SSF OG NFU

## – SAMSTARF Í 77 ÁR –

*„Í öllu þessu starfi hefur SSF lagt mikið til málanna með ákvarðanatöku sinni í stjórn sambandsins, sem hefur gert þessa vinnu mögulega, auk þess að standa að fjölda funda auk NFU-ráðstefnu á undanförunum fimm árum, sem hafa haft sitt að segja í að ná þessum árangri.“*

**SAMSTARF SAMTAKA STARFSMANNA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Á NORÐURLÖNDUM Á SÉR LANGA SÖGU.** Fyrsta samnorræna ráðstefna stéttarféлага bankastarfsfólks var haldin í Gautaborg í Svíþjóð árið 1923. Ísland kom inn í norrænt samstarf stéttarféлага í fjármálageiranum strax árið 1937 þegar Samband íslenskra bankamanna (SÍB), sem þá var aðeins tveggja ára, sameinaðist samtökunum sem þá hétu NBU – Norrænt samband bankamanna.

Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Samband íslenskra bankamanna breytti síðar nafni sínu í Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF). NBU varð að sama skapi að NFU – Nordic Financial Unions – árið 1999.

Nú á dögum samanstandur NFU af sjö aðildarsamtökum í fimm ríkjum Norðurlandanna og eru meðlimir þeirra innan banka- og tryggingastarfsemi samtals um 150.000 talsins. Sá aðili sem fer með ákvarðanatöku innan sambandsins er ráð þess, sem ákvarðar langtíma- og dagleg pólitísk störf NFU eru í höndum stjórnar sambandsins, en í henni eru níu fulltrúar frá aðildarsamtökunum. Stjórnarstarfið leiðir forseti NFU, Michael Budolfson frá Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja í Danmörku. Varaformaður SSF, Anna Karen Hauksdóttir, er fulltrúi Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja á Íslandi í stjórn NFU. Dagleg störf NFU eru í höndum þriggja starfsmanna með skrifstofu í Stokkhólmi og eins starfsmanns í Brussel.

### Í ÁRANNA RÁS HEFUR NORRÆN SAMVINNA TEKIÐ BREYTINGUM

NFU hefur ávallt lagt ríka áherslu á samræður milli aðildarsamtakanna með því að skipuleggja sameiginlega viðburði – halda málstofur og námskeið, miðla reynslu og skapa ný tengsl hvað varðar málefni innan fjármálageirans með samnorrænan vinkil. Í fjölda ára

hefur einlæg og framsýn stefna um að styrkja tengslin milli aðildarsamtakanna gert NFU að þéttriðnu neti samtaka með sameiginlega hagsmuni sem njóta góðs af því að samnýta auðlindir sínar.

Þegar þróunin varð sú að fjármálafyrirtæki tóku að sameinast og breiða úr sér þvert á landamæri, allt fram á fyrsta tug 21. aldar, kom NFU í kjölfarið og vann að því að byggja upp sterkt samstarf stéttarféлага landa á milli og auka samræmi í fyrirtækjaskipulagi og viðburðum milli landa í norræna fjármálageiranum.

Gangur sögunnar er þó sjaldnast áfallalaus. Árið 2008 skall á fjármálakreppa um heim allan sem við reyndum öll á eigin skinni. Hún hafði gífurlegar afleiðingar fyrir NFU, sem náðu bæði til forms og innviða NFU-samstarfsins.

Allt frá upphafi fjármálakreppunnar hafa löggjafar innan Evrópusambandsins lagt kapp á að gera endurbætur á fjármálageiranum í eitt skipti fyrir öll. Yfir 40 nýjar lagagerðir hafa verið gefnar út sem munu breyta rammaskilyrðum fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja í öllum norrænu ríkjunum fimm. Þetta ferli hefur orðið til þess að NFU hefur verið umtalsverðum tíma og kröftum í að hafa áhrif á Evrópusambandið og endurbætur á fjármálageiranum í Evrópu.

Sú vinna hefur skilað sér í nýjum reglum sem standa vörð um rétt til kjarasamningagerðar innan fjármálageirans á Norðurlöndunum. Evrópusambandið viðurkennir að þátttaka starfsmanna í ákvarðanatöku fyrirtækja, ekki síst innan stjórna fyrirtækja, stuðlar að góðum stjórnarháttum. Nú hafa einnig verið settar reglur um sölu og ráðgjöf sem hvetja til jafnvægis í sölumarkmiðum og efla neytendavernd með því að tryggja að starfsmenn fjármálafyrirtækja fái nægan tíma til að veita góða ráðgjöf og þjónustu. Komandi hefur verið á vernd fyrir uppljóstrara í mörgum nýrri lagagerningum sem gerir fólki kleift að tilkynna brot á góðum starfsháttum. Einnig hefur þörfinni á að ríkið eða vinnuveitandi sjái starfsmönnum





Arvid Abrin framkvæmdarstjóri NFU

fjármálafyrirtækja fyrir hæfnipjálfun og starfsmenntun verið komið skýrt á framfæri.

Í öllu þessu starfi hefur SSF lagt mikið til málanna með ákvarðanatöku sinni í stjórn sambandsins, sem hefur gert þessa vinnu mögulega, auk þess að standa að fjölda funda auk NFU-ráðstefnu á undanförunum fimm árum, sem hafa haft sitt að segja í að ná þessum árangri.

### FJÁRMÁLAKREPPAN REYNDI ÞÓ LÍKA Á TENGLIN MILLI SAMTAKANNA

Þegar kreppan skall á á Íslandi árið 2008 hafði það gríðarleg áhrif á SSF og meðlimi þess. Þegar dödinn eftir mesta áfallið var liðinn hjá gaf NFU út stuðningsyfirlýsingu við SSF, 14. nóvember 2008, og hvatti stjórnvöld og sedlabanka á Norðurlöndunum til að styðja við Ísland í fjármálakreppunni.

Fréttumfjöllun um Ísland í heimspressunni á þessum tíma var gríðarleg og oft var birt skökk, skaðleg og neikvæð ímynd af Íslendingum, og þá sér í lagi bankastarfsfólki. Tvö norræn fjármálatímarit, tímarit sænskra og danskra, samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja gerðu það sem hægt var til að leiðrétta þessa ósanngjörnu mynd. Blaðamenn þeirra voru sendir á vettvang til Íslands þaðan sem þeir birtu fréttir um raunveruleika bankastarfsmanna.

Í gegnum UNI Global Union, alþjóðleg samtök stéttarféлага starfsfólks í þjónustugreinum, var komið á fundi með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þar sem Allan Bang, forseta NFU og UNI Finance, tókst

að koma á tengslum milli stéttarféлага og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Allan Bang ræddi síðan um það lykilhlutverk sem SSF gegndi við gerð samninga í kreppunni og réttindastöðu íslenskra bankastarfsmanna.

Þegar litið er til baka hefur Ísland náð að rétta úr kútnum eftir kreppuna á eftirtektarverðan hátt, jafnvel þótt afleiðingarnar fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja og þjóðina alla hafi verið alvarlegar. NFU hélt ráðstefnu sína á Íslandi árið 2010, í kreppunni miðri, og ávarpaði Philip Jennings, ritari UNI, ráðstefnugesti og meðlimi stéttarféлага frá öllum norrænu löndunum fimm sem saman voru komnir til að ræða hvernig bregðast mætti við til að bæta hag starfsmanna fjármálafyrirtækja og fjármálageirans á Norðurlöndunum. Stutt er síðan ráð NFU fundaði í Reykjavík, í október 2014, og steig söguleg skref í átt að því að móta framtíðarstefnu NFU í fjármálaheiminum. Á fundinum var unnin aðgerðaáætlun, ný stefna mörkuð sem og ný sýn mótuð, svo líta má á þennan fund sem upphafið að nýju verkefni hjá NFU – að taka frumkvæði í að hafa áhrif og láta rödd starfsmanna norrænna fjármálafyrirtækja heyrast á nýjan hátt og á nýjum vettvangi.

### AÐ LOKUM LANGAR MIG AÐ MINNAST Á NOKKRAR HUGMYNDIR FYRIR FRAMTÍÐINA

Nýlega valdi stjórn NFU sér þema sem haft verður að leiðarljósi árin 2015 og 2016, en það er traust, og hvernig byggja má aftur upp traust innan fjármálageirans og gagnvart honum. Einn liður í þessu verður að vinna norræna rannsóknarskýrslu um söluvenjur og árangursmælingar með gögnum og framlagi frá öllum aðildarsamtökum NFU. Skýrslan verður notuð til grundvallar umræðu, bæði við hagsmunaaðila innan fjármálageirans og við stjórnmalamenn, um hvernig þróa má hvatakerfi og árangursmælingar til þess að starfsmenn geti stuðlað betur að neytendavernd.

Annar liður verður þjálfun á Norðurlöndum fyrir fulltrúa stéttarféлага í samtökum stéttarféлага í hverju landi og hjá fyrirtækjum með rekstur í mörgum löndum. Í þjálfuninni verður lögð áhersla á að styrkja samskiptahæfni í stjórnun og milli mismunandi menningarheima, með viðbótarþjálfun í starfi alþjóðlegra stéttarféлага auk fræðslu um staðreyndir varðandi fjármálageirann. Einnig er hægt að óska eftir einstaklingsþjálfun frá sérfræðingum í samskiptafærni þar sem helmingur þjálfunarkostnaðarins verður greiddur af NFU og hinn helmingurinn af samtökunum sem taka þátt. Markmið þjálfunarinnar, til viðbótar við að auka færni þátttakendanna, þekkingu þeirra og hæfni, er að styrkja net stéttarféлага starfsmanna hjá fjármálafyrirtækjum.

Fyrir SSF er eitt helsta baráttumálið vitaskuld að halda áfram vinnu við að ná góðum kjarasamningum, nú og síðar. Hvað þetta varðar skal nefnt að í gildi er gagnkvæmur samningur innan NFU um að veita aðildarsamtökum sem eru í verkfalli fjárstuðning. Að fenginni beiðni frá aðildarsamtökum fá samtök sem eru í verkfalli 100 milljónir sænskra króna samkvæmt samningi þessum. Þessi stuðningur er annað dæmi um styrkleika sem rekja má til norrænnar samvinnu innan NFU.

Sem framkvæmdastjóri NFU vona ég að 77 ára löng tengsl okkar við SSF muni halda áfram að dafna og styrkjast enn frekar. Ég hlakka til að taka þátt í nánnum og uppbyggjandi skoðanaskiptum varðandi þau vandamál sem SSF telur brýnast að leysa, og hvernig norrænt samstarf getur nýst sem best í þeim tilgangi, sem og til að vísa okkur sameiginlega í rétta átt til framtíðar.

Arvid Abrin framkvæmdarstjóri NFU

# KAPPHLAUP UM SNJALLSÍMAGREIÐSLUR

„AÐEINS EITT AF 1000 FYRIRTÆKJUM SEM BJÓÐA UPP Á GREIÐSLULAUSNIR FYRIR SNJALLTÆKI MUN NÁ ÁRANGRI. SNJALLSÍMAGREIÐSLUR VERÐA EKKI VERULEGUR HLUTI GREIÐSLNA FYRR EN KOMIÐ VERÐUR Á SAMEIGINLEGU KERFI FYRIR SNJALLGREIÐSLUR ÓHÁÐ ÞVÍ HVÆÐA BANKI Á Í HLUT, HVÆÐA SNJALLTÆKI ER NOTAST VIÐ OG Á HVÆÐA TÆKNILEGU LAUSN ER BYGGT“, SEGIR TOM SCHARNING, FRAMKVÆMDASTJÓRI UPPLÝSINGATÆKNIPJÓNUSTUDEILDAR HJÁ GREIÐSLUMIÐLUNARFYRIRTÆKINU NETS Í NOREGI.



*Á byrjunarreit: Snjallsímagreiðslur munu tröllríða öllu en ekki fyrr en allir geta nýtt sér tæknina, segir Tom Scharning í Nets.*

**KAPPHLAUPIÐ UM AÐ HANNA SNJÖLLUSTU OG NOTENDAVÆNUSTU SNJALLSÍMAGREIÐSLULAUSNINA ER Í FULLU GANGI.** Það hefur einkennt þróunina hingað til að erfitt er að öðlast yfirsýn yfir markaðinn. Mörg ólík fyrirtæki vinna að þróun ólíkra lausna sem byggja á ólíkri tækni. Virðiskeeðjan er flókin og langt frá því að vera fullþrúð. Scharning fylgist náið með þróuninni, ásamt samstarfsfólki sínu hjá Nets. Það er ómögulegt að spá fyrir um hverjir muni standa eftir og hverjir hverfa á braut. Lykillinn að velgengni er að þróa afburða notendavænar lausnir sem eru jafnframt stöðugar og öruggar í rekstri.

## LÍTILL GREIÐSLUVILJI

„Nets hefur í gegnum tíðina þróað vönduð greiðslumiðlunarkerfi í nánú samstarfi við banka á Norðurlöndunum. Aðal verkefni okkar hefur verið að tryggja stöðugan og öruggan rekstur þessara kerfa. Nú höfum við þróað kerfi fyrir snjallsímagreiðslur sem allir bankar geta tekið í notkun og mun verða mikilvægur grunnur fyrir frekari þróun snjallsímagreiðslna hér í landi“, segir Scharning.

En þrátt fyrir að viðskiptavinirnir geti glaðst yfir sífellt fleiri nýjum snjallsímagreiðslulausnum eru fáir tilbúnir að greiða fyrir að standa straum af kostnaði við þessar nýjungar.



„Þróunarkostnaðurinn er hærri en við þróun hefðbundinna greiðslumiðlunarkerfa. Hingað til hefur greiðsluvilji verið fremur lítill og það mun hægja á útbreiðslu þessara lausna“, segir Scharning og bætir við að, „þegar Danske Bank byrjaði að bjóða upp á MobilPay, fyrir tveimur árum síðan, var ætlunin að viðskiptavinirnir myndu greiða fyrir appið. Viðskiptavinirnir voru ekki tilbúnir til þess og því fallið frá því að rukka fyrir appið.“

#### APPLE PAY ER VÆNTANLEGT

Stór alþjóðleg fyrirtæki eins og Apple, Google, Facebook og Amazon hafa öll þróað eða vinna nú að þróun snjallsímagreiðslulausna. Þessar lausnir munu skapa raunverulega samkeppni um þær greiðslur sem hingað til hefur verið miðlað í gegnum hefðbundna banka. En Nets óttast ekki að þessir aðilar muni hafa betur í samkeppni við hið sameiginlega norræna greiðslukerfi, allavega ekki í fyrstu.



„Hér á Norðurlöndunum höfum við verið leiðandi að því leyti að við bjóðum upp á sameiginlegt greiðslukerfi sem er mun þróaðra en fyrirfinnst í flestum öðrum Evrópulöndum eða í Bandaríkjunum. Við höfum átt langt og gott samstarf við fjármálafyrirtækin og höfum þannig komið á fót hagkvæmu kerfi sem allir viðskiptavinir okkar geta nýtt sér. Það veitir mikið samkeppnisforskot á hörðum markaði, en við fylgjumst vel með þróuninni og aðlögum okkur að henni“, staðhæfir Tom Scharning.

#### -HVAÐ GERIST ÞEGAR APPLE PAY BÝÐST Á NORÐURLÖNDUNUM?

„Apple er sterkt vörumerki, en til þess að ná árangri á Norðurlöndunum þarf Apple að notast við allt aðra viðskiptaáætlun en í Bandaríkjunum. Til að ná árangri á Norðurlöndunum þarf Apple líka að bjóða þriðju aðilum aðgengi að sínum lausnum. Færslugjöld fyrir greiðslumiðlun eru mun hærri í Bandaríkjunum en á Norðurlöndunum og því er ekki um jafn ábatasaman markað að ræða. Það áhugaverða við Apple Pay er að það byggir á svokallaðri NFC-tækni en þar er um að ræða snertilausar greiðslur. Þetta er tækni sem við höfum þegar tekið í notkun og stór hluti af þjónustuaðilum hefur þegar tekið í notkun slíka posa. Þetta er sama tækni og snjallseðlaveski EIKA byggir á, en það fór í loftið í mars“, útskýrir Scharning.

#### FJÖGUR TIL FIMM PRÓSENT ÁRIÐ 2017

Þrátt fyrir að farsímagreiðslur verði sífellt algengari er hlutfall þeirra af heildarfjölda greiðslna lítið. Þegar litið er til Norðurlandanna eru það Danir sem eru komnir lengst á veg og þar er það helst MobilePay sem nýtur vinsælda. MobilePay er enn sem komið er eingöngu í boði fyrir viðskiptavini Danske Bank. Swipe lausnin í Svíþjóð, staðgreiðslulausn, hefur einnig notið velgengni. Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar, sem Nets lét framkvæma í mars og náði til 3.400 neytenda, hafði aðeins einn af hverjum þremur nýtt sér farsímagreiðslur á meðan sama hlutfall svarenda hræddist að nýta sér slíkar greiðslur. Það voru fyrst og fremst efasemdir um öryggi sem gerði það að verkum að svarendur treystu sér ekki til að nýta þennan greiðslumáta.

#### -HVER TELUR NETS AÐ VERÐI FRAMTÍÐARÞRÓUN FARSÍMAGREIÐSLNA?

„Snjallsímagreiðslur hafa aukist til muna frá ársbyrjun 2014. Við reiknum með því að snjallsímagreiðslur verði um fjögur til fimm prósent allra greiðslna árið 2017. Við teljum einnig að fjöldi færslna verði mun hærri árið 2017 en í dag“, segir Tom Scharning og bætir við að lokum að „til langs tíma litið er erfitt að spá fyrir um hversu ör þróun farsímagreiðslna verður. Nú eru kynntar nýjar lausnir í mörgum löndum í hverri viku og virðiskerjan er að þróast. Enginn veit hvaða kerfi sigrar að lokum, en við hjá Nets höfum rekið greiðslumiðlunarkerfi í fjölda ára og erum undirbúnir fyrir ýmsar aðstæður sem upp gætu komið.“


Mínar síður  
– þitt svæði

Kynntu þér Mínar síður. Allt á einum stað.  
Þær einfalda umsóknir og veita þér upplýsingar um stöðu styrktarumsókna.

# STUÐNINGUR VIÐ KONUR

Í ÁR FÖGNUM VIÐ 100 ÁRA KOSNINGARÉTTI KVENNA OG Á ÞESSUM HUNDRAÐ ÁRUM HEFUR MARGT ÁUNNIST Í JAFNRÉTTISBARÁTTUNNI. Hlutfall kvenna á vinnumarkaði er með hæsta móti hér á landi, samt sem áður er kynbundinn launamunur enn til staðar, konur eru einungis 20% framkvæmdastjóra í fyrirtækjum með færri en 49 starfsmenn, 15% fyrirtækja með starfsmannafjölda á bilinu 50 – 99 og um 10% framkvæmdastjórar í fyrirtækjum með fleiri en 100 starfsmenn. Hafa verður í huga að þetta eru opinberar tölur fyrir allt landið en miðað við samsetningu atvinnulífs í landsbyggðunum er viðbúið að tölurnar séu enn lægri fyrir þau svæði, en þær hefur ekki verið hægt að fá.

Við sjáum það með aukinni menntun kvenna á Íslandi að konur eiga sífellt erfiðara með að fá vinnu í samræmi við sína menntun og reynslu í dreifðari byggðum landsins þar sem atvinnulíf landsbyggðanna hefur ekki alls staðar þróast með sama hætti og atvinnulíf á höfuðborgarsvæðinu. Hvert starf sem skapast er mörgum byggðum mjög mikilvægt. Því sviður sú þróun sem á sér stað í bankakerfinu að verið er að leggja niður útibú víða um land þar sem oftast er um að ræða kvennastörf í bankaútibúum í landsbyggðunum. Fækkun útibúa er skiljanleg að mörgu leyti m.a. vegna sameininga fjármálastofnana og tækninýjunga, en fyrir margar byggðir er fækkun um tvö til þrjú kvennastörf mikið högg. Konur í dreifbýli búa ekki við sömu atvinnuöguleika og konur í þéttbýli og því er víða um heim að finna dæmi um stuðningsaðgerðir í þágu kvenna sem ætlað er að stemma stigu við byggðaröskun enda eru búferlaflutningar kvenna úr landsbyggðunum sívaxandi vandamál víða um heim og mikið áhyggjuefni. Eins og sést á meðfylgjandi korti um hlutfall kvenna pr. 100 karla á aldrinum 20 – 39 ára er víða á landinu sem konur í þessum aldursflokknum eru færri en karlar (rauðu svæðin). Hlutfallið er einna lægst á Austfjörðum og Vestfjörðum.




Hlutfall kvenna pr. 100 karla í aldursflokknum 20 - 39 ára eftir landsblutum m.v. 1. janúar 2015

Þar sem atvinnutækifæri fyrir konur eru oft af skornum skammti er sjálfstæður atvinnurekstur lausn fyrir að minnsta kosti sumar konur en hafa verður í huga að konur eru ekki einsleitir hópur. Því er ein leið til að snúa þessari þróun við að fjölga stuðningsaðgerðum sem miða að því að konur geti hafið eigin atvinnurekstur í landsbyggðunum. Víða í löndunum í kringum okkur höfum við séð undanfarin ár ýmsar stuðningsaðgerðir til að styðja við atvinnurekstur kvenna s.s. í Svíþjóð og Finnlandi. Enginn vafi er á því að mati Bygðastofnunar að jafnréttismál í víðu samhengi eru meðal allra brýnustu byggðamála og því er það eitt af markmiðum í stefnumótun Bygðastofnunar

að fjölga konum sem eru í viðskiptum við stofnunina og er þetta markmið að auki í starfsáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða hjá stofnuninni. Bygðastofnun hefur sett sér jafnréttisstefnu og eru mælingar framkvæmdar árlega ásamt því að stofnunin fékk jafnlaunavottun VR fyrir rúmu ári síðan.

Umræðan um sérstakar stuðningsaðgerðir við atvinnurekstur kvenna hér á landi á sér töluverða sögu. Árið 1998 kom út skýrsla á vegum Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins um þetta mál og 2005 komu út tvær skýrslur á vegum Iðnaðarráðuneytisins og Bygðastofnunar þar sem fjallað er um konur og stoðkerfi atvinnulífsins. Það sem kemur m.a. fram í þessum skýrslum er að fjárfestar hafa síður áhuga á fyrirtækjum í verslunar- og þjónustugeiranum þar sem konur eru fjölmennar m.a. vegna þess að fyrirtæki í eigu kvenna eru oftast lítil og vaxa hægar og skila minni hagnaði en fyrirtæki í eigu karla, konur taka síður lán til atvinnurekstrar en leita heldur til fjölskyldu og vina og að konur taka síður fjárhagslega áhættu og biðja um lægri upphæðir. Niðurstöður úr þessum tveimur skýrslum eru sömu niðurstöður og úr rannsóknum víða í Evrópu hvað varðar þessi mál. Munur á milli kynjanna hvað varðar stofnun fyrirtækja er aðallega tengdur hindrunum sem konur standa frammi fyrir sem eru t.a.m.; umönnunarhlutverk kvenna og skortur á stuðningi; skortur á sjálfstrausti sem tengist staðalímyndum kynjanna og munur á menntunarvali kynjanna hvað varðar tæknilega og stjórnunarlega þætti; erfitt aðgengi að fjármagni; skorti á fyrirmyndum, viðskiptatengslum og kynningu; og lagalegu flækjustigi.

Frá árinu 2008 hefur Bygðastofnun tekið saman kynjahlutfall umsókna um lán hjá stofnuninni. Eins og sést á myndinni sækjast konur lítið eftir lánnum hjá Bygðastofnun og nefnt hefur verið í því sambandi að lánareglur stofnunarinnar séu þannig að þær henti illa litlum fyrirtækjum sem konur stofna. Oft er um að ræða lítil fyrirtæki sem bera illa háan fjármagnskostnað við kaup á atvinnuhúsnæði, en þannig fyrirtæki sækist heldur eftir leiguhúsnæði á meðan þau eru að vaxa og dafna. Oft á tíðum vantar konur sem eru að fara af stað með rekstur fjármagn til að kaupa þau tæki og þann búnað sem þarf til að koma fyrirtækinu af stað.



Umsóknir um lán hjá Bygðastofnun árin 2008 - 2013 eftir kyni eigandastjórnanda fyrirtækis

## ÉR STUÐNINGURINN JAFNRÉTTISMÁL, VELFERÐARMÁL EÐA EFNHAAGSLEGT MÁL?

Töluverð hefur áunnist hvað varðar þessi mál bæði hér á landi undanfarin ár svo sem með stofnun sjóðsins Átak til atvinnusköpunar kvenna sem hefur oft verið nefndur Jóhannusjóðurinn í höfuð á þáverandi félagsmálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur. Lánatryggingasjóðurinn Svanni hefur verið starfandi með hléum í nokkur ár, námskeið hafa verið haldin víða um land fyrir konur sem hafa hug á stofnun fyrirtækja og stofnuð hafa verið samtök kvenna í atvinnurekstri (FKA).



# Í ATVINNUREKSTRI



Frá ráðstefnu og fundi í Skotlandi hjá Women's Enterprise Scotland þar sem yfirskrifin var International Think Tank. Fundurinn var haldinn í húsnæði Royal Bank of Scotland í Edinburg

Stuðningur ríkisins við þennan málaflokk hefur í gegnum tíðina helst verið á félagslegum forsendum, til að minnka atvinnuleysi meðal kvenna á þeim tímum þegar efnahagsástandið hefur verið hvað erfiðast, og verið á forræði Vinnuástandstofnunar og Velferðaráðuneytisins. Eigum við að horfa á þessi mál út frá velferðarsjónarmiði, þ.e. að gera konum kleyft að vera fjárhagslega sjálfstæðar og hafa vinnu? Er þetta jafnréttismál, að gera konum kleyft að geta stofnað fyrirtæki til jafns á við karla, brjóta upp staðalmyndir sem eru ríkjandi í þjóðfélaginu, bæði hvað varðar náms- og starfsval. Eða eigum við að líta á þetta út frá efnahagslegu og þjóðhagslegu tilliti, að þarna eigum við inni hvað auðlindir varðar, ef konur stofna fyrirtæki í sama mæli og karlar þá getum við aukið landsframleiðsluna?

Sú ofuráhersla sem er á að fyrirtæki vaxi sem hraðast er oft ekki heppileg. Rannsóknir hafa sýnt að sumir frumkvöðlar og þá sérstaklega á það við um konur að vilja ekki endilega að fyrirtækið vaxi gríðarlega hratt. Nefnt hefur verið í þessu sambandi að það tungumál sem notað er í viðskiptum hræði oft konur frá, þessi mikla áhersla á gríðarlegan hagnað og vöxt. Í því sambandi þarf ráðgjöfin að vera sérsniðin að þörfum stofnandans og sýn hans á hvernig fyrirtækið komi til með að vaxa. Mikill vöxtur mjög hratt í fyrirtækjum getur auðveldlega fallið mjög hratt og skapað færri góð störf heldur en þau sem vaxa að meðaltali hægar og eru líklegri til að nota hagnaðinn inn í fyrirtækið til frekari uppbyggingar.

Með þetta í huga samþykkti stjórn Bygðastofnunar í nóvember 2014 að koma á fót sérstökum lánaflokki til að styðja sérstaklega við uppbyggingu fyrirtækja í eigu kvenna með ákveðnum skilyrðum. Skilyrðin eru þau helstu að; fyrirtæki þarf að vera a.m.k 50% í eigu kvenna og undir stjórn kvenna og leiði til aukinnar atvinnusköpunar kvenna, fyrirtækið sé komið á það stig að það sé farið að geta greitt af lánum og að umsókn fylgi vel gerð og ítarlega unnin viðskiptaáætlun. Jafnframt er skilyrði að fyrirtækið geri samning um ráðgjöf hjá atvinnuþróunarfélagi eða við sjálfstætt starfandi ráðgjafa fyrir fyrstu 2 – 3 rekstrarárin. Lánin eru á bilinu 1 – 10 mkr og lánstími allt að 10 árum. Reglur um veðhlutföll og tryggingar eru rýmkuð og vextir lægri en á almennum lánum hjá stofnuninni. Með öðrum orðum, við viljum gera konum með góðar hugmyndir kost á að skapa sér atvinnu í sinni heimabyggð og erum tilbúin til að taka áhættuna með þeim í því.

Margt hefur áunnist í jafnréttisbaráttunni en enn er langt í land. Mikilvægt er að breyting verði á þeirri staðalmynd að atvinnurekandandi sé karlkyns, en karlar hafa verið í miklum meirihluta þeirra sem eiga og reka fyrirtæki í gegnum tíðna og konur skortir tilfinnanlega fyrirmyndir þegar kemur að atvinnurekstri. Menntunarval stúlkna

og greinar sem kenndar eru í skólum er eitthvað sem þarf að skoða en það hefur verið talinn áhrifaþáttur hvað varðar stofnun fyrirtækja. Síðast en ekki síst þarf áttak í að bæta tölfærði hvað þennan málaflokk varðar. Tölfærði um rekstur og afkomu fyrirtækja á Íslandi er yfirleitt ekki kyngreind, þrátt fyrir að í jafnréttislögum sé ákvæði um að öll tölfærði skuli vera kyngreind. Þessi staðreynd gerir það að verkum að afar erfitt er að greina aðstæður og eignarhald kvenna í fyrirtækjarekstri. Skortur á kyngreindum upplýsingum á sviði atvinnurekstrar kemur í veg fyrir að hægt sé að byggja á staðreyndum, bæði við ákvarðanir um markvissar stuðningsaðgerðir og mælingar á árangri þeirra.

## ERLENT SAMSTARF Á ÞESSU SVIÐI

Undirrituð var fulltrúi Íslands á fundi sem haldinn var á vegum Evrópuráðsins haustið 2014 í London. Þátttakendur voru frá 13 löndum í Evrópu og var markmið fundarins að skiptast á skoðunum um stuðning við fyrirtækjarekstur kvenna og að þjóðirnar gætu lært hver af annarri. Ekki er algengt að lönd hafi markað sér stefnu í þessum málaflokki í Evrópu en víða er farið að líta á þessi mál sem hluta af efnahagsstefnu landanna frekar en að þetta einskorðist bara við jafnrétti kynjanna og er Bretland komið einna lengst í þeirri vinnu. Bretar hafa reiknað út að ef konur séu til jafns við karla á vinnumarkaði gæti landsframleiðslan hækkað um 0,5% á mann á ári, sem þýddi mögulega hækkingu á landsframleiðslu Bretlands um 10% árið 2030. Ef konur stofnuðu fyrirtæki í sama mæli og karlar væru 1 milljón fleiri frumkvöðlar í landinu og konur legðu meira fram til hagkerfisins. Í framhaldi af fundinum í London höfum við verið í sambandi við Women's enterprise í Skotlandi og sótt alþjóðlegan fund hjá þeim. Royal Bank of Scotland hefur til að mynda tekið mjög myndarlega á því að styðja sérstaklega við atvinnurekstur kvenna og var átakið hluti að því að bæta ímynd bankans eftir efnahagshrunið árið 2008. Verkefnið er með sér lógó og heiti, „Inspiring women in enterprise“ . Ásamt því að veita styrki og viðurkenningar til atvinnureksturs kvenna eru þeir með sérstakt teymi innan bankans sem skipað er sérfræðingum í ráðgjöf til kvenna í atvinnurekstri. Aðrir bankar hafa gert svipað og sem dæmi má nefna markaðssetur NatWest bankinn þjónustu sína sérstaklega fyrir konur og eru með um 200 sérfræðinga í „Women in Business“ um allt Bretland.

Nú nýlega gerðist Bygðastofnun samstarfaðili að verkefninu FREE (Female Rural Enterprise Empowerment) sem er ætlað að styrkja frumkvöðlakonur í landsbyggðunum. Vinnuástandstofnun stýrir verkefninu sem fengið hefur fjórutíu milljóna króna fjárstuðning úr Erasmus áætlun Evrópusambandsins. Samstarfsaðilar sem eru sjö talsins koma frá fimm löndum, Íslandi, Bretlandi, Búlgaríu, Króatíu, og Litháen. Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi kvenna í landsbyggðunum að hagnýtri menntun og gefa frumkvöðlakonum tækifæri á að byggja upp færni og hæfni í viðskiptum. Stefnt er að því að konur í löndunum fimm myndi tengslanet sín á milli sem ætlað er til að efla þær sem eru annað hvort með hugmynd á byrjunarstigi eða jafnvel komnar af stað með fyrirtæki. Um prufuverkefni er að ræða og munu konur á Vestfjörðum, Austfjörðum og Norðurlandi vestra koma til með að geta sótt um þátttöku í verkefninu til að byrja með. Vonast er til að konur um allt land hafi möguleika á að verða hluti að tengslanetinu eftir að verkefninu lýkur eftir um það bil tvö og hálf ár. Fyrirhugað er að fræðsla muni hefjast haustið 2016.

Elin Gróa Karlsdóttir,  
forstöðumaður fyrirtækjasviðs Bygðastofnunar

# EITT MERKASTA ÚTIBÚ LANDSINS

Á FERÐALAGI SSF Á VORDÖGUM ÁRSINS 2015 HEIMSÓTTUM VIÐ EITT MERKASTA ÚTIBÚ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Á ÍSLANDI, ÚTIBÚ SPARISJÓÐS STRANDAMANNA Í NORÐURFIRÐI Í ÁRNESHREPPI. Útibúið á sér afar merkilega sögu, það telst til afskekktustu útibúa landsmanna, og rekstur og starfsemi þess hefur verið innan sömu fjölskyldunnar lengstan tíma sögu þess. Við heimsóttum Þórólf Guðfinnsson, eina starfsmann útibúsins, og móður hans Ágústu Sveinsbjörnsdóttur en hún var elsti félagsmaður SSF þar til fyrir um ári síðan er hún hætti að leysa af sem gjaldkeri útibúsins eftir langan og merkan starfsaldur.

## Á MEÐAL ELSTU FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA LANDSINS

Sögu útibúsins má rekja annars vegar til stofnunar Sparisjóðs Kirkjubóls- og Fellshreppa sem stofnaður var árið 1891 og hinsvegar Sparisjóðs Árneshrepps sem stofnaður var árið 1932. Í stofnsamþykkt Sparisjóðs Árneshrepps segir að ábyrgðarmenn skuli minnst vera 20 og hver þeirra ábyrgist með allt að 200 kr. svo að sjóðurinn geti staðið í skilum. Af ágóða sjóðsins skal greiða allan kostnað við stjórn hans og rekstur, en þann ágóða, sem kann að verða eftir skal lagður í varasjóð, sem standa átti straum af óvæntum útgjöldum. Þá segir þar einnig að ef meirihluti ábyrgðarmanna samþykkir á fundi, megi verja fé úr varasjóðnum til almenningsþarfa í Árneshreppi en þó ekki þannig að varasjóðurinn skerðist um meira en 15% af innistæðufé að viðbættu ábyrgðarfé. Íbúar Árneshrepps höfðu forgang að útlánum sjóðsins. Fyrstu stjórn sjóðsins skipuðu Guðjón Guðmundsson, hreppstjóri á Eyri og var hann formaður stjórnar, séra Sveinn Guðmundsson, prestur í Árnesi og Pétur Guðmundsson, oddviti í Ófeigsfirði og voru þeir tveir meðstjórnendur.

Á stjórnarfundum Sparisjóðsins árið 1933 var ákveðið að fyrst um sinn yrði aðsetur Sparisjóðsins í Árnesi og að séra Sveinn Guðmundsson myndi annast daglega afgreiðslu. Hann var því fyrsti sparisjóðsstjórinn og gegndi því starfi til ársins 1936.

Þá er ráðinn sparisjóðsstjóri Sigmundur Guðmundsson, bóndi í Árnesi og síðar á Melum, og gegndi því starfi til ársins 1943, þegar Guðjón Guðmundsson, hreppstjóri á Eyri, tók við starfi sparisjóðsstjóra. Guðjón starfaði allt til ársins 1971 en þá flutti hann brott af svæðinu. Um haustið það ár tekur Guðfinnur Þórólfsson, bóndi í Árnesi, við starfi sparisjóðsstjóra.

Guðfinnur var faðir Þórólfs og gegndi starfi sparisjóðsstjóra þar til hann lést 1981. Þá tók Þórólfur við starfinu og var sparisjóðsstjóri til ársins 1999 en þá sameinaðist Sparisjóður Árneshrepps við Sparisjóð Strandamanna en hann varð til árið 1995 eftir að nafni Sparisjóðs Kirkjubóls- og Fellshreppa varð breytt. Sjóðurinn er í dag á meðal elstu fjármálafyrirtækja í landinu.

## STARFSEMIN LENGST AF INNI Á HEIMILINU

Ágústa Sveinsbjörnsdóttir og Þórólfur unnu bæði í útibúinu sem þá var staðsett á heimili þeirra frá árinu 1971. Ágústa lét af störfum fyrir um ári síðan en Þórólfur starfar þar enn en útibúið er nú í sérhúsnæði í um 15 metra fjarlægð frá heimili þeirra í Norðurfirði. „Ég var bara 16 ára gamall og faðir minn hafði tekið að sér sparisjóðsstjórastarfið eftir að búið var að semja við mig um að annast allan daglegan



Ágústa og Þórólfur, sonur hennar, á heimili þeirra í Norðurfirði.

rekstur og umsýslu. Hann var nánast að „leppa“ mig, vegna æsku minnar“ segir Þórólfur.

Árið 1971 flytur Sparisjóður Árness í Árnesið frá Eyri við Ingólfsfjörð en þá er fólk farið að flytja þaðan. Það ár flytur útibúið inn á heimili þeirra Ágústu og Guðfinns. Útibúið flytur svo með þeim árið 1982, eftir að Guðfinnur deyr, í Norðurfjörð þar sem þau mæðginin búa nú.

Þegar Ágústa er spurð að því hvenær hún byrjaði í bankaþjónustunni svarar hún því til að „þetta hafi bara verið inni á heimilinu“ og því hafi hún í raun ekki haft neitt val. „Já, þetta var bara í einu herbergi í stofunni hjá okkur, þá voru engar tölvur eða neitt slíkt“ segir hún. Á þeim tíma var enginn fastur afgreiðslutími og viðskiptavinir komu í bankann á hvaða tíma dags. „Það var nú eiginlega verst þegar þeir voru að koma á matartímunum og maður var með fullt af fólki“ segir Ágústa. Hún segir bankaþjónustu þess tíma hafa verið allt öðruvísi og sumir viðskiptavinir voru að koma oft í viku. Þórólfur segir að fólk hafi jafnvel verið að koma á kvöldin og um helgar „enda voru ekki neindir tékkareikningar á þeim tíma, þá voru bara sparisjóðsbækur, allt handskrifað inn í þær.“ Hann bætir því við hlæjandi að þá „voru engir ferðamenn að droppa inn í gjaldeyri.“ Það voru því engir aðkomumenn sem komu til að fá þjónustu, eingöngu bændur og aðrir íbúar svæðisins. Þórólfur segist ekki hafa þekkt annað aðspurður að því hvort það hafi ekki verið sérstakt sem ungur drengur að hafa bankaþjónustu inni á heimilinu og fólk þar að sýsla með peninga. Ágústa bætir því við að þetta hafi verið allt í lagi „við höfðum stórt heimili og þá munaði mann ekkert um það þó svo að það kæmu einn, tveir eða þrír til viðbótar, það var alltaf nóg til. Þetta var bara daglegt brauð hér, þeir komu til einhverra viðskipta og fengu alltaf kaffi og með því.“

## RAFMAGN- OG TÖLVUBYLTINGIN

„Rafmagn kemur hingað frá samveitu um miðbik áttundu áratugar, en það hafði þá verið á allflestum bæjum, bara heimilisrafstöðvar. Það er svo upp úr 1990, þá náum við tölvusambandi. Það var ekkert



„online“, heldur skráð inn og sent að kvöldi“ segir Þórólfur. Hann segir að fyrst hafi netið verið keyrt á heimasímalínunni, en svo kom þessi „svokallaða háhraðanetvæðing“. Hann segir netið hjá þeim enn töluvert hægvirkara en á flestum öðrum stöðum landsins.

Þórólfur hefur séð um afstemmingar fyrir Sparisjóð Strandamanna undanfarin ár og er vel meðvitaður um að það sé sjálfsagt því að þakka að enn er útibú í Árneshreppi. Hann bjó sjálfur til bókhaldsforrit í tölvunni heima hjá sér. „Ég var búinn að keyra Sparisjóðinn hér í nokkur ár, tölvukeyra bókhaldið fyrir hann, áður en við fengum hér tölvusamband. Ég smíðaði forritin sjálfur og keyrði þau í nokkur ár. Ég hef áhuga á þessu og hafði góðan stuðning frá bróður mínum, sem er tölvunarfræðingur“ segir Þórólfur. Bróðir hans, Sigurjón Guðfinnsson heitinn, vann í mörg ár hjá Reiknistofu bankanna sem tölvunarfræðingur. „Ég bjó til bókhaldsforrit sjálfur og leitaði til hans til upplýsinga, tungumálakunnátta mín er t.d. afskaplega lítil. Það er gaman að tala um það að ég hafi keyrt bankann á eigin tölvukerfi og gaman þegar þeir komu fyrst frá Bankaefirlitinu, þegar ég var byrjaður á þessu. Þeir töldu það algerlega útilokað að þetta væri rétt, að einhver ómenntaður gemsi út í sveit gæti gert þetta. Þeir vildu fá allskonar útkeyrslur til þess að sjá hvort þetta ynni rétt“ segir hann. Bankaefirlitið kom þá einu sinni á ári og fór yfir afstemmingar og athuguðu hvort allt væri til staðar, víxlar, skuldabréf og þessháttar. Hann segir að Bankaefirlitið hafi tekið út forritið og séð að allt hafi virkað. Forritið fékk aldrei nafn og var svo lagt til hliðar þegar Sparisjóðurinn fór að keyra allt í gegnum Reiknistofu bankanna.

### SVOKALLAÐ „SVEITAFÍFL“

Þórólfi er margt til lista lagt og hefur tekið að sér ýmislegt fleira en að smíða bókhaldsforrit og annast bankaþjónustu. Hann er mjög handlaginn og gerir við dráttarvælar fyrir bændur, annast pípulagnir og ýmislegt fleira. „Ég hef svosem oft þurft að redda ýmsu, eins og rafmagni, línuviðgerðum og lent í viðgerðum fyrir Símann, tengja saman strengi. Svo er maður alltaf að ditta að vélum og tækjum“ segir Þórólfur. Ágústa segist telja að hann hafi verið í öllu sem hægt er að vera í í Norðurfirði, „maður kemur víða við“ bætir Þórólfur við. „Til skamms tíma hafa allar sveitir átt svokallað „sveitafífl“ og ég leik það hlutverk hér ágætlega, því ég þarf ekki einu sinni að leika það“ segir hann og hlær.

### LOKAÐ Í FYRSTA SINN AF ÓVIÐRÁÐANLEGUM ORSÖKUM

Fyrir um ári síðan lenti Þórólfur í óhappi þegar hann fékk vír úr vírbursta í augað, tæpan sentimetra á lengd. Vírinn sat fastur í auganu í um 12 tíma þar til búið var að flytja hann suður og taka hann úr. Hann var sóttur með sjúkraflugi en færðin torveldaði flug fram eftir degi. Aðspurður sagðist hann nú ekki hafa fundið mikið fyrir þessu fyrr en það fór að blæða inn á augað. Vírinn var á endanum fjarlægður en í kjölfarið býr Þórólfur nú við skaddaða sjón. Í kjölfarið á slysinu var það í fyrsta skipti sem útibúinu var lokað vegna veikinda eða annarra óviðráðanlegra orsaka en þetta var í fyrsta sinn sem Ágústa treysti sér ekki til að leysa hann af. „Ég fór þann 19. desember og kom ekki heim fyrr en um áramót með flutningabíl til Hólmavíkur og bóndinn á Melum sótti mig þangað. Það er reynt að opna veginn frá Hólmavík að Gjögri tvisvar í viku fram að áramótum og það slapp til, þannig að ég komst heim. Eftir áramót og fram til vors er vegurinn frá Hólmavík að Gjögri ekki mokaður nema endrum og eins, og þá aðeins ef um lítinn snjó er að ræða“ segir Þórólfur sem komst á endanum til síns heima og opnaði útibúið á ný. „Ég var því ein þessi jól“ segir Ágústa.



Þórólfur í afgreiðslu útibússins í Norðurfirði.

### GERA RÁÐ FYRIR LOKUN

Við ræddum við þau mæðginin um lokun bankaútibúa og stöðu útibússins í Norðurfirði. Þórólfur er fullviss um að það væri búið að loka útibúinu ef að hann sæi ekki um afstemmingarnar fyrir Sparisjóðinn. „Á meðan það er hægt að nýta mig í annað þá hefur það borgað sig að vera með útibúið opið. Ég veit ekki hvort það myndi breyta neitt rosalega miklu þó svo að það yrði lokað hér, nema þá sem snýr að því að útvega reiðufé. Hér er erfitt að halda úti hraðbanka öðruvísi en að einhver sjái um hann. Þetta er svo afskekkt að það er ekki hægt að komast héðan stóran hluta ársins. Ég held að útibúið verði hér opið næstu árin en ekki til eilífðarnóns“ segir Þórólfur.

Að því berst talið til lokunar útibúa á landinu sem þau segja að hafi áhrif á sig tilfinningalega. Ágústa segir það voðalegt að heyra af ítrekuðum lokunum bankaútibúa og segir það sama einnig eiga eftir um almenna þjónustu. „Opinber þjónusta er að leggjast svo mikið af á smærri stöðum, það er verið að loka póstafréiðslum, útibúum og verslunum. Það er það sem fer ekkert vel í mann að heyra, hvernig allt er að fara“ bætir Ágústa við.

### GÓÐUR YFIRMAÐUR

Talið berst að því hvernig það hafi verið að vinna fyrir son sinn sem hún býr jafnframt með. Hún segir að það hafi alltaf gengið vel sem og samskiptin við sparisjóðsstjóran á Hólmavík. „Hann Þórólfur hefur verið sæmilegasti yfirmaður“ segir hún og hann bætir því hlajandi við að hann telji sig aldrei hafa misbeitt valdi sínu. Hún tekur undir það. Á síðustu árum hefur hún átt erfiðara með gang og því „erfiðara fyrir mig að sinna þessu vegna tölvukerfanna, þar sem ég þarf þá að fara út úr húsi. Ég hef aldrei haft áhuga fyrir tölvum. Ég hef bara verið í henni í Sparisjóðnum, fer aldrei í tölvuna hans Þórólfs hérna heima. Mér fannst verst þegar alltaf var verið að breyta hinu og þessu í kerfunum, það var alltaf að koma eitthvað nýtt. Mér hefur samt gengið vel að tala við þá ef mig vantaði aðstoð, þá hjá Þekkingu, og það tókst alltaf að gera mig skiljanlega.“

Í lok heimsóknarinnar var að sjálfsgöðu ekki annað hægt en að skoða útibúið sjálft og sveitina eftir miklar kaffiveitingar á heimili þeirra mæðgina, en ritstjóra SSF fannst ansi tilkomumikið að ferðast um Árneshrepp og fræðast um lífið þar. Ekki skemmdi svo fyrir ferðalaginu að skella sér í hlýja Krossneslaug skammt frá Norðurfirði sem er fallega staðsett, við sjávarsíðuna, áður en heim var haldið.

Heimild: Gjörðabók Sparisjóðs Strandamanna, birt í 2. bindi ritraðarinnar Strandir. Útgefandi: Búnaðarsamband Strandamanna, árið 1985.

# ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF – SSF OG NFU

SSF ER AÐILI AÐ NORRÆNUM SAMTÖKUM STARFSMANNA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA NFU (NORDIC FINANCIAL UNIONS). Aðilar að þeim ásamt SSF eru samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Hlutverk samtakanna snýr að hagsmunabaráttu fyrir þá 150.000 félagsmenn sem tilheyra samtökunum í gegnum aðildarfélög NFU. Hagsmunasamtökin standa vörð um réttindi starfsmanna í Norðurlöndunum gagnvart ESB reglugerðum, veitir mikinn stuðning í kjaradeilum, einkum með því að tryggja aðgang að öflugum verkfallssjóði og sinnir fræðslu – og tengslamyndum innan Norðurlandanna fyrir félagsmenn og aðildarfélög.

Við hittum Arvid Ahrin, framkvæmdastjóra NFU, en hann var ráðinn framkvæmdastjóri samtakanna um miðbik ársins 2013 en hafði starfað hjá samtökunum um nokkurt skeið áður en hann tók við þeirri stöðu. Arvid var svo vingjarnlegur að setjast niður með okkur þrátt fyrir miklar annir og fara yfir starf NFU og samstarfið við SSF.

## NFU

„Meginhlutverk NFU er að sinna hlutverki sínu sem hagsmuna- og regnhlífasmöt norrænu aðildarfélaganna. Það felur í sér að halda upp samskiptaneti og samstarfi milli NFU og aðildarfélaganna annarsvegar og aðildarfélaganna sín á milli hinsvegar. Það er upphafspunkturinn í meginhlutverki samtakanna en í framkvæmd er þetta hlutverk með fjölbreyttum hætti“ segir Arvid.

## HAGSMUNAVARSLA

Hinn daglegi rekstur NFU snýst þó meira um hagsmunavörslu, þ.e. að vera umsagnaraðili og þrýstihópur gagnvart regluverki í ríkjum aðildarfélaganna. „Stjórn NFU hefur ákveðið að leggja sérstaka áherslu á þennan þátt þar sem undanfarin fimm ár hafa gríðarlega miklar reglugerðar- og lagabreytingartillögur verið lagðar fram sem snúa að fjármálamarkaðnum og snertir starfsfólk þess með einum eða öðrum hætti.“ Hann segir að höfuðáherslan þar sé að gæta að hagsmunum félagsmanna og þrátt fyrir að Ísland sé ekki í ESB, líkt og Noregur, þá taka reglugerðirnar einnig til Íslands og því ekkert síður mikilvægt að hafa öflugan málsvara í hagsmunagæslu. Hann segir að samtökin hafi náð miklum árangri í að gæta að þessum hagsmunum t.a.m. gagnvart vernd starfsmanna þegar kemur að „whistle blowing“. Hann nefnir það dæmi þar sem það er nýlegt og snýr beint að hagsmunum starfsmanna, „eykur aðhald að fjármálageiranum og miðar að því að hjálpa til við fjármálastöðugleikann, það er því til alls að vinna í þessu tilvik“.

„Okkar vinna hefur haft mikil áhrif á íslenska félagsmenn. Öll aðildarfélögin eiga t.a.m. það sameiginlegt að semja um kjarasamninga. Um þetta er tekist á innan Evrópusambandsins í dag, sérstaklega eftir efnahagskrísuna, málefni sem snúa að bónusgreiðslum og hvatagreiðslum sem leiddu til mikillar áhættutöku. Evrópusambandið vill mæta þessum vanda og setja lög á launa- og kjaragreiðslur sem gengur gegn sammingsfrelsi aðildarfélaganna og myndi hefja það mjög mikið, og það gengur gegn einum helstu hlutverkum stéttarfélaganna“ segir hann. Aðspurður að því hvort regluverkin snúi að því að banna eða setja þak á bónusgreiðslur segir hann að „þetta er mjög svo tæknilegt atriði, við erum auðvitað sammála því að það getur verið skaðlegt að greiða mjög háar bónusgreiðslur eftir

óljósum árangurstengingum sem leiðir til óskynsamlegrar áhættutöku því áhættan er oftast á endanum hjá hinum almennu starfsmönnum fjármálafyrirtækjanna sem þurfa að takast á við afleiðingarnar. Við erum engu að síður ekki sammála því að lausnin sé að setja þak á árangurstengd laun. Þess vegna þurfum við að finna lausnir sem draga úr áhættunni en leiðir ekki til skerðingar á samningafrelsinu“.

## EFLING TENGLANETSINS

„Það er mikilvægt, að við í NFU höldum áfram að efla samstarf innan aðildarfélaganna með því að boða til ráðstefna og að þinga um ákveðin málefni. Þannig getum við verið samtaka í því að takast á við nýjar áskoranir og vinna sameiginlega að því að taka framfararskref. Að flestu leiti glíma aðildarfélögin við sömu áskoranirnar og við getum mætt þessum samnorænu áskorunum með auknu samstarfi, aukinni fræðslu og þjálfun, aukinni upplýsingagjöf og öflugra tengslaneti“ segir Arvid.

## „SSF HEFUR MJÖG STERKA RÖDD“

„Samvinnan og samskiptin við SSF eru alltaf ánægjuleg og góð. SSF hefur mjög góðan alþjóðafulltrúa, Önnu Kareni, sem er mjög virk innan samtakanna. Hún hefur talað mjög skýrt um helstu forgangsmál íslensku samtakanna og við vinnum náið saman. SSF hefur mjög sterka rödd innan NFU og hefur verið mjög virkur þátttakandi í starfinu. SSF er mun virkari þátttakandi en sum fjölmennari aðildarfélögin“ segir Arvid.

Hann segir að Ísland sé alltaf ofarlega í huga stjórnarmanna og ýmissa fulltrúa aðildarfélaganna. „Stjórnarmenn NFU eru sérstaklega hrifnir af ferðum okkar til Íslands, landið og gestrisnin er eitt og svo það að allt er gríðarlega vel undirbúið og skipulagt. Ísland er einstakt og gjörólíkt öðrum ríkjum aðildarfélaganna, sá karakter sem fólkið og landið býr yfir er einstakur, lýðræði er sterkt í landinu og reynsla landsmanna af fjármálakreppunni er okkur dýrmæt. Ég held að við höfum ekki gert nóg í því að læra af reynslu ykkar og hvernig þjóðin tókst á við vandann, þetta er dýrmæt þekking innan NFU en þó viljum við ekki dvelja of mikið í fortíðinni heldur horfa fram á við og marka stefnu til framtíðar, byggða á reynslu fortíðarinnar.“

## STRANDAGLÓPAR VEGNA EYJAFJALLAJÖKULS

Árið 2010 var haldin ráðstefna á vegum NFU á Íslandi. Þar kom fjöldi fulltrúa frá öllum aðildarfélögum NFU. Arvid segir þá ferð vera einna eftirminnislegasta af ferðum sínum á vegum NFU, „ég gæti rætt þá ferð í marga daga, algjörlega ógleymanlegt“. Hann segir þessa ferð vera ennþá heilmikið í umræðunni, „eins og þið vitið þá lá allt flug niðri eftir að eldgosið hófst (Eyjafjallajökull), um leið sá ég að hópurinn skiptist í þrjá hópa; hópur eitt var mjög reiður og taldi þetta fullkomlega ósættanlegt og vildi að ég gerði eitthvað í málinu, þau þurftu að komast heim og var sama hvað ég þyrfti að gera til þess, ég þyrfti bara að gera það. Það var auðvitað mjög kjanalegt því augljóslega var ekkert við þessu að gera en ég bauðst þó til að leigja kajak og bauð þeim að róa heim. Hópur tvö var áhugalaus hópurinn sem beið við tölvuskjáið eftir því að verða kallað um bord í flugvélinu, gerði ekkert annað, en hópur þrjú gerði gott úr þessu og naut dvalarinnar á meðan á þessu ástandi stóð. Á endanum leystist þetta þó allt vel og allir fóru ánægðir heim, við vissum auðvitað ekki



hversu lengi við yrðum hérna. Í hreinskilni sagt var ég farinn að sjá fyrir mér að verða hér á landi jafnvel í talsverðan tíma og leiddi hugann að því að setja hér upp skrifstofu, jafnvel lítið kaffihús. Á endanum varð ég fyrir vonbrigðum með að þetta skyldu einungis verða fjórir dagar, þar sem ég var farinn að venjast þeirri tillugsun að dvelja hér

í eitthvern tíma og sá ekkert vandamál við það.“ Aðspurður hvort þessi reynsla geri það að verkum að NFU hugsi sig tvisvar um þegar Ísland kemur til greina sem ráðstefnustaður segir hann svo ekki vera, „það kemur ekki til greina, þetta var frábært lífsreynsla og allir fóru mjög glaðir héðan“.

# NFU ER MIKILVÆGT BAKLAND

**FRÁ ÁRINU 2002 HEFUR ANNA KAREN HAUKSDÓTTIR VERIÐ FORMAÐUR STARFSMANNAFÉLAGS ÍSLANDBANKA (SÍ) OG STARFSMAÐUR SKRIFSTOFU FÉLAGSINS.** Þar hefur hún haft yfirumsjón með trúnaðarstarfi félagsins, orlofshúsarekstri og almennu félagsstarfi. Hún er jafnframt varaformaður SSF og sér um alþjóðasamskipti samtakanna.

## **SAMVINNA OG UPPLÝSINGAMIÐLUN HEFUR ALDREI VERIÐ MIKILVÆGARI**

„Eftir að ég byrjaði að starfa að starfsmannamálum bauð ég mig fram í stjórn Samtaka starfsmanna fjármálfyrirtækja (SSF) enda starf starfsmannafélags nátengt starfsemi SSF. Ég hef brennandi áhuga á öllu sem viðkemur starfsumhverfi félagsmannsins. Ég byrjaði í stjórn SSF á þingi samtakanna árið 2004 og er nú 1. varaformaður. Frá árinu 2009 hef ég einnig setið í framkvæmdastjórn Nordic Financial Unions (NFU), þar tók ég við góðu kefli af Friðberti Traustasyni, formanni SSF, sem hafði sinnt því til fjölda ára“ segir Anna Karen. Í NFU eru félög frá fimm aðildarlöndum sem verja hagsmuni 150 þúsund félagsmanna.

Í stjórn NFU sitja 1-2 fulltrúar frá hverju norrænu félagi, eftir félagafjölda og uppbyggingu, stjórnin fer með almennan rekstur NFU og stýrir samtökunum á milli miðstjórnarfunda. Miðstjórnin fer með æðsta vald samtakanna og þar situr í stjórn ásamt Önnu, Andrés Erlingsson, 2. varaformaður SSF. Innan miðstjórnar eru teknar ákvarðanir um ramma starfseminnar, farið yfir ársreikninga og stefnu og strauma samtakanna. Framkvæmdastjórn ber svo ábyrgð á starfi og pólitísku samstarfi á milli miðstjórnarfunda. Arvid Ahrin, framkvæmdastjóri NFU, og starfsmenn skrifstofu NFU bera ábyrgð á að framfylgja daglegu starfi NFU og samskiptum við norðurlöndin, félögin og ESB.

Anna Karen segir að það hafi verið mjög fræðandi og gefandi að starfa að þessum málum og hún gerði sér fljótt grein fyrir mikilvægi norræna samstarfsins. „Í kjölfar efnahagshruns árið 2008 hefur samvinnan og upplýsingamiðlun aldrei verið mikilvægari og NFU er góður vettvangur til að deila reynslu og skiptast á upplýsingum, þá er ekki hægt að horfa fram hjá því hve mikilvægt bakland er í öflugum verkfallssjóði NFU, ef til vinnustöðvunar kemur í aðildarríki samtakanna.“

## **HAGSMUNAVARSLA OG TENGLANET**

„Norræna tenglanetið innan NFU er mjög verðmætt, hagsmunavarsla gagnvart ESB reglugerðum og ein sterk norræn rödd er mikilvæg nú þegar fleiri reglugerðar- og lagabreytingartillögur eru lagðar fram sem snúa að fjármálamarkaðnum“ segir Anna.

Hún segir að NFU beiti sínum áhrifum með samræðum og með umsögnum og tillögum að breytingum á frumvörpum sem lögð eru fram. „Þar berum við öll sameiginlega ábyrgð að láta lagaramma og

kjarasamninga vinna saman á gagnsæjan og skilvirkan hátt til góðs fyrir félaga okkar, fyrirtæki og samfélagið í heild.“

## **STRANDAGLÓPARÁÐSTEFNAN OFARLEGA Í HUGA**

NFU stendur fyrir ýmsum fundum og ráðstefnum á norðurlöndunum og ein eftirminnilegasta ráðstefnan, að margra mati, var haldin hér á landi í samstarfi við SSF í apríl árið 2010. Viðfangsefni fundarins voru nýjar áskoranir og breytt fjármálaumhverfi. Aðal ræðumaður fundarins var Philip Jennings, framkvæmdastjóri UNI Global Union, sem eru regnhlífasmötök stéttarféлага sem NFU er aðili að og verja þau hagsmuni 20 milljón starfsmanna í ýmsum starfsgreinum í öllum heimsálfum. „Á seinni degi ráðstefnunnar hófst gosið í Eyjafjallajökli sem varð til þess að flug raskaðist og urðu um 100 fundargestir okkar strandaglópar í nokkra daga. Það var áhugavert að sjá hvernig kollegar okkar tóku með ólíkum hætti á þeim óþægindum sem náttúruhamfarirnar ullu. Sumir fylltust skelfingu á meðan aðrir nutu þess að vera hér og kynntu sér betur land og þjóð. Nokkrir ráðstefnugesta og þar með strandaglópar komu sem gestir mínir á árhátíð starfsmanna Íslandsbanka sem haldin var tveimur dögum eftir fundinn og skemmtu sér konunglega. Einn af þeim var Philip Jennings sem gerði sér lítið fyrir og rissaði upp eftirminnilega ræðu í snarheitum á servíettu sem fjallaði um 100 strandaglópa á vegum SSF. Þessa strandaglópa yrðum við Íslendingar að ætteleiða þar sem ekkert flug væri fyrirhugað frá eyjunni. Enn í dag er ráðstefnan ofarlega í huga Philip's en hann eðli starfs síns samkvæmt ferðast víða um heiminn, en þessi ferð ber ávallt á góma þegar ég hitti hann sem og uppáhalds eyjan hans.“



*Michael Budolfson, formaður NFU, Anna Karen Hauksdóttir, alþjóðafulltrúi SSF og meðstjórnandi NFU og Arvid Ahrin, framkvæmdastjóri NFU.*



Forritarar  
framtíðarinnar

# 11 MILLJÓNIR VEITTAÐAR Í STYRKI TIL SKÓLA

- FORRITARAR FRAMTÍÐARINNAR EFLA TÆKNI- OG  
FORRITUNARKENNSLU Í GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLUM

ÚTHLUTAÐ VAR ÚR SJÓÐNUM FORRITARAR FRAMTÍÐARINNAR FYRIR ÁRIÐ 2015 Í UPPHAFI OKTÓBER SL. Í ÁR BÁRUST SJÓÐNUM ALLS 42 UMSÓKNIR, FLESTAR FRÁ GRUNNSKÓLUM. Virði styrkjanna er samtals ríflega ellefu milljónir króna. Styrkirnir eru í formi tölvubúnaðar og þjálfunar kennara til forritunarkennslu fyrir nemendur. Styrkirnir skiptast að þessu sinni á milli sextán skóla: Egilsstaðaskóla, Grunnskóla Reyðarfjarðar, Hrafnagilsskóla, Glerárskóla, Brekkuskóla, Árskóla, Grunnskólans austan Vatna, Hólabrekkuskóla, Hlíðaskóla, Laugalækjaskóla, Árbæjarskóla, Vættaskóla, Rimaskóla, Hagaskóla, Foldaskóla og Grunnskóla Ísafjarðar.



Guðmundur Tómas Axelsson

Í skýrslu evrópska skólanetsins (European Schoolnet) frá því í október 2014 kemur fram að forritun er í auknum mæli að verða lykilmæli sem allir skólakrakkar ættu að tileinka sér á einn eða annan hátt. Auk þess sem þessi færni er orðin mjög mikilvæg á vinnumarkaði í hinum ýmsu greinum. Forritun er þar skilgreind sem rökhugsun sem er orðin ein mikilvægasta færni tuttugustu og fyrstu aldarinnar. Í skýrslunni kemur einnig fram að kennarar hafa almennt ekki verið nægilega vel undirbúnir fyrir að forritun sé sett á námskrá.

Í þessari úthlutun fengu rúmlega 100 kennarar þjálfun til að kenna forritun og verða 75 tölvur afhentar. Þjálfun kennara skiptir miklu máli því þar styður sjóðurinn einna best við innviðina í skólunum þar sem hún yfir undir áhuga á forritun- og tæknimenntun innan skólanna auk þess að auka og byggja upp þekkingu. Þörf fyrir góðar tölvur er mikil í skólakerfinu en ekki er óalgengt að skólar landsins notist við 6-8 ára gamlar vélar í kennslu, jafnvel eldri, vélar sem segja má að séu orðnar úreltar.

Þess ber að geta að skólarnir sem fengu styrk að þessu sinni skuldbinda sig til þess að setja forritun á námskrá í að minnsta kosti 2 ár. Þessi skuldbinding tryggir að jafnt stúlkur og drengir fái kennslu í forritun sem vonandi skilar sér til lengri tíma í fjölgun kvenna í tæknigeiranum.

Í skýrslu sem unnin var af starfshópi á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtaka iðnaðarins kemur fram að Ísland stendur frammi fyrir skorti á tæknimenntuðu fólki en samkvæmt henni útskrifast um 500 manns á ári af raungræna- og tæknisviðum Háskóla landsins á meðan þörfin

er um 1.000 manns. Sjóðurinn Forritarar framtíðarinnar var að hluta til stofnaður til þess að mæta þessari þörf en hann hóf starfsemi sína í byrjun árs 2014. Megin hlutverk sjóðsins að efla forritun- og tæknimenntun í grunn- og framhaldsskólum landsins. Skólar og sveitarfélög geta sótt um styrki úr sjóðnum til að efla tæknikennslu og notkun á tækni í skólastarfi og fá til þess þjálfun og tækjabúnað, allt eftir þörfum hvers og eins. Þetta er í þriðja sinn sem úthlutað var úr sjóðnum. Árið 2014 var úthlutað styrkjum að verðmæti átta milljónir króna. Samtals hefur því sjóðurinn úthlutað virði tæpra 20 milljóna króna í styrki til skóla árin 2014 og 2015.

## FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

Guðmundur Tómas Axelsson, stjórnarmaður í Forriturum framtíðarinnar, segist ánægður með viðtökurnar sem sjóðurinn hefur fengið og þann fjölda umsókna sem hafa borist. Við erum stolt af því að hafa náð að úthluta styrkjum að verðmæti 20 milljóna á fyrstu tveimur starfsárum hans. Við höfum fengið til samstarfs við okkur góða hollvini, bæði einkafyrirtæki sem og Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samtök iðnaðarins sem sýnir okkur hvernig atvinnulífið og hið opinbera geta unnið saman á farsælan hátt. Starf sjóðsins skiptir skólana greinilega miklu máli. Styrkirnir hafa komið af stað snjóboltaáhrifum og má nefna að skóli á Vestfjörðum sem fékk úthlutað í fyrra og fór á fullt í að innleiða forritun í skólanum smitaði aðra skóla í nágrennabæjum sínum sem fóru líka af stað.

## ÓMETANLEGUR STUÐNINGUR

Kjartan Kjartansson, skólastjóri Kirkjubæjarskóla, fékk úthlutað úr sjóðnum árið 2014. Hann segir að „fyrir Kirkjubæjarskóla er





Þessi stuðningur ómetanlegur. Hann hjálpar okkur að vekja áhuga nemenda á forritun og þar með víkka sjóndeildarhring þeirra þegar kemur að tækni og þeim möguleikum sem forritun hefur upp á að bjóða.“

#### FORRITUN ER NÁM TIL FRAMTÍÐAR

Anna María Þorkelsdóttir, kennari og UT/náms- og kennsluráðgjafi í Hólabrekkuskóla sem fékk styrk úr sjóðnum Forritarar framtíðarinnar sl. október segir að Hólabrekkuskóli hafi „reynt að innleiða nýja tækni og nýjar kennsluáðferðir miðað við þann búnað og þá þekkingu sem til staðar er. Á tækniöld er ljóst að skólar þurfa aðgang að tækjabúnaði sem hentar miðað við nýjar áherslur og þar sem að í ljós hefur komið að takmarkaður aðgangur að þeim tölum sem fyrir eru í skólanum hefur hamlandi áhrif á þróunina, fögnum við því að fá þennan góða styrk. Við höfum fulla trú á að forritun sé nám til framtíðar og hlökkum til að geta gert alla kennara að færum forritunarkennurum og nemendum tækifæri til að verða að forriturum framtíðarinnar.“

#### LEIÐIR TIL NÝSKÖPUNAR OG HAGNÝTRAR ÞEKkingAR

Ásta Ásgeirsdóttir, skólastjóri Grunnskóla Reyðarfjarðar, sem einnig fékk styrk á þessu ári, segir þetta vera „sannkallað gleðiefni fyrir okkur í Grunnskóla Reyðarfjarðar. Við hlökkum mikið til að takast á við þetta verkefni og nýta okkur þá tækni sem forritun býður upp á með fjölbreyttum hætti í kennslu ólíkra námsgreina. Teljum við



að verkefnið leiði til nýsköpunar og hagnýtrar þekkingar og veiti nemendum tækifæri til að þróa búnað og forritun við hin ýmsu verkefni sem unnin eru í daglegu skólastarfi.“

#### HOLLVINIR SJÓÐSINS

Að sjóðnum koma fyrirtæki og stofnanir af öllum stærðum og gerðum. Þau leggja honum lið með fjármagni og tæknibúnaði. Hollvinir sjóðsins eru Nýherji, Íslandsbanki, Landsbankinn, RB (Reiknistofa bankanna), CCP, Cyan veflausnir, Össur, Icelandair, Síminn, Advania, Samtök iðnaðarins og Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Stofnaðilar sjóðsins eru RB og Skema.

# LEIÐANDI STÉTTARFÉLAG

SSF ER Í FORYSTU VIÐ GERÐ KJARASAMNINGA SEM TRYGGJA GÓÐ RÉTTINDI OG KJÖR FÉLAGSMANNA. STÉTTARFÉLAG SEM TRYGGIR GOTT SAMSTARF VIÐ ATVINNUREKENDUR, AÐILDARFÉLÖG OG TRÚNAÐARMENN MEÐ HAG FÉLAGSMANNA AÐ LEIÐARLJÓSI.

## ÞESS VEGNA ÆTTIR ÞÚ AÐ VERA Í SSF:

- C LAUNA- OG VIÐHORFSKANNANIR**  
LAUNAKANNANIR GEFA RAUNHÆFA MYND AF LAUNAKJÖRUM MEIRIHLUTA FÉLAGSMANNA. SKÝRAR UPPLÝSINGAR OG SAMANBURÐUR VIÐ LAUN ANNARRA Á AÐGENGILEGRI REIKNIVÉL Á WWW.SSF.IS
- C HÆRRI LAUN Í FÆÐINGARORLOFI OG FJÖLSKYLDUVÆNN VINNUTÍMI**  
TRYGGIR FASTRÁÐNUM STARFSMÖNNUM Í FÆÐINGARORLOFI FULL LAUN UPP AÐ HÁMARKS LAUNAVIÐMIÐI FÆÐINGARORLOFSSJÓÐS OG ALMENNT FJÖLSKYLDUVÆNAN VINNUTÍMA HJÁ FLESTUM FÉLAGSMÖNNUM.
- C RÁÐGJÖF VIÐ FÉLAGSMENN**  
UPPLÝSINGAR UM RÉTTINDI OG SKYLDUR OG AÐSTÖÐ VIÐ TÚLKUN KJARASAMNINGA. STUÐNINGUR OG LÖGFRÆÐIADSTÖÐ VIÐ ÞÁ SEM ÞURFA AÐSTÖÐ VIÐ STARFSLOK EÐA VILJA LEITA RÉTTAR SÍNS VEGNA KJARA- OG RÉTTINDAMÁLA.
- C LÍFEYRISRÉTTINDI**  
HEFÐBUNDINN SAMTRYGGINGARSJÓÐUR (6+4%) OG 4+2% Í SÉREIGNARSJÓÐ. AÐ AUKI GREIÐA ATVINNUREKENDUR STRAX 2% Í SÉREIGNARSJÓÐ SEM HÆKKAR Í 7% EFTIR ÞRIGGJA ÁRA STARF.
- C VEIKINDARÉTTUR**  
FJÓRIR OG HÁLFUR TIL TÓLF MÁNUÐIR, EFTIR STARFSALDRI, FYRIR FASTRÁÐNA STARFSMENN. EINN MÁNUÐUR Á FULLUM LAUNUM OG ANNAR Á 50% LAUNUM FYRIR LAUSRÁÐNA.
- C LÁG FÉLAGSGJÖLD**  
EINUNGIS 0,7% AF GRUNNLAUNUM.
- C LÍF- OG SLYSATRYGGINGAR**  
FASTRÁÐNIR STARFSMENN ERU TRYGGÐIR ALLAN SÓLARHRINGINN HVAR SEM ER Í HEIMINUM.
- C STYRKARSJÓÐUR**  
GREIÐIR SJÚKRADAGPENINGA AÐ LOKNUM VEIKINDARÉTTI AUK STYRKJA VEGNA FORVARNA OG ENDURHÆFINGAR.
- C MENNTUNARSJÓÐUR**  
NIÐURGREIÐIR KOSTNAÐ VEGNA NÁMS ALLT AÐ HELMING NÁMSGJALDA VIÐ EININGAMETIÐ NÁM.



SAMTÖK  
STARFSMANNA  
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

